

# Í sparikjól með silfurgráar bylgjur

SÍÐUR 20 & 21 ▶

Viltu vinnna?
Sendu SMS skeytið BT UTS á númerið 1900 og þú gætir unnið. Við sendum þér spurningu. Þú svarar með því að senda SMS skeytið BT A, B eða C á númerið 1900.
Aðalvinningur er MEDION XXL tölva með 17" flatskjá!
99 kr/skeytið

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
16 janúar 2005 – 14. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Veffang: visir.is – Sími: 550 5000

## SUNNUDAGUR



**SAMIÐ Í NÆSTU VIKU** Garðyrkjubændur og fiskvinnslufyrirtæki eru uggandi vegna hækkunar á raforkuverði til þeirra. Ný raforkulög heimila ekki að dreifingarkostnaði til þeirra sé velt yfir á aðra notendur. Útlit er fyrir að ríkið taki á sig niðurgreiðsluna. **Sjá síðu 2**

**ÍSREAELAR KLIPPA Á ABBAS** Mahmoud Abbas tók við embætti forseta palestínsku heimastjórnarinnar í skugga ofbeldisverka Ísraela og Palestínumanna. Þá varð hann fyrir áfalli þegar tugir kjörstjórnarmanna sögðu af sér. **Sjá síðu 4**

**GJALDÞROTAMÁL Í SJÁLFHELDU** Skiptastjóri í gjaldþrotamáli Frjálsrar fjölmiðlunar óskaði eftir aðstoð lögreglu við rannsókn á sölu fyrirtækja í eigu félagsins skömmu fyrir gjaldþrot. Hann var ekki talinn hafa stutt beiðni sína nægilegum gögnum. **Sjá síðu 6**

### VEÐRIÐ Í DAG




**VONSKUVEÐUR SYÐRA OG KÓLNANDI** og gæti slegið í storm. Annars verður hvasst vestanlands en heldur hægari norðan- og austanlands. **Sjá síðu 4**

### DAGURINN Í DAG



**FJALLAÐ UM WAGNER** Klukkan tvö í dag flytur Jón Thoroddsen erindi á vegum Wagnerfélagsins í Norræna húsinu um kenningar þýska þjóðfélagsgagnrýnandans Theodors Wiesengrund Adorno og skoðanir hans á list Richards Wagner.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 30 | Myndlist | 30 |
| Tónlist | 30 | Íþróttir | 24 |
| Leikhús | 30 | Sjónvarp | 32 |

Meðallestur dagblaða
18-40 ára




Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallups nóvember 2004



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**SÖFNUNIN Í ALGLEYMINGI**
Geir H. Haarde fjármálaráðherra og tónlistarmaðurinn Dóri DNA röppuðu saman í sameiginlegri útsendingu sjónvarpsstöðvanna í lokaátaki söfnunarinnar Neyðarhjálp úr norðri. Þeir voru í hópi fjölmargra einstaklinga sem lögðu hönd á plóginn í beinni útsendingu.

# Segir slag ekki heppilegan

## Varaformaður Framsóknarflokksins segir að átök um embættið á flokksþingi væru óheppileg. Hann segist þó ekki óttast mótframboð.

**STJÓRNMÁL** Guðni Ágústsson, varaformaður Framsóknarflokksins, segir flokkinn ekki þurfa á átökum að halda á flokksþingi sem haldið verður í lok næsta mánaðar.

„Margir eru að gæla við þá hugsun að það komi mótframboð. Oft er það þannig þegar flokkar eiga á brattann að sækja að þá sé best að skipta um varaformann! Ég á nú ekki von á mótframboði og þótt það kæmi hræðist ég það ekki. Ég hef búið við þá gæfu síðustu árin – af því ég tek mark á Gallupkönnunum – að staða mín er mjög sterk meðal framsóknarmanna í landinu. Ánægja með mín störf hefur verið frá 83 prósentum og upp í 94 prósent,“ segir Guðni.

„Ég vil halda áfram að vera stýrimaður um borð á miklu aflaskipi Framsóknarflokksins og dreg mig ekki í hlé á meðan flokksmenn treysta mér. Átök við mig á þessu stigi væru mjög óheppileg, eins og staðan er núna. Við þurfum miklu frekar að standa saman á þessu þingi þar sem við ræðum málefni og mótum framtíð næstu ára, frekar en takast á við hvern annan innbyrðis.“

Guðni neitar því þó ekki að oft sé talað um einn af vélstjórunum í flokknum, Árna Magnússon félagsmálaráðherra, sem erfðaprins flokksins. „Það er allt annað mál. Við eigum ungt og efnilegt fólk í Framsóknarflokknum, þar á meðal vin minn Árna Magnússon, sem ég hef mikla trú á og bind miklar vonir við sem stjórnmálamann. Ég er ekkert að hugsa lengra en varaformanninum ber um þessar mundir og líður vel í því embætti, svo og í pólitík. Ég get vel hugsað mér að verða formaður flokksins ef svo ber undir, en bind ekki mína drauma við það. Árni Magnússon hefur gott af því að öðlast þroska eins og aðrir og lenda í stórsjó með reyndum mönnum áður en lengra er haldið. Það kann vel að vera að hann sé erfðaprins, en allir flokkar þurfa að eiga sér erfðaprinsa eða -prinsessur. Framsóknarflokkurinn býr vel hvað það varðar.“

- ás / Sjá síðu 18



GUÐNI ÁGÚSTSSON

### 110 milljónir gefnar í Neyðarhjálp úr norðri:

# Aldrei safnast meira

**NEYÐARHJÁLP** „Þetta er fram úr okkar björtustu vonum,“ sagði Elín Þ. Þorsteinsdóttir verkefnisstjóri um viðbrögð almennings við söfnuninni Neyðarhjálp úr norðri.

Íslendingar gáfu á annað hundrað milljónir króna til hjálpar- og uppbyggingarstarfs á hamfarasvæðunum í Asíu og Afríku. Um klukkan tíu í gærkvöld höfðu safnast 110 milljónir króna í söfnuninni, mest á meðan á beinni útsendingu sjónvarpsstöðvanna þriggja stóð.

„Ég held að þetta séu þau bestu viðbrögð sem við höfum upplifað í söfnun,“ sagði Elín og sagði ekki fara á milli mála að Íslendingar tækju höndum saman þegar nauðsyn krefði.

Söfnunin náði hápunkti í sameiginlegri útsendingu þriggja stóru sjonvarpsstöðvanna í gærkvöldi. Fyrr um daginn hafði fé verið safnað í verslunarmiðstöðvunum Kringlunni og Smáralind í Reykjavík og á Glerártorgi á Akureyri auk þess sem söfnunarsímar hafa verið opnir síðustu daga. Þar var boðið upp á skemmtiatriði og sjálfboðaliðar gengu um með söfnunarbauka.

- bþg

### Flugsamgöngur:

# Vikið frá flugbanni

**TAÍVAN, AP** Eftir meira en hálfrar aldar bann við beinu flugi milli Kína og Taívan geta ferðalangar loks flogið beint milli landanna í stað þess að þurfa að fljúga í gegnum þriðja land.

Stjórnvöld á Taívan bönnuðu beint flug milli landanna eftir að kommúnistar fögnuðu sigri í löngu og blóðugu borgarastríði árið 1949. Nú hafa stjórnir landanna hins vegar komist að samkomulagi um að milli 29. janúar og 20. febrúar megi fljúga 48 sinnum fram og til baka milli landanna. Með þessu á að auðvelda Taívönum sem vinna í Kína að komast heim og til baka í kringum kínversku áramótin. ■



**BEÐIÐ Á LESTARSTÖÐ**
Löng ferðalög geta reynt á fólk. Ferðalög milli Kína og Taívan verða mun þægilegri en áður, í það minnsta um skeið.

16
DAGAR EFTIR AF JANÚARTILBOÐI TOYOTA
Avensis
Tilboðsverð
2.220.000 kr.



TODAY TOMORROW TOYOTA

Póstsaga Íslands

**Báru út á aðfangadagskvöld**



SÍÐA 12 ▶

Tíu ár frá snjóflóði í Súðavík

**Sólin skín ekki jafn skært og áður**



SÍÐUR 14-17 ▶



## SPURNING DAGSINS

*Stefán, þurftirðu að semja nýjar spurningar á staðnum?*

**„Já, reyndar. Maður þarf greinilega að vera við öllu búinn.“**

Stefán Pálsson er dómari í Gettu betur, spurningakeppni framhaldsskólanna. Á föstudagskvöld þurfti 12 spurningar til í bráðabana áður en Fjölbrautaskólinn í Breiðholti bar sigurorð af Fjölbrautaskólanum í Garðabæ.

Íslendingar rannsaka hvað fór úrskeiðis:

# Þriggja daga spáin var vitlaus

**VEÐURFAR** Þriggja daga veðurspá fyrir Norðurlöndin, áður en óveðrið mikla skall á fyrir rúmri viku, var arfavitlaus. Veðurskilyrðin suðvestur af Íslandi voru önnur en komu fram á reiknilíkani Evrópsku veðurstofunnar, sem staðsett er í Englandi. „Villan er á okkar slóðum,“ segir Haraldur Ólafsson veðurfræðingur, sem vinnur að rannsókn á því hvað klikkaði, ásamt þremur öðrum vísindamönnum. Hann segir mælingar meira og minna sjálfvirkar. Upplýsingar fáist gegnum gervihnetti, háloftabelgi og flugvélar. „Líklegasta skýringin er að engin flugvél hafi verið á ferðinni þarna og gervitunglaathuganir gefa ekki nákvæmar upplýsingar um þversnið andrúmsloftsins. Það er líka inni í myndinni að líkönin hafi reiknað áhrif Grænlands vitlaust.“ Haraldur segir niðurstöður úr rannsókninni eiga að liggja fyrir í apríl, áður en ráðstefna Evrópska jarðvísindafélagsins verði haldin í Vínarborg.

- gun



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**HARALDUR ÓLAFSSON**
Haraldur segir líklega skýringu á því að þriggja daga veðurspá fyrir Norðurlöndin áður en skall á óveður fyrir rúmri viku sé að gögn hafi vantað frá flugvélum um veður.

Veðurstofustjóri:

# Eðlilegt að spár breytist

**VEÐURFAR** „Veðurspáin fyrir illviðrið í Skandinavíu stóðst ótrúlega vel og allar viðvaranir í sambandi við það voru góðar. Mér finnst það ekki frétt þó að þriggja daga spáin hafi ekki skilað sér,“ segir Magnús Jónsson veðurstofustjóri og segir spár oft breytast ótrúlega mikið frá degi til dags. Ef við færum að skoða það hér á Íslandi hversu stór hluti af þriggja daga veðurspám er vitlaus fengjum við háa prósentu,“ fullyrðir hann en fagnar því að gerðar skuli rannsóknir sem miði að því að bæta spárnar.

- gun

## FLÓÐBYLGJAN



**YFIR 157 ÞÚSUND LÁTIN** Staðfest hefur verið að 157.705 létu lífið í ellefu ríkjum Suður-Asíu og Austur-Afríku í flóðbylgjunni á annan í jólum. Þeir skiptast svona eftir löndum.

| | |
|---|---|
| Indónesía | 110.229 |
| Sri Lanka | 30.920 |
| Indland | 10.714 |
| Taíland | 5.291 |
| Sómalía | 298 |
| Mjanmar | 90 |
| Maldíveyjar | 82 |
| Malasía | 68 |
| Tansanía | 10 |
| Bangladess | 2 |
| Kenía | 1 |

**455 ÚTLENDINGAR LÉTUST** Vitað er að 455 erlendir ríkisborgarar létust af völdum flóðbylgjunnar á annan í jólum. Því voru frá 35 ríkjum. Flestir voru þeir frá eftirtöldum ríkjum.

| | |
|---|---|
| Þýskaland | 60 látnir |
| Svíþjóð | 52 látnir |
| Bretland | 51 látinn |
| Bandaríkin | 37 látnir |
| Japan | 24 látnir |

## LOTTÓTÖLUR

**EINN MEÐ VINNINGINN** Einn var með allar tölur réttar í lottóútdrætti gærkvöldsins og fær í sinn hlut 3 milljónir og tæpar 54 þúsund krónur. Þá voru tveir með fjóra ásamt bónustölu og fá rúmar 136 þúsund krónur hvor. Tölur kvöldsins voru 6, 10, 21, 23, 25 og bónustalan var 19. Jókertölurnar voru 0, 7, 3, 2 og 6.

# Samið um lægra orkuverð í næstu viku

**Garðyrkjubændur og fiskvinnslufyrirtæki eru uggandi vegna hækkunar á raforkuverði til þeirra. Ný raforkulög heimila ekki að dreifingarkostnaði til þerra sé velt yfir á aðra notendur. Útlit er fyrir að ríkið taki á sig niðurgreiðsluna.**

**RAFORKULÖG** Rafmagnskostnaður hluta fiskeldisfyrirtækja tvöfaldaðist um áramót vegna nýrra raforkulaga. Guðbergur Rúnarsson, framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva, segir áhrif laganna svipuð og hjá garðyrkjubændum, en þessi fyrirtæki fengu áður afslátt sem orkufyrirtækjunum er óheimilt að veita samkvæmt nýju lögunum.

„Það er mjög mikil svartsýni út af þessum málum,“ segir Guðbergur, sem vonast þó til að mál skýrist í næstu viku þegar haldið verður áfram viðræðum fiskeldisfyrirtækjanna við orkufyrirtækin. „Við reiknuðum reyndar alltaf með hækkun, en aldrei með tvöföldun.“ Hann segir lagabreytinguna koma mishart niður á fiskeldisfyrirtækjum, eftir því hversu mikla orku þau noti. Hann bendir á að Silfurstjarnan í Öxarfirði standi undir nálægt þremur prósentum af raforkunotkun á Norðurlandi. „Sama má segja um Íslandslax í Grindavík, sem eru gríðarlega stórir.“

Guðbergur segir ríða á að ná lendingu í málið því fyrirtækin séu að búa sig undir að draga saman í rekstrinum. „Það tekur tvö ár að ala fisk og væntanlega fara menn bara fljótlega í að slátra og draga þannig smátt og smátt úr raforkunotkun. Það er ekki annað í stöðunni ef ekki fæst aukastuðningur í málinu.“

Helgi Bjarnason, skrifstofustjóri orku- og stóriðjumála, sagðist gera ráð fyrir að gengið yrði frá útfærslu afslátta til bæði garðyrkjubænda og fiskeldisfyrirtækja strax í næstu viku. Landsvirkjun sendi í vikulokin ráðuneytinu bréf þar sem fyrirtækið býðst til að veita fiskeldisfyrirtækjum afslátt út þetta ár. „Svo verður, samkvæmt aðlögunarsamningi garðyrkjubænda og landbúnaðarráðuneytis, niðurgreiðsla hækkuð. Aðrir notendur hafa í raun verið að borga þetta niður, en reglurnar kveða á um gagnsæi og þá er eðlilegt að ríkið gerir þetta bara beint,“ segir Helgi og bætir við að einni spili inn í jafnræðissjónarmið. „Það eru í gangi viðræður um að Landsnet veiti ákveðinn afslátt. Landsvirkjun veitir afslátt frá orkuverði og svo eru þetta svo stórir notendur með góðan nýtingartíma að dreifigjaldskrá verður lág fyrir þá. Þessi fyrirtæki nota mikla orku og nýta hana vel.“

olikr@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**GUÐBERGUR RÚNARSSON**
Framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva segir fiskeldisstöðvar ekkert svigrúm hafa til að bíða úrlausna á vanda sínum og því fyrirséð að um mánaðamót fari menn að huga að slátrun og breytingum í rekstri. Um áramót tvöfaldaðist rafmagnskostnaður sumra fiskeldisstöðva vegna nýrra raforkulaga.

Esjuhlíðar:

# Þyrla kom til hjálpar

**SLYSFARIR** 55 ára karlmaður hlaut skurði á höfði og brotið hné er honum varð fótaskortur í klettabelti í Esjunni í gær og hrapaði um 20 metra. Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti manninn.

Maðurinn var einn á ferð og í fallinu skemmdist farsími sem hann var með. Annar maður, einsamall, kom að honum um klukkutíma síðar og gerði neyðarlínu aðvart klukkan 13:45. Slökkviliðs- og björgunarsveitarmenn fór fótgangandi til mannsins og kölluðu út þyrlu, því ófært var fyrir jeppa. Maðurinn var kominn á slysadeild Landspítalans kl. 16.40. Hann var á gjörgæslu í gærkveldi en ekki í lífshættu að sögn læknis.

- gun

## LÖGREGLUMÁL

**REYKSKYNJARI BJARGAÐI** Reykskemmdir urðu í íbúð í fjölbýlishúsi á Höfn á laugardagsmorgun er gleymdist að slökkva undir potti áður en íbúar lögðust til svefns. Reykskynjari bjargaði því að ekki fór verr. Nágrannar heyrðu í honum og gerðu viðvart, að sögn lögreglunnar á Höfn.

**FÍKNIEFNI Á SELFOSSI** Tvö smærri fíkniefnamál komu upp á Selfossi aðfaranótt laugardags. Efnin, sem voru meint hassblandað tóbak og marijúana, fundust í bílum sem voru á ferð um bæinn. Lögreglan á Selfossi segir fjögur ungmenni undir 18 ára aldri hafa gist fangageymslur fram á miðjan dag vegna málanna, en þeim var sleppt eftir yfirheyrslur.

**SKÆÐ HÁLKA Í GÆR** Mikið var um beinbrot og önnur meiðsl vegna hálku í gær, að sögn vakthafandi læknis á slysadeild Landspítala. Dagurinn einkenndist líka af árekstrum, bílveltum, útafkeyrslum og öðrum umferðaróhöppum víða um land en engin slys urðu í þeim.






Hetjudáð á Akureyri:

# Bjargaði stúlku úr brennandi íbúð

**ELDSVOÐI** Hinrik Ingi Guðbjargarson á Akureyri sýndi snarræði er hann bjargaði stúlku út úr brennandi íbúð í kjallaranum að Hafnarstræti 100 kl. 20.30 á föstudagskvöldið. „Það skíðlogaði í eldhúsinu en stúlkan lá meðvitundarlítil inni á baði,“ segir hann. Sjálfur býr hann í húsinu en það voru stúlkur í næstu íbúð fyrir ofan kjallarann sem urðu brunans varar og hringdu á slökkviliðið, sem mætti á staðinn örfáum mínútum eftir að stúlkunni var bjargað. Hinrik lýsir atburðinum svo: „Ég fór út á götu og þar var hópur af krökkum sem sögðust vera búin að berja á alla glugga en enginn hefði svarað. Ég ákvað samt að fara inn og þá fann ég stúlkuna.“ Að sögn slökkviliðs var talsverður eldur og mikill reykur á staðnum er það kom að en greiðlega gekk að slökkva eldinn og reykræsta íbúðina. Ekki er ljóst hvort kviknaði í út frá örbylgjuofni eða kerti en eldurinn var bundinn borði sem hvort tveggja stóð á. Stúlkan var flutt á sjúkrahús með snert af reykeitrun.

- gun



FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**HINRIK INGI GUÐBJARGARSON**
Hinrik Ingi þótti sýni mikið snarræði þegar hann bjargaði stúlku út úr kjallaraíbúð þar sem eldur logaði.

# „Við höfum verið notaðir til að kaupa ýmislegt"




224 miðaeigendur í Happdrætti Háskólans gátu eytt milljón eða meira í hvað sem þeim datt í hug í fyrra - en sá allra heppnasti fékk 36 milljónir. Samtals greiddi Happdrætti Háskólans ríflega 750 milljónir króna til miðaeigenda á árinu 2004.

Þú þarft bara að hringja eitt símtal eða fara á vefinn til að eignast miða. Við fylgjumst með miðanum fyrir þig og látum þig vita þegar þú vinnur.

**Fáðu þér miða í 800 6611 eða á www.hhi.is**

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
*vænlegast til vinnings*

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 14. 01. 2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 62,46 | 62,76 |
| Sterlingspund | GBP | 116,89 | 117,45 |
| Evra | EUR | 81,92 | 82,38 |
| Dönsk króna | DKK | 11,01 | 11,07 |
| Norsk króna | NOK | 10,03 | 10,09 |
| Sænsk króna | SEK | 9,06 | 9,11 |
| Japanskt jen | JPY | 0,61 | 0,61 |
| SDR | XDR | 95,18 | 95,74 |

*Gengisvísitala krónunnar*
**Króna 112,47 -0,74%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Myndir og gögn frá Títan streyma inn:

# Vísindamenn í skýjunum

**ÞÝSKALAND, AP** Yfirborð Títans, tungls Satúrnusar, er ljósappelsínugult og þakið þunnu lagi metans. Þetta blasti við vísindamönnum Evrópsku geimvísindastofnunarinnar þegar þeir sökktu sér niður í myndir og önnur gögn sem geimfarið Huygens sendi frá Títan, gögn sem það safnaði þegar það sveif til jarðar og eins þegar það var lent á tunglinu.

Vísindamenn voru að störfum alla fyrrinótt við að fara yfir gögn og skerpa myndir. Þeir eru hæstánægðir með árangurinn. „Tækin hafa virkað frábærlega,“ sagði John Zarnecki, sem hefur yfirumsjón með tækjum sem notuð eru á yfirborðinu. „Við getum ekki fundið merki þess að nokkur gögn vanti. Samskiptatengingin og gæði gagnanna voru stórkostleg.“



**YFIRBORÐ TÍTANS**
Yfirborð Títans er dekkra en menn áttu von á, það er blanda frosins vatns og kolvatnsefna.

Ein mynd, sem tekin var í sextán kílómetra hæð yfir tunglinu, sýndi dökkar útlínur sem gáfu til kynna farvegi þar sem vökvi hefði streymt inn á dökkt svæði sem talið er haf myndað úr fljótandi metangasi. Inni á milli voru dekkri svæði sem kunna að vera eyjar. „Það er næstum ómótstæðilegt að ímynda sér að dökka svæðið sé einhvers konar framræsluskurðir, að við séum að horfa upp á einhvers konar strandlengju,“ sagði Marty Tomasku, yfirmaður myndatökudeildarinnar, en tók fram að vísindamennirnir vissu enn ekki hvort þar væri einhvern vökva að finna. ■

Hólmavík:

# Mannvirki vígð í gær

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Glæsileg íþróttamannvirki voru vígð á Hólmavík við hátíðlega athöfn í gær. Annars vegar er um að ræða 25 metra útisundlaug og hins vegar fullkomið íþróttahús. Hvort tveggja var tekið í notkun á síðasta ári.



Sundlaugin er lögleg keppnislaug og við hana eru tveir heitir pottar og barnavaðlaug. Íþróttahúsið er samtengt henni.

Á þriðja hundrað manns var við vígsluathöfnina. ■




MYND/VEÐURSTOFA ÍSLANDS

**ÚTI AF REYKJANESI**
Nokkrir snarpir skjálftar mældust á þekktu skjálftasvæði skammt úti af Reykjanesi.

Jarðskjálftahrina:

# Stærsti skjálftinn 3,7

**JARÐSKJÁLFTAR** Snörp jarðskjálftahrina varð 5 til 10 kílómetra suðvestur af Reykjanesi í gærmorgun. Stærsti skjálftinn sem mældist var 3,7 á Richter-kvarða og sá næststærsti 3,3 stig. Þá varð einn skjálfti sem mældist 2,9 á Richter. Hrinunni fylgdi fjöldi eftirskjálfta, en til muna hefur dregið úr virkni að sögn Veðurstofunnar.

Þórunn Skaftadóttir, jarðfræðingur hjá Veðurstofunni, segir stærstu skjálftana hafa riðið yfir um klukkan tíu um morguninn, en síðan hafi dregið hratt úr virkni. Þórunn segir enn reyting af litlum skjálftum fyrir norðan land, austsuðaustur af Grímsey, þar sem snarpir skjálftar urðu 5. janúar. „En sú hrina er svona að deyja eðlilega út,“ sagði hún. **- óká**

## UTANRÍKISMÁL

**FUNDUR MEÐ AFRÍKURÍKJUM**
Geir H. Haarde fjármálaráðherra sótti reglulegan samráðsfund utanríkisráðherra Norðurlanda og tíu Afríkuríkja sem haldinn var í Hanaholmen í Finnlandi dagana 13. til 14. janúar í fjarveru Davíðs Oddssonar utanríkisráðherra. Fjallað var um öryggismál, stjórnarfar og stöðu mannréttindamála í Afríku, svæðisbundna samvinnu og önnur mál.

# Ísraelar klipptu á tengsl við Abbas

**Mahmoud Abbas tók við embætti forseta palestínsku heimastjórnarinnar í skugga ofbeldisverka Ísraela og Palestínumanna. Þá varð hann fyrir áfalli þegar tugir kjörstjórnarmanna sögðu af sér.**

**VESTURBAKKINN** Kringumstæður embættistöku Mahmoud Abbas hefðu varla getað verið erfiðari fyrir þennan nýja forseta palestínsku heimastjórnarinnar.

Skömmu áður en Abbas sór embættiseið klipptu Ísraelar á öll tengsl við hann uns hann hefði ráðið niðurlögum palestínskra vígamanna, tugir manna sögðu sig úr kosningastjórn vegna deilna um framkvæmd kosninganna sem hann vann og sjö Palestínumenn féllu fyrir hendi ísraelskra hermanna.

Aukin bjartsýni á frið í Mið-Austurlöndum, sem farið var að gæta eftir að ljóst varð Abbas yrði næsti leiðtogi Palestínumanna, er farin að dofna í kjölfar ofbeldis sem hefur kostað níu Palestínumenn og sex ísraelska verkamenn lífið síðustu daga. Þá særðist sjö ára ísraelskur drengur alvarlega, missti annan handlegginn, þegar hann varð fyrir sprengju sem palestínskir vígamenn skutu að ísraelskri landnemabyggð á Gaza í gær. Tíu Palestínumenn særðust í aðgerðum Ísraela í gær, þeirra á meðal fjögur börn, tvö þeirra lífshættulega.



**BURÐAST MEÐ SPRENGJU**
Palestínskir vígamenn sjást hér bera sprengju í Zeitoun-hverfi í Gaza-borg í gær. Hana ætluðu þeir að nota gegn ísraelskum hermönnum sem héldu inn í borgina til að ráðast á vígamenn sem skutu flugskeytum að ísraelskri landnemabyggð.

Abbas rétti út sáttahönd til Ísraela í ræðu sem hann hélt við embættistökuna. „Við sækjumst eftir gagnkvæmu vopnahléi til að binda enda á þennan vítahring ofbeldis,“ sagði hann og fordæmdi allt ofbeldi, Ísraela og Palestínumanna. Hann sagði það liggja fyrir Ísraelum og Palestínumönnum að lifa hlið við hlið og deila landsvæði.

Abbas sagði Palestínumenn reiðubúna að mæta skuldbindingum sínum samkvæmt vegvísinum til friðar sem kveður á um að herskáar hreyfingar hætti árásum á Ísraela. Hann er þó ekki reiðubúinn að þvinga þær til þess og sjá til þess að þær afvopnist heldur vill hann semja við þær um að þær láti af árásum.

46 meðlimir palestínsku kjörstjórnarinnar sögðu af sér í gær og báru því við að kosningastjórar Abbas hefðu þvingað þá til að breyta framkvæmd forsetakosninganna meðan á þeim stóð. Skotið var á húsið þar sem kjörstjórnin fundaði meðan kosningar stóðu yfir 9. janúar og báru meðlimir kjörstjórnarinnar kennsl á einn byssumannanna sem meðlim palestínsku leyniþjónustunnar. ■

## ÍRAK



**EYÐILÖGÐU FORNMINJAR** Bandarískar og pólskar hersveitir ollu skemmdum á fornminjum í Babýlon, hinni fornu borg í Írak. Skriðdrekar ollu meðal annars skemmdum á 2.600 ára gömlum steini lögðum götum borgarinnar auk margvíslegra annarra skemmda á þessari fornu menningarborg.

**AÐSTOÐ FRÁ SÝRLANDI** Bandarískir herforingjar í Írak segja sterkar vísbendingar um að Írakar sem flýðu til Sýrlands undan innrás Bandaríkjamanna og bandamanna þeirra veiti andspyrnumönnum í Írak verulega aðstoð. Íraskir embættismenn hafa áður kvartað undan því að sýrlensk stjórnvöld sporni ekki gegn þessu.

**PORTÚGALARNIR FARA** Portúgalar hafa ákveðið að kalla lögreglulið sitt heim frá Írak 12. febrúar. 120 portúgalskir lögreglumenn eru í Írak. Þeir verða þar fram yfir kosningar en verða síðan kallaðir heim.

Svalbarðseyri:

# Eldur í gömlu húsi

**LÖGREGLA** Elds varð vart í eldgömlu húsi á Svalbarðseyri um hádegisbil í gær, laugardag, en greiðlega gekk að ráða niðurlögum hans. Jakobshús heitir húsið og er frá aldamótunum 1900. Þar er ekki búið heldur eru þar lítið hjólbarðaverkstæði, þvottatæki og hljómsveitaraðstaða. Eldur kom upp í einu horni hússins og voru skemmdir af honum óverulegar en reykur fór um það allt. Upptök eldsins voru ókunn í gærkveldi. **- gun**






## Veðrið

**VONSKUVEÐUR Í DAG**
Nú í morgunsárið er að koma lægð upp að vesturströnd landsins og má reikna með að vindhraði aukist þegar líður á daginn. Það gæti slegið í storm suðvestanlands en annars gæti orðið hvasst. Fyrir norðan og austan verður vindur skaplegri fram eftir degi en það bætir í vind þar með kvöldinu. Veður fer kólnandi og má reikna með slyddu um allt sunnan- og vestanvert landið sem breytist í snjókomu þegar líður á daginn og kólnar. Á þriðjudaginn snýst hann svo í norðanátt.



Kveðja,
Guðríður Arnardóttir
náttúrufræðingur.

### Í dag




### Á morgun




Stíf sunnanátt og hvasst syðra en eitthvað hægari nyrðra.

### Þriðjudagur




Stíf norðanátt með éljum fyrir norðan en nokkuð björtu veðri syðra.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 6°C | sk.m.köflum | Glasgow | 11°C | rigning | Osló | 7°C | skýjað |
| London | 11°C | léttskýjað | Stokkhólmur | 6°C | skýjað | Prag | 2°C | sk.m.köflum |
| París | 9°C | sk.m.köflum | Barcelona | 13°C | léttskýjað | Róm | 11°C | sk.m.köflum |
| Frankfurt | 4°C | sk.m.köflum | Helsinki | 3°C | rigning | Amsterdam | 7°C | sk. m. köflum |

Svæði þar sem búast má við talsverði vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.




# ADSL reikningurinn þinn kemur þér aldrei framar á óvart!

ENNEMM / SÍA / NM14786

Veldu úr nýjum áskriftarleiðum fyrir Internet um ADSL hjá Símanum þar sem reikningurinn þinn fer aldrei yfir ákveðna hámarksupphæð en þú getur notað netið eins og þú vilt.*

**Núverandi ADSL áskrifendur Símans ganga sjálfkrafa inn í nýju þjónustuna.**

Síminn býður þráðlausan endabúnað á tilboðsverði til þeirra sem hann þurfa.
Í öllum áskriftarleiðum er innifalin fyrirtaks vörn gegn vírusum og ruslpósti.

**Kynntu þér málið á siminn.is**

**Tilboð á búnaði fyrir þráðlaust Internet**




**Verð:**
**2.490 kr.**
BÚNAÐURINN
Miðað við 12 mánaða bindingu

Tilboðið gildir út febrúar 2005.

*Kynntu þér nánar skilmála á siminn.is

**Síminn**



## KJÖRKASSINN

*Hlustar þú á talmálsútvarp?*
**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 50,9% |
| Nei | 49,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Gafst þú í Neyðarhjálp úr norðri?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

visir

Tíu ár frá snjóflóðunum í Súðavík:

# Látinna minnst

**MINNINGARSTUND** Í dag eru liðin tíu ár síðan snjóflóð féll á Súðavík og hreif með sér fjórtán mannslíf.

Minningarguðsþjónusta verður í íþróttahúsinu í Súðavík í dag og hefst klukkan 14. Séra Valdimar Hreiðarsson og séra Magnús Erlingsson þjóna við guðsþjónustuna.

Í Lágafellskirkju í Mosfellsbæ verður minningar- og bænastund í kvöld og hefst hún klukkan 20.30. Séra Jakob Ágúst Hjálmarsson og séra Karl V. Matthíasson annast stundina.

Í Fréttablaðinu í dag eru viðtöl við Sigríði Rannveigu Jónsdóttur og Hafstein Númason, sem misstu börn í flóðinu. Einnig er rætt við Lindu Rut Ásgeirsdóttur, sem var fimm ára þegar flóðið féll og lá grafin undir því í fimm klukkustundir. **- bþs**



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**SÚÐAVÍKURKIRKJA**
Í dag verður haldin minningarguðþjónusta í íþróttahúsinu í Súðavík til að minnast þeirra sem fórust í snjóflóðinu sem féll á Súðavík fyrir tíu árum síðan.

Hátíð í fjórða sinn:

# Matur og skemmtan

**VEISLUHÖLD** „Food and Fun“ hátíðin verður haldin í fjórða sinn dagana 16. til 20. febrúar næstkomandi. Hátíðin er haldin í samstarfi við Reykjavíkurborg og er á sama tíma og vetrarhátíð sem borgin stendur fyrir, en hún er liður í markaðsstarfi Icelandair, í samstarfi við íslenskan landbúnað og Iceland Naturally.

„Með hátíðinni er stefnt að því að kynna gæði íslenskra matvæla og veitingamennsku á nýstárlegan hátt, svipað og íslensk tónlist hefur verið kynnt með Iceland Airwaves, tónlistarhátíð Icelandair sem haldin er árlega,“ segir í tilkynningu. **- óká**



**HRANNAR B. ARNARSSON**
Stýrir sölu áskrifta og lausasölu hjá 365.

Sölustjóri 365:

# Hrannar ráðinn

**FJÖLMIÐLAR** Hrannar B. Arnarsson hefur verið ráðinn sölustjóri áskriftarsölu hjá 365 – ljósvakamiðlum og lausasölu hjá 365 – prentmiðlum. Hrannar var áður markaðsstjóri hjá Eddu útgáfu. Hann mun hefja störf næsta mánudag.

„Þetta leggst mjög vel í mig, ég hlakka til að koma í þennan öfluga hóp sem starfar á þessum fjölmiðlum,“ segir Hrannar.

Hann segir mikil tækifæri liggja í áframhaldandi uppbyggingu Digital Ísland, auk þess sem miklir möguleikar liggi í frekari uppbyggingu prentmiðla hjá svo öflugu fjölmiðlafyrirtæki. ■

Akureyrarbær:

# Dregið úr yfirvinnu

**YFIRVINNA** Bæjarráð Akureyrar hefur samþykkt nýjar vinnureglur um yfirvinnu starfsmanna bæjarins en samkvæmt þeim heyrir föst yfirvinna sögunni til og aðeins verður greitt fyrir unna yfirvinnu. Samkvæmt nýju vinnureglunum má yfirvinna ekki fara yfir 600 klukkustundir á yfirstandandi ári og ekki yfir 500 klukkustundir á næsta ári. Þeir starfsmenn sem haft hafa mesta yfirvinnu fá aðlögunartíma til ársins 2007. Tilgangurinn með breyttum reglum er meðal annars að draga úr yfirvinnu almennt og jafna laun kynjanna. **- kk**



**SORPHREINSUN Á AKUREYRI**
Innleiddar hafa verið gagnsærri yfirvinnureglur hjá Akureyrarbæ.

## HEILBRIGÐISMÁL

**YFIRLÝSINGU FAGNAÐ** Læknadeild Háskólans fagnar yfirlýsingu Davíðs Oddssonar utanríkisráðherra um að nota mætti söluandvirði Landssímans til þess að byggja nýtt háskólasjúkrahús. Deildin telur að slík aðgerð muni valda tímamótum í sögu heilbrigðisþjónustu á Íslandi og skorar á ríkisstjórnina að fylgja yfirlýsingunni eftir.

# Gjaldþrotamál í sjálfheldu

**Skiptastjóri í gjaldþrotamáli Frjálsrar fjölmiðlunar óskaði eftir aðstoð lögreglu við rannsókn á sölu fyrirtækja í eigu félagsins skömmu fyrir gjaldþrot. Hann var ekki talinn hafa stutt beiðni sína nægilegum gögnum.**

**GJALDÞROT** Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra hefur ákveðið að hefja ekki rannsókn á máli eigenda Frjálsrar fjölmiðlunar, sem varð gjaldþrota árið 2002. Kröfur í þrotabúið námu um tveimur milljörðum króna.

Skiptastjóri í gjaldþrotamálinu, sem er hið stærsta sinnar tegundar hér á landi, óskaði eftir aðstoð lögreglu haustið 2002 vegna þess að hann fékk ekki afhent gögn frá Eyjólfi Sveinssyni og Sveini Eyjólfssyni, eigendum Frjálsrar fjölmiðlunar. Gögnin varða fyrirtæki sem voru seld skömmu áður en Frjáls fjölmiðlun varð gjaldþrota. Skiptastjórinn sagði þá í viðtali við fréttastofu Útvarpsins að upplýsa þyrfti gjörninga sem gerðir voru fyrir gjaldþrotið og gera kröfur um að skilað yrði aftur því sem ekki hefði verið réttmætt að færa frá félaginu.

Tekjur af þeim viðskiptum virtust í sumum tilfellum hafa horfið án þess að forsvarsmenn fyrirtækisins gætu gefið á því skýringar. Lék meðal annars grunur á því að skotið hefði verið undan fé til félagsins Time Invest sem skráð var í Lúxemborg. Skiptastjóri, sem með réttu hefði átt að hafa stjórn á Time Invest, vildi upplýsingar um eignir félagsins á erlendum reikningum. Óskaði hann meðal annars eftir skattskýrslum og rekstrarreikningum.



**EYJÓLFUR SVEINSSON**
Hefur ekki afhent skiptastjóra í máli Frjálsrar fjölmiðlunar öll þau gögn sem beðið var um.

Ríkislögreglustjóri hefur nú tilkynnt með bréfi að hann ætli ekki að rannsaka málið, þar sem skiptastjóri geti ekki lagt fram fullnægjandi gögn. Það virðist málið í sjálfheldu því fyrrverandi eigendur, Eyjólfur Sveinsson og Sveinn R. Eyjólfsson, afhenda skiptastjóra ekki gögn sem hann hefur farið fram á.

Fleiri mál er varða gjaldþrot Frjálsrar fjölmiðlunar hafa vakið grunsemdir. Þannig er talið að Eyjólfur Sveinsson hafi ekki skilað um 70 milljónum sem hann tók við vegna sölu á hlut Frjálsrar fjölmiðlunar í útgáfufyrirtækinu Framtíðarsýn. Upplýsingar um þessa fjármuni eru ekki í þrotabúinu.

Lagaskylda hvílir á skiptastjóra að leita til lögreglu þegar grunur vaknar um lögbrot. Hann getur sjálfur tekið skýrslu af mönnum en hefur ekki frekari rannsóknarheimildir. Lögregla hefur hins vegar ríkar þvingunarheimildir.

Jón H. B. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, hefur sagt að tugur kærumála hafi borist embættinu vegna gjaldþrots Frjálsrar fjölmiðlunar og annarra félaga tengdra forsvarsmönnum þess. Við uppgjör reyndist enda þrotabúið tómt, en kröfur námu um tveimur milljörðum króna. Kærurnar sem bárust embættinu vörðuðu ýmis ætluð brot gegn almennum hegningarlögum og einnig skattalögum. Þær bárust allt frá því að félagið varð gjaldþrota og fram á síðasta sumar. Í máli skiptastjórans telur ríkislögreglustjóri að ekki hafi verið vísað til gagna eða skýringa sem gæfu tilefni til að ætla að höfð hefði verið frammi refsiverð háttsemi. Því skorti lögfræðilegan grundvöll til þess að hefja aðgerðir lögreglu. Þá hafi verið skorað á skiptastjórann að leggja fram gögn eða skýringar sem stutt gætu rannsókn, en ekki hafi verið orðið við því. Gögnin sem vantar eru þau sem forsvarsmenn Frjálsrar fjölmiðlunar neita að afhenda. Í lögum um meðferð opinberra mála segir að lögregla skuli hefja rannsókn ef grunur leiki á að refsivert athæfi hafi verið framið. Í þessu tilfelli virðist grunur lögreglu ekki hafa vaknað.

ghg@frettabladid.is




**EMBÆTTI RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA**
Embættið hefur tekið ákvörðun um að rannsaka ekki frekar gjaldþrotamál Frjálsrar fjölmiðlunar.

Umferð verður takmörkuð og mikil öryggisgæsla vegna kosninga í Írak:

# Fá að skrá sig á kjördag

**ÍRAK, AP** Kjósendur í tveimur óróleguslu héruðum Íraks fá að skrá sig á kjörskrá á kjördag, 30. janúar. Þessi ákvörðun kjörstjórnarinnar á að gefa kjósendum í Anbar og Ninevah aukin tækifæri á að taka þátt þrátt fyrir ótta um árásir á kjörstaði og gegn undirbúningi kosninganna.

Waeil Abdel-Latif, ráðherra í bráðabirgðastjórninni, hét því að stjórnin myndi veita viðunandi öryggi á kjördag þrátt fyrir að ástandið væri tvísýnt sums staðar. Hann sagði að íraskar öryggissveitir myndu sjá um öryggisgæslu á kjördag en að erlendar hersveitir væru reiðubúnar að veita aðstöð ef þörf krefði.

Eitt af því sem stjórnvöld ætla að gera til að tryggja öryggi er að takmarka bílaumferð. Þá verða settir upp vegatálmar nálægt kjörstöðum svo ekki sé hægt að keyra bílum, hlöðnum sprengiefnum, upp að þeim. Uppi eru hugmyndir um að banna alla notkun einkabíla í þrjá daga, á kjördag og dagana fyrir og eftir hann. Þetta hefur þó ekki fengist staðfest.

Fjórtán milljónir manna í Írak hafa kosningarétt og 1,2 milljónir Íraka í útlöndum. ■



**HERMENN Á VAKT Í MOSUL**
Mosul er ein þeirra borga þar sem vígamenn hafa látið hvað mest fyrir sér fara. Íbúar þar fá að skrá sig á kjörskrá á kosningadag.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 27066 01/2005

# BORGAÐU ALDREI MEIRA EN 2GB

## Verðtrygging í ADSL þjónustu.

**ADSL viðskiptavinir Og Vodafone þurfa aldrei að greiða fyrir meira en 2 GB af erlendu niðurhali.**
Komdu í **Og Vodafone** verslun, smelltu þér á **www. ogvodafone.is** eða hringdu í **1414** fyrir nánari upplýsingar.

**Sunnudagar eru áfram frídagar**
Viðskiptavinir okkar fá aukalega 500 MB niðurhal alla sunnudaga.




Þráðlaust Internet
**1.990 kr.**

og vodafone

og hvað segir þú?

Tilboð á búnaði miðast við 1 GB að lágmarki og 12 mánaða samning á kreditkort.
Verðtrygging gildir fyrir allar tengingar að 3 Mb/s.

# skoðun

**SJÓNARMIÐ**
**KÁRI JÓNASSON**

Þar vilja fleiri búa, enda náttúrufegurð mikil við Álftafjörð.

## Snjóflóðin í Súðavík

Þess er minnst í dag að 10 ár eru frá snjóflóðunum miklu í Súðavík. Þjóðin var harmi slegin þegar fréttist af flóðunum vestra. Fyrstu fréttir voru mjög óljósar og má einkum rekja það til veðurofsans sem var um nóttina í Súðavík – snjókoma og hávaðarok svo ekki sáust handa skil. Þegar birti af degi varð smám saman ljósara að þarna hafði orðið mikill harmleikur. Stór hluti byggðarinnar var í rúst og fjölda manna var saknað.

Blaðamaður og ljósmyndari frá Fréttablaðinu lögðu leið sína til Súðavíkur í vikunni til að rifja upp nóttina örlagaríku og dagana sem fylgdu í kjölfarið, jafnframt því sem þeir kynntu sér atvinnulíf og viðhorf íbúanna á staðnum nú tíu árum síðar.

Ómar Már Jónsson sveitarstjóri er heimamaður og var á skuttogaranum Bessa þegar snjóflóðið féll. Skipið var að koma inn til löndunar um morguninn en komst ekki að bryggju vegna veðurofsans. Í viðtali í blaðinu lýsir hann aðkomunni og því sem blasti við í þorpinu þegar skipverjar komust loks í land. Nú hefur hann aðsetur í nýja hverfinu sem reist var eftir snjóflóðin. Helsta vandamálið á staðnum er húsnæðisskortur. Þar vilja fleiri búa, enda náttúrufegurð mikil við Álftafjörð og í ráði að reisa atvinnuhúsnæði á Langeyri innan við þorpið. Hugur Ómars leitar tíu ár aftur í tímann þegar hann segir: „Samhugurinn, samheldnin og þátttaka þjóðarinnar og fólks utan landsteinanna við uppbygginguna, og aðstoð við þá sem misstu – allt er þetta ómetanlegt,“ og nefnir síðan söfnunina Samhug í verki, sem hrundið var af stokkunum fljótlega eftir að flóðin féllu.

Í þeirri söfnun sýndi þjóðin raunverulega samhug í verki. Söfnunin var með svipuðu fyrirkomulagi og í sjónvarpsstöðvunum í gærkvöldi. Fjöldi manna kom að henni og árangurinn varð eftir því.

Við hamfarirnar í Asíu rifjast líka upp það sem gerðist fyrir vestan um miðjan janúar fyrir tíu árum. Sigríður Rannveig Jónsdóttir, íbúi í Súðavík, kom einmitt inn á það í viðtali við Fréttablaðið og sagði: „Ég hef haft hugann við þetta síðan flóðbylgjan skall á. Það var ekkert hátíðlegt við það sem eftir lifði af jólunum og áramótin. Maður hélt þau bara af skyldurækni.“

Mikið fannfergi fyrir vestan vekur líka upp óþægilegar minningar hjá mörgum, því þar hefur ekki verið eins mikill snjór og nú í tíu ár.

Það urðu miklar umræður í kjölfar snjóflóðanna í Súðavík og á Flateyri. Sumt var á mjög tilfinningalegum nótum eins og vonlegt er þegar fólk missir sína nánustu, og finnst það geta rakið missinn til einhvers sem hægt hefði verið að koma í veg fyrir.

Við höfum mikið lært síðan, en sá lærdómur var dýrkeyptur. Í fannferginu að undanförnu höfum við fylgst með fréttum af störfum snjóflóðaeftirlitsmanna, sérfræðinga á sviði snjóflóða og hvernig yfirvöld hafa brugðist við yfirvofandi hættu. Allt þetta er til að koma í veg fyrir tjón og slys af völdum snjóflóða, og virðist vel hafa til tekist þegar í fyrsta sinn í mörg ár reynir á þennan varnarviðbúnað. ■

F2

Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekki bannað?

Í eina tíð voru ákvæði í lögreglusamþykkt Reykjavíkur sem bönnuðu mönnum stranglega að ganga um í dulargervi á almannafæri. Eru mörg dæmi um að fólk í höfuðborginni hafi verið handtekið fyrir slíkar sakir. Þegar gildandi lögreglusamþykkt er skoðuð kemur í ljós að þetta ákvæði er þar ekki lengur að finna. Gaman væri að vita hvers vegna. Hvenær datt það út? Ef það er ekki lengur í gildi skapar það borgurunum ýmsa skemmtilega möguleika. Og fyrirmönnum líka. Þá geta landsfeðurnir til dæmis farið að dæmi Friðriks mikla Prússakonungs en fræg er sagan af því þegar hann dulbjóst að næturlagi og gekk um á meðal þegna sinna í Berlín til að kynnast því að eigin raun hvernig þeir hefðu það. Kannski Halldór og Davíð, nú eða Steinunn Valdís borgarstjóri, fari að dæmi hans einhvern daginn?

### Í tísku

Segja má að það sé í tísku meðal leiðtoga erlendis að klæðast dulargervi þannig að ekki kæmi á óvart að þessi siður bærist hingað svona eins og Parísartískan. Einhverjir lesendur muna líklega eftir því þegar upp komst fyrir ekki löngu síðan að Abdullah Jórdaníukóngur hafði brugðið sér í gervi gamals manns, sett upp hvítt skegg og rautt höfuðfat og klæðst hvítum kufli. Þannig fór hann til iðnaðarborgarinnar Zarga til að kynna sér starfsemi fríverslunarsvæðis þar, en kvartanir höfðu borist frá almenningi vegna mikils skriffinnskubákns. Konungur hlustaði vel á umkvartanir viðmælenda sinna en eftir fimm tíma heimsókn tók hann niður skeggið og hvarf á braut og skildi eftir sig forviða borgara og embættismenn.



gm@frettabladid.is

**TÍÐARANDINN**
**SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON**

## Ófriður bernskunnar

Menn lögðu talsvert á sig til að misskilja orð biskups og forsætisráðherra frá því um áramótin. Þar töluðu báðir um mikilvægi gamalla gilda; svo sem þeirra sem virt voru öldum saman og tengjast fjölskylduböndum, samheldni og trausti.

Það er vert að minnast þessara gömlu gilda.

Og tvímenningarnir báðu ekki um annað en að fólk gæfi þeim gaum.

Þessi gildi eru í sjálfu sér ekki gömul; miklu fremur sígild – og þarfnast umhugsunar og íhygli á þessari öld sem þeirri síðustu. Einkum og sér í lagi af því að þjóðfélagið hefur breyst.

Mikið óskaplega.

Í þessum pistlum hefur áður verið vikið að einni stærstu þjóðfélagsbreytingu síðustu alda sem fólst í útrás konunnar. Á nokkrum árum hurfu húsmæðurnar af heimilunum – og eftir stóðu lyklabörnin og nýr þjóðfélagshópur sem hafði ekki áður verið skilgreindur; millihópurinn. Skyndilega myndaðist vík á milli foreldra og barna – fjölskylduböndin trosnuðu og heimilið varð ekki lengur sama félagsheimili kynslóðanna og það hafði verið um aldir. Ömmur og afar höfðu ekki lengur sömu hlutverk og áður. Foreldrarnir ekki sama tíma og fyrrum. Samheldni vék fyrir veraldlegum gæðum. Traustið breyttist í tómarúm sem fyllt var smám saman af allskonar afþreyingu; ofurskipulagðri og aðkeyptri.

Við upphaf nýrrar aldar þjáist fimmti hver skólakrakki á Íslandi af þunglyndi. Í hverjum skólabekk í grunnskólum landsins má ætla að fimm til sjö krakkar óttist framtíðina; telji sig ekki hæfa til að takast á við lífsflækjurnar og linnulausa keppni við tíma, fjármuni og feril sinn í starfi, leik og ástum.

Fyrir góðum þrjátíu árum skoppaði ég um í íslenskum vetri og húkkaði mér far upp í fjall til að renna mér á skíðum. Síðdegis var húrrað niður í bæ og þess óskað að mamma bakaði kleinur – sem hún og gerði. Skipulagðar frístundir voru ekki til; ég var aldrei keyrður á milli hverfa – og það voru engir foreldrar á hliðarlínunni sem öskruðu á eftir manni; skoraðu drengur, skoraðu!

Sem barn fékk ég að vera í friði.

Og var samt ekki alltaf til friðs.

Sem er önnur saga.

En gildin voru einföld, auðskilin. Ég fékk ekki allt sem ég bað um og vissi að það var einföld ástæða fyrir því; það voru ekki til peningar til að kaupa allt. Og málið var dautt.

> ... markaðsfræðingar eru farnir að veðja æ meira á millihópinn sem kallast á ensku tweens og telst vera miklu mótanlegri en unglingarnir. Öflugustu markaðspælingum síðari ára er beint gegn börnum á aldursbilinu 7 til 14 ára. Öflugustu afþreyingarfyrirtæki heims hamast á þessum hópi ...



Þrjátíu árum síðar fá börnin okkar meira en þau biðja um. Það er verið að drekkja þeim í neyslu; síkvikum efnisheimi. Þau eru ekki látin í friði. Ekki eina sekúndu. Naggandi nútímasamfélagið hefur samviskusamlega skipað þeim í þrjá hópa; ungbörn, krakka og unglinga. Og þetta eru ekki aðeins hópar, heldur markhópar. Lengi vel hefur unglingahópurinn á milli tektar og tvítugs verið fyrirferðarmestur í markaðsrannsóknum en yngri hóparnir eru að sækja á; svo mjög reyndar að markaðsfræðingar eru farnir að veðja æ meira á millihópinn sem kallast á ensku tweens og telst vera miklu mótanlegri – og móttækilegri – en unglingarnir. Öflugustu markaðspælingum síðari ára er beint gegn börnum á aldursbilinu 7 til 14 ára. Öflugustu afþreyingarfyrirtæki heims hamast á þessum hópi – the tweens – og móta hann að sínum smekk og vilja. Enginn markhópur er meðfærilegri og þar fyrir utan líklegri til að falla fyrir freistingunum.

Þetta er eitursnjallt. Sérfræðingar hafa nefnilega reiknað það út að foreldrar eru líklegastir til að falla fyrir óskum millihópsins. Þeir hafa vit fyrir börnum fram til sjö ára aldurs og reyna að halda aftur af fyrirgangi unglinganna sinna, en bráðna fyrir millihópnum; pakka honum inn í umbúðaþjóðfélagið með dekri og dauðum hlutum. Og sérfræðingar hafa líka komist að því að enginn aldurshópur getur stýrt foreldrum sínum betur en millihópurinn – the tweens – sem allt er fyrirgefið, þar á meðal frekjan og forherðingin sem smám saman einangrar þennan magnaða markhóp.

Börn fá ekki að vera í friði.

Þau eru leikföng markaðarins.

Óttinn við að eignast ekki eitthvað eitt í viðbót – ja, hann getur verið yfirþyrmandi. Í samfélagi samanburðarins er fronturinn á farsíma vinkonunnar alltaf flottari en þinn eigin. Og strákurinn í næsta húsi er fyrir löngu búinn að eignast nýjasta United-gallann; þinn eigin orðinn úreltur, ömurlegur – og stinkar.

Leikföng samtímans eru einnota. Gömlu árgerðinni er hent fyrir nýja. Og smám saman hverfur hrifningin yfir því að eignast. Það sem er sjálfsagt nær ekki lengur athygli.

Ef til vill eru unglingar sem eru að fullorðnast í dag orðnir útkeyrðir af neyslu. Kannski er búið að ræna þá einni merkustu tilfinningu mannshugans; hrifningunni. Og dæla í þá óttanum. Kannski eiga þeir ekki eftir að eignast neitt þegar þeir eru loksins komnir til manns. Kannski eiga þeir bara óttann einan eftir; geiginn við að standa sig ekki í sukki samkeppnissamfélagsins.

Aldrei eru börn ekki lengur látin í friði.

Og allt bendir til þess að þau verði enn frekar áreitt – og misnotuð markaðslega. Tískumerkin fyrir táningana eru hversdagsleg í dag. Íþróttalínan fyrir ellefu ára börnin er að vísu dýr, en must buy – eins og það heitir. Svo eru förðunarvörurnar fyrir fimm ára stelpur á leiðinni. Þær eru kannski fáránlegar í dag. En verða svo sjálfsagðar eftir nokkur ár.

Allt saman er þetta eitursnjallt.

En við erum ekki mikið að velta þessu fyrir okkur. Við erum ekki oft minnt á þessa gengisfellingu gildanna. Við erum upptekin við aðra hluti; svo sem af yfirdrættinum, húsnæðisvöxtum, yfirvinnumöguleikunum.

Allt hitt er spurning um pössun. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Frétt ehf. RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN, AUGLÝSINGAR OG DREIFING: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** SETNING OG UMBROT: Frétt ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# Spring Air NeverTurn heilsudýnur





Val um 100% náttúrleg gæðaefni



Laserskorin ConformaFoam eða Latex heilsu og hægindalag



Steyptar hliðarstyrkingar tryggja stífan setkant og meira svefnsvæði



Tvíhert háþróað gormakerfi



The NeverTurn™ Mattress

Spring Air®

Komdu í verslun okkar að Faxafeni 5 og við hjálpum þér að finna réttu dýnuna fyrir þig á **ótrúlegu tilboði!**

# Nú er tækifærið!

Betra BAK

**Faxafeni 5 • Sími 588 8477 www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16**

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

*Krónan féll árið 2001 eftir að Seðlabankinn hætti að verja hana og tók upp verðbólgumarkmið í stað þess að horfa á vikmörk gjaldmiðilsins. Það leiddi svo aftur til þess að tólf mánaða verðbólga fór hæst í 9,4 prósent í janúar 2002. Vonir um stóriðjuframkvæmdir og vöxtur útflutningsfyrirtækja eins og Actavis, Össurar og Bakkavarar á tímabilinu drógu úr fallinu og mjúk lending hagkerfisins var staðreynd.*

# Glóð sem gæti orðið bál

**Verðbólgan kraumar undir í íslensku efnahagslífi. Sterk króna er múrinn sem stöðvar framrás hennar. Líkur eru á að sá múr gefi ekki eftir á næstunni. Margir óttast hins vegar að viðskiptahallinn sé ávísun á veikingu, jafnvel snöggri með tilheyrandi verðbólguskoti.**


FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**VIÐSKIPTAHALLI Á HJÓLUM** Eitt einkenni einkaneyslu er vaxandi bílainnflutningur. Svigrúm margra hefur aukist verulega með nýjum íbúðalánum. Penslan er töluverð um þessar mundir og verðbólgan lætur á sér kræla. Krónan er sterk og meðan svo er liggur verðbólgan í láginni, en lítið má út af bera til þess að hún rísi upp af fullum krafti.

Verðbólgan er á þolmörkum verðbólgumarkmiðs Seðlabanka Íslands fyrr en flestir bjuggust við. Hagfræðingar telja verulegar líkur á að hún fari upp fyrir þolmörkin á næstunni. Efri þolmörkin eru fjögur prósent verðbólga á síðustu tólf mánuðum.

Flestar efnahagsspár gera síðan ráð fyrir að verðbólgan minnki í framhaldinu, en það er háð því að gengi krónunnar gefi ekki eftir of hratt og of snemma. Einkenni framtíðarveikingar krónunnar eru fyrir hendi í formi halla á viðskiptum okkar við útlönd.

Eins og verið hefur um skeið er það hækkun verðs húsnæðis sem drífur verðbólguna áfram. Húsnæði hækkaði um 2,9 prósent milli mánaðanna desember og janúar. Ljóst er að lækkandi vextir íbúðalána og möguleikar fólks til að endurfjármagna dýrari lán kyndir undir hækkun húsnæðisverðs. Spurningin sem menn spyrja sig nú er hversu lengi og hversu mikið húsnæði haldi áfram að hækka. Fæstir búast hins vegar við lækkun á fasteignaverði á næstunni.

**Skuldir hækka**

Verðbólgan hækkar skuldir landsmanna, en að því marki sem húsnæðishækkun er drifkrafturinn þá aukast eignir á móti. Stór hluti lána íslenskra heimila eru verðtryggð og hækka því með vísitölu neysluverðs. Heimilin hafa bætt við sig erlendum lánum að undanförnu, en þau lán hafa lækkað með styrkingu krónunnar, en gætu hækkað snögglega ef krónan veikist hratt. Yfirdráttarskuldir hafa minnkað, en þau lán verða dýrari með hverri stýrivaxtahækkun Seðlabankans. Verðbólgutölurnar nú er taldar ávísun á að Seðlabankinn tvínóni ekki við frekari hækkanir og er gert ráð fyrir að stýrivextir verði komnir í tíu prósent um mitt þetta ár. Það þýðir að skammtímalán eins og yfirdráttur verða afar óhagstæð og ef skynsemin ræður muni íslensk heimili draga úr neyslu fremur en að auka skammtímalán. Það myndi að óbreyttu draga úr

## Verðbólgan nú kemur ekki á óvart

Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingu Seðlabankans, segir að nýjar verðbólgutölur, sem sýna að verðbólgan er við efri þolmörk Seðlabankans, komi ekki á óvart. „Þetta er í samræmi við okkar spár og ekkert óvænt að gerast. Við vissum að það væri líklegt að við færum yfir þessi mörk snemma á þessu ári og það hefur legið fyrir frá því snemma á síðasta ári,“ segir hann. Hann segir vonir hins vegar standa til þess að ársverðbólgan lækki töluvert þegar líður á árið. „Ef okkur tekst að halda okkur innan við þær hækkanir sem urðu í mars og apríl í fyrra munum við sjá hjaðnandi verðbólgu nú á vormánuðum,“ segir Arnór.


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**ARNÓR SIGHVATSSON** Auðvitað myndi það hjálpa mikið ef frekara aðhald kæmi frá öðrum vígstöðvum.

Nokkuð hefur verið gagnrýnt að opinberar gjaldskrárhækkanir hafi lyft verðbólgunni í síðustu mælingu. Arnór segir hins vegar að það ætti ekki að hafa komið á óvart að slíkar hækkanir ættu sér stað í þessum mánuði, það væri alvanalegt, og hækkanirnar nú séu minni en þær voru í fyrra. „Það sem hefur verið að gerast á síðustu árum er að verðlag á opinberri þjónustu hefur verulega dregist aftur úr hækkunum á almennum markaði. Síðan hafa þessar gjaldskrár verið að rétta sig af og nálgast verðbreytingar annars staðar,“ segir hann. Arnór á því von á að verðbólga fari hjaðnandi á næstu mánuðum. „Það sem er að hjálpa okkur er sterkt gengi krónunnar,“ segir hann.

Arnór segir að Seðlabankinn hafi brugðist kröftuglega við þróun í efnahagsmálum með vaxtahækkunum á síðasta ár og minnir á að bankinn hafi gefið sterklega í skyn að hann muni áfram hækka stýrivextina. Hann segir einnig að varast beri að gera of mikið út gildi hinna svokölluðu þolmarka vaxtastefnu Seðlabankans. „Auðvitað er ekki mikill munur á fjögurra prósent verðbólgu og 4,1 prósent verðbólgu.“ ■

## Seðlabankinn hækki vexti hraðar og meira

Jón Steinsson hagfræðingur segir Seðlabankann hafa brugðist af festu við þeirri stöðu sem uppi er í efnahagslífnu. „Heimurinn ferst ekki þótt verðbólgan fari yfir þolmörkin en það er hins vegar vísbending um að Seðlabankinn hafi misreiknað undirliggjandi spennu og þurfi því að hækka vexti meira og hraðar en markaðurinn gerir ráð fyrir,“ segir hann.


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**JÓN STEINSSON** Vissulega er útflutningsiðnaðurinn að taka skell en orsök þess er ekki aðgerðir Seðlabankans.

Ólíkt flestum sem tjá sig um efnahagsmálin telur Jón ekki að Seðlabankinn beri of miklar byrðar í efnahagsstjórninni. „Ég er á þeirri skoðun að sem sveiflujöfnunartæki þá eigi Seðlabankinn að bera mestar byrðar. Auðvitað væri gott ef ríkisvaldið frestaði stórum verklegum framkvæmdum á meðan slíkar framkvæmdir eru í gangi á vegum einkaaðila,“ segir hann. Hann telur umræðu um mikilvægi hallalausra fjárlaga í síðustu niðursveiflu hafa verið misráðna. „Það var mikið talað um það þá að það þyrfti að skera niður verklegar framkvæmdir en þá átti einmitt að auka við þær svo hægt væri að skera þær niður núna,“ segir hann.

Jón gerir heldur ekki athugasemd við að ríkisstjórnin hafi lækkað skatta í miðju góðæri. „Þeir sem eru á móti skattalækkunum geta alltaf sagt að tímasetning sé óheppileg,“ segir hann. Jón bendir einnig á að flest þau viðfangsefni sem nú séu uppi í efnahagsstjórn séu sökum almennrar velsældar. „Vissulega er útflutningsiðnaðurinn að taka skell en orsök þess er ekki aðgerðir Seðlabankans. Seðlabankinn verður að grípa í taumana út af mikilli spennu í kjölfar álversframkvæmda og það var pólitísk ákvörðun að byggja álverið,“ segir hann. ■

## Staða krónunnar lykilatriði

Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Íslandsbanka, segir að staða íslensku krónunnar ráði mestu um hvernig verðlagsþróun verði á næstu misserum. „Okkar spá er sú að ef gengi krónunnar helst á þeim slóðum sem það er nú á þá muni verðbólgan fara niður um mitt árið og yrði lægri en verðbólgumarkmið Seðlabankans segir til um út þetta ár.“

Hann telur þó blikur á lofti um að sú forsenda haldi. „Ef eitthvað er þá reiknum við heldur með að krónan gefi eftir þegar líður á árið. Það er stór óvissuþáttur. Við sjáum misvægið í hagkerfinu þegar við lítum á viðskiptahallann og einhvern tímann kemur það misvægi fram í lækkun á gengi krónunnar,“ segir Ingólfur.

Annað atriði sem Ingólfur telur vert að fylgjast með er þróun á húsnæðismarkaði. Síðustu tölur benda til þess að mikil hækkun sé á verðmæti húseigna um þessar mundir og ef sú hækkun heldur áfram þá muni það hafa í


ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!
460 4700 · www.iv.is

Verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003

Góð ávöxtun vegur þungt
– og þar erum við á toppnum!

9,3%*

Verðbréf 3 - Peningamarkaður
Íslensk verðbréf - Eignastýring hf.
*Nafnávöxtun frá 01.12.2004 - 31.12.2004 á ársgrundvelli



einkaneyslu og þenslu. Sú staða eykur hins vegar hvata þeirra sem eru með skammtímalán og eiga húseignir að endurfjármagna skuldir sínar, greiða upp yfirdráttinn og taka fullan þátt í veislunni áfram.

**Samningar í hættu**

Alþýðusamband Íslands er gagnrýnið á stöðu efnahagsmála. Þar óttast menn að forsendur kjarasamninga muni bresta. Í samningunum var gert ráð fyrir að verðbólga yrði nálægt verðbólgumarkmiði Seðlabankans sem er 2,5 prósent, yfir samningstímann. Það á bæ gagnrýna menn ríkisstjórnina fyrir að láta Seðlabankann einan um að vinna gegn verðbólgunni og óttast að sú verðbólga sem mælist nú á sama tíma og olíuverð lækkar og krónan styrkist sé forsmekkurinn að því sem koma skuli þegar og ef krónan gefi eftir. Þá muni innfluttar vörur hækka, með tilheyrandi verðbólguskoti í kjölfarið. Hvenær það gerist fer eftir því hversu framsýnn gjaldeyrismarkaðurinn er. Um leið og menn sjá fyrir endann á gjaldeyrisinnstreymi vegna stóriðjuframkvæmda mun krónan gefa eftir. Ef hins vegar verður séð fram á frekari erlenda fjárfestingu í nýrri stjóriðju eða öðru slíku myndi hún halda styrk.

**Lánsfé streymir inn**

Dæmin eru þekkt. Krónan féll árið 2001 eftir að Seðlabankinn hætti að verja hana og tók upp verðbólgumarkmið í stað þess að horfa á vikmörk gjaldmiðilsins. Það leiddi svo aftur til þess að tólf mánaða verðbólga fór hæst í 9,4 prósent í janúar 2002. Vonir um stóriðjuframkvæmdir og vöxtur útflutningsfyrirtækja eins og Actavis, Össurar og Bakkavarar á tímabilinu drógu úr fallinu og mjúk lending hagkerfisins var staðreynd. Í raun er vart hægt að tala um samdrátt á tímabilinu. Hagvöxturinn varð lítill sem enginn, en tók fljótt við sér. Þeir bjartsýnustu vona að slíkt hið sama gerist næst. Útrásin og nýjar framkvæmdir muni tryggja að hagvöxtur verði áfram nokkur og mjúk lending verði í efnahagslífinu.

Hækkun stýrivaxta Seðlabankans hefur þau áhrif að styrkja krónuna. Ástæðan er sú að vaxtamunur milli Íslands og nágrannalandanna vex og þar með hvati fyrirtækja og einstaklinga sem tök hafa á að hafa skammtímaskuldir sínar í erlendum myntum. Gjaldeyrir streymir því inn í landið í formi lánsfjár á sama tíma og innstreymi er vegna stóriðjuframkvæmda.

Áhyggjur hinna svartsýnu snúast einkum að því hvað gerist þegar dregur úr spennu hagkerfisins og vextir taka að lækka. Stýrivextir eru fremur óhákvæmt tæki og langur tími líður frá því að því að því er beitt þar til það fer að hafa áhrif. Tímasetningar vaxtabreytingar eru afar mikilvægar og vandasamar. Seðlabankinn hefur fleiri tæki til þess að bregðast við þenslunni en vaxtahækkanir. Seðlabankinn hefur möguleika á að stýra peningamagni í umferð með aukinni bindisskyldu bankanna. Bankarnir sækja hluta fjármögnunar sinnar í Seðlabankann og með því að tempra þanna aðgang getur Seðlabankinn takmarkað laust fé í hagkerfinu.

**Teningum kastað á mjúka lendingu**

Seðlabankinn mun nú sem fyrr bera höfuðþungan af þróun hagkerfisins næstu misserin og þarf að standa vaktina betur en nokkru sinni fyrr. Með því að verðbólgan fari yfir þolmörk er hætta á að verðbólguvæntingar í samfélaginu aukist; að markaðurinn hafi takmarkaða trú á að aðhald Seðlabankans verði nægjanlegt til þess að verðbólgumarkmið haldi. Það hefur áhrif á óverðtryggð skuldabréfa og fleiri verðbréf sem taka mið af verðbólguvæntingum. Söguleg reynsla fær menn einnig til að efast um að aðhald ríkisfjármála verði raunverulega jafn mikið og boðað er. Blikurnar eru á lofti. Síðast lentum við mjúklega og stjórnvöld veðja nú á að hið sama gerist aftur. Hvað gerist verður að koma í ljós.

haflidi@frettabladid.is
thkjart@frettabladid.is







**INGÓLFUR BENDER** Áhættan í okkar spá er því klárlega upp á við. Það eru líkur á því að við eigum eftir að sjá verðbólguna yfir verðbólgumarkmiðinu þegar árið er liðið.

för með sér að verðbólgan verði mun hærri en Íslandsbanki hefur spáð. „Áhættan í okkar spá er því klárlega upp á við. Það eru líkur á því að við eigum eftir að sjá verðbólguna yfir verðbólgumarkmiðinu þegar árið er liðið," segir hann. Sú þróun veldur áhyggjum um að slæm keðjuverkun fari af stað sérstaklega ef forsendur kjarasamninga bresta og að launaliður kjarasamninga verði tekinn til endurskoðunar til hækkunar næsta vetur. „Það sem Seðlabankinn er að berjast við í augnablikinu er að bjarga kjarasamningum. Fyrir utan að ná verðbólgunni niður er það sjálfstætt viðfangsefni að koma í veg fyrir að launaliður þeirra verði endurskoðaður til hækkunar," segir hann.

Ingólfur segir hlutdeild hins opinbera í hækkun neysluverðsvísitölunnar nú vera stóran og telur því til viðbótar að aðhald hins opinbera sé ónógt. „Þess vegna lendir þetta meira og minna á Seðlabankanum og við sjáum þetta ójafnvægi í hagkerfinu sem kemur fram í viðskiptahalla, sterkri krónu og versnandi stöðu útflutningsatvinnuveganna," segir Ingólfur. ■



**SUSAN SONTAG (1933-2004) VAR FÆDD ÞENNAN DAG.**



*„Metnaður, ef hann nærist á annað borð, nærist á metnaði annarra.“*

***Hún var einn áhrifamesti rithöfundur Bandaríkjanna á 20. öld.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Íranskeisari flýr land*

Þennan dag 1979 flýði Mohammad Reza Shah Pahlavi Íranskeisari land. Tveim vikum seinna sneri Ayatollah Khomeini heim úr 15 ára útlegð og tók völdin í landinu. Landið varð íslamskt lýðveldi. 1941 tóku herir Breta og Sovétmanna Íran og neyddu keisarann til þess að segja af sér. Sonur hans, Mohammad Reza Shah Pahlavi, tók við. Þótt í ríkinu væri að nafninu til stjórnarskrárbundin stjórn keisarans hafði hann miklu meiri afskipti af stjórn landsins en þar var kveðið á um. Eftir að hann bældi niður samsæri kommúnista 1949 urðu völd hans enn meiri. Hann varð þó í bili að láta í minni pokann fyrir Mossadeq, heitum þjóðernissinna sem náði völdum á sjötta áratugnum og þjóðnýtti olíuiðnaðinn gegn vilja keisarans. Bandaríkjamenn og Bretar hjálpuðu keisaranum að koma Mossadeq frá völdum. Andstaða sjíamúslima fór vaxandi í landinu því keisarinn reyndi að færa landið til vestrænna hátta og ítrekaði líka hinn persneska uppruna ríkisins andspænis múslimskum háttum. Keisarinn var líka talinn lifa í óhófsmunaði sem var vatn á myllu trúarleiðtoga. 1964 var Ayatollah Ruhollah Khomeini sendur í útlegð. Hann var landflótta í Írak og kom fram í útvarpssendingum til föðurlandsins þar sem hann réðist að keisaranum. Í landinu var vaxandi ónægja með stjórn keisarans sem endaði með því að hann hrökklaðist úr landi. Keisarinn lést í Egyptalandi 1980.



**ÍRANSKEISARI OG KONA HANS, FARAH DIBA.**
Hann flýði land 16. janúar 1979.

## MERKISATBURÐIR

**1919** Áfengisbann tekur gildi í Bandaríkjunum.
**1942** Pólska skipið Wigry ferst út af Mýrum. 25 menn farast, þar af tveir Íslendingar. Tveir bjargast.
**1945** Hitler leitar skjóls í neðanjarðarbyrgi sínu í Berlín en herir Bandamanna nálgast borgina.
**1947** Talsímasambandi komið á við Bandaríkin.
**1960** Selma Jónsdóttir ver doktorsritgerð við Háskóla Íslands, fyrst kvenna.
**1973** Fyrsti Spánartogarinn, Bjarni Benediktsson, kemur til Íslands.
**1991** Persaflóastríðið hefst.
**1995** Snjóflóð fellur á Súðavík. Fjórtán manns farast.

## AFMÆLI

**Einar L. Nielsen**, vélfræðingur og framkvæmdastjóri Rammagerðarinnar, er sjötugur í dag.



**Sigríður Jónsdóttir** félagsfræðingur er 55 ára í dag.

**Árni Björnsson** þjóðháttafræðingur er 72 ára.



**Gunnar Kvaran** sellóleikari er 61 árs í dag.



**Dagný Jónsdóttir** þingmaður er 29 ára í dag.

## ANDLÁT

**Ragnar Guðbjartur Árnason**, Laugarnesvegi 76, lést föstudaginn 31. desember. Útförin fór fram í kyrrþey.

**Sóley Magnúsdóttir**, Bolungarvík, andaðist fimmtudaginn 13. janúar.

**Gylfi Árnason**, Árskógum 2, lést fimmtudaginn 13. janúar.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.




†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Ólafs Kristjánssonar**

(Óla frá Hraungerði), Bakkahlíð 39, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks í Bakkahlíð 39 fyrir góða umönnun.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Elsa Axelsdóttir**



†

*Elsku litli drengurinn okkar,*

**Karl Hannes Unnarson**

lést á heimili sínu sunnudaginn 9. janúar. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 17. janúar kl. 13.

**Unnur Karen Karlsdóttir,**

**fjölskyldan Langagerði 9 og aðrir aðstandendur.**

†



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, vináttu, gjafir, framlag í Minningarsjóð og annan hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, bróður, afa og langafa,*

**Guðlaugs Bergmann**

Sólbrekku, Hellnum, Snæfellsbæ.

**Guðrún G. Bergmann**
**Guðlaugur Bergmann yngri og Auður Björk H. Kvaran**
**Guðjón Bergmann, Jóhanna Bóel Bergmann og börn**
**Daníel Magnús Guðlaugsson, Hafdís Guðmundsdóttir og synir**
**Ólafur Gunnar Guðlaugsson, Herdís Finnbogadóttir og synir**
**Ragnar Guðlaugsson, Lára Birgisdóttir, börn og barnabörn**
**Ásgeir Theodór Bergmann og fjölskylda á Bahamas**




PÓSTMENN ÁTTU ALDREI FRÍ

# Báru út póst á aðfangadagskvöld

Nú fyrir jólin kom út bókin „Póstsaga Íslands 1873-1935“ eftir Heimi Þorleifsson sagnfræðing. Bókin er á fimmta hundrað síður og fjallar um það tímabil þegar raunveruleg póstþjónusta verður til í landinu. Heimir sendi fyrir nokkrum árum frá sér bók um póstsöguna 1776–1873. Þótt menn telji póstþjónustu hafa hafist hér 1776, þá var fyrst og fremst um embættisbréf að ræða, og embættismenn önnuðust þjónustuna sem aukaverk frá öðrum störfum. Sjaldgæft var að almenningur notaði sér þessa póstþjónustu þótt dæmi séu til þess og raunveruleg almenn og sjálfstæð póstþjónusta er ekki til á þessum tíma. 1873 er skipaður póstmeistari hér, frímerki eru tekin í notkun og menn ráðnir til bréfhirðingar og póstflutninga. Tímamótin náðu tali af Heimi Þorleifssyni og spurðu hann um efni bókarinnar og tilurð.

„Ég hóf að vinna að þessu 1986 fyrir Póst og síma og fyrsta verkið var bókin „Söguþræðir símans“. Þá vann ég þetta með öðru, var kennari í Menntaskólanum í Reykjavík. En nú hef ég getað sinnt þessu í fullu starfi í nokkur ár og þá unnið að póstsögunni. Seinustu árin, eftir breytingarnar í eignarhaldi og rekstri póstsins, hef ég unnið að þessu á vegum samgönguráðuneytisins. En Íslandspóstur hefur stutt þetta dyggilega.“

Af hverju miðarðu við 1873?

„Þá verður til hin eiginlega sjálfstæða póstþjónusta í landinu. Frímerki eru prentuð, pósthús er opnað í Reykjavík og menn ráðnir sérstaklega til þess að taka við pósti og flytja hann. Þetta er í raun stórkostleg breyting á starfsmannahaldi hins opinbera. Áður eru bara nokkrir embættismenn við störf, sýslumenn, dómarar, örfáir læknar og nokkur fjöldi presta. En nú bætast við tugir og hundruð manna ef allir eru taldir. Raunar er það svo að heimildir mínar um fyrstu ár póstþjónustunnar eru ekki síst úr bréfum þessara manna. Oftast eru þeir að kvarta um kjör sín og lýsa um leið aðstæðum og atvikum við störfin.“

En er ekki líka mikil samgöngusaga í þessu verki?

„Jú. Ísland hefur þá sérstöðu meðal þjóðanna að hér voru engar almannasamgöngur fyrir. Í öðrum löndum voru til dæmis skipulegar ferðir járnbrauta. Á Íslandi er þessu ekki til að dreifa og því verða póstyfirvöldin að sjá um og skipuleggja þessar ferðir. Nú, samkvæmt stöðulögunum frá 1871 bar Dönum skylda til þess að halda uppi samgöngum við Ísland og þessar ferðir eru nýttar fyrir póst. Það kom í ljós í þessum athugunum mínum að miklu fleiri ferðir voru farnar milli landa en áður hefur verið talið. Íslendingar taka á hinn bóginn sjálfir að kosta strandsiglingar með póst, farþega og flutning nánast um leið og þeir verða sjálfs sín ráðandi í fjárhagsmálum 1875. Og þessar strandferðir og flóasiglingar eru miklu meiri og mikilvægari en margir halda. Ég fann ágætar heimildir um þetta í skjölum Póstsamgönguráðuneytisins og ég held að ekki hafi fyrr verið tekið saman jafn mikið efni um þetta á einum stað. Nú og svo eru í bókinni fjölmargar myndir, sem sumar hverjar hafa ekki birst áður.

Er eitthvað sem kom þér á óvart?

„Það var í sjálfu sér margt. En ég get nefnt að ég vissi ekki að Íslendingar hefðu átt póst í hinu fræga skipi Titanic sem fórst 1912. En þarna voru íslensk bréf og póststjórnin varð að greiða mönnum smáræði í bætur fyrir. Annað sem kom mér á óvart var hin geysilega vinnuharka sem tíðkaðist hjá póstmeistaranum. Sem dæmi um þetta má nefna auglýsingu frá Sigurði Briem póstmeistara 1912. Þar kemur fram að menn gátu sett bréf í póst rétt fyrir hádegi á aðfangadag og merkt þau „jólakvöld“ og voru bréfin þá borin út á aðfangadagskvöld eftir klukkan sex. Þess má geta að annar tveggja bréfbera í bænum þetta ár var Erlendur í Unuhúsi.“ ■

Fyrstu 300 sætin
á ótrúlegu tilboðsverði

Staðurinn
sem sló í gegn
í fyrra



# Króatía

10.000 kr.
afsláttur
Þeir sem bóka strax, geta tryggt sér 10.000 kr. afslátt.

## Heitasti áfangastaður Evrópu

### Beint flug Heimsferða frá aðeins

# 26.995 kr.*

CROATIA

## Ótrúlegt verð í sumar

**46.095 kr.**

Hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð með sköttum 26. maí með 10.000 kr. afslætti. Diamant íbúðahótelið. Netverð.

**58.990 kr.**

M.v. 2 í íbúð á Laguna Park, vikuferð með sköttum, 2. júní með 10.000 kr. afslætti. Netverð.

* Flugsæti á mann til Trieste miðað við hjón með 2 börn. 2. júní.



Króatía er nú orðin einn eftirsóttasti áfangastaður ferðamanna í Evrópu, enda er landið stórkostleg náttúruperla, menningin og mannlífið frábært auk þess sem verðlag er ótrúlega hagstætt. Heimsferðir bjóða beint flug vikulega í allt sumar til þessa einstaka áfangastaðar sem heillar alla sem þangað koma. Uppbyggingin í Króatíu síðustu árin er hreint aðdáunarverð. Þar er gott úrval gististaða með frábærum aðbúnaði, glæsilegri umgjörð og góðri þjónustu. Strandlengja Adríahafins er ein sú fegursta í Evrópu með vogskornum ströndum, eyjum og skerjum þar sem aldagamlir bæir skaga út í hafið.

*Þú getur sótt bæklinginn á skrifstofu okkar, til umboðsmanna eða fengið hann sendan. Þú getur líka kynnt þér málið á www.heimsferdir.is*




## Glæsilegir gististaðir





Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • www.heimsferdir.is


MYND/LOFTMYNDIR

# Súðavík flutt

**Tíu ár eru í dag liðin frá því að snjóflóð féll á Súðavík og hreif með sér fjórtán mannslíf. Í kjölfar flóðanna var nýtt þorp reist, litlu innar í Álftafirði, þar sem ekki er hætta á að snjóflóð falli. Flutningur byggðarinnar var þrekvirki. Björn Þór Sigbjörnsson blaðamaður og Pétur Sigurðsson ljósmyndari voru á ferð í Súðavík í vikunni.**

Heimamaður í Súðavík hafði á orði við blaðamann að það væri með hreinum ólíkindum að byggðin hefði verið flutt til á sínum tíma. Hann vissi ekki hverjum hefði fyrst dottið í hug að færa byggðarlagið en sagði flesta sem að komu hafa gripið hugmyndina á lofti.

Það þurfti kraft og dirfsku til að ráðast í framkvæmdina og með samhentu átaki heimamanna og annarra tókst það. Þorpið var flutt undan Súðavíkurhlíðinni skelfilegu á öruggt svæði innar í firðinum. Sveitarstjórinn hafði fáum dögum fyrir flóðið gengið frá kaupsamningi á jörðinni sem byggt var á. Þar hafði skólinn áður verið reistur, á skika sem sveitarfélaginu var gefinn. Í nýju byggðinni standa bæði ný hús og eldri sem flutt voru af hættusvæðinu. Undir hlíðinni eru enn tugir húsa sem fólk hefst við í á sumrin. Þá margfaldast íbúafjöldi Súðavíkur, sem alla jafna er 180 manns, og allt iðar af lífi og fjöri. ■

# Sólin dofnaði og skín aldrei jafn skært á ný

**Hafsteinn Númason var um borð í Bessa þegar snjóflóðið féll. Í landi voru Berglind Kristjánsdóttir eiginkona hans og litlu börnin þeirra þrjú. Börnin létust og Berglind slasaðist illa. Hafsteinn vildi helst hætta að anda eftir slysið.**

„Ég stóð í brúnni og á skall svarta myrkur. Skipstjórinn studdi mig í sæti þar sem ég jafnaði mig aðeins áður en ég fór niður í klefa. Þar sat ég og grét með myndina af börnunum í fanginu. Ég gat ekki verið kjur og strákarnir vissu ekki hvernig þeir áttu að koma fram við mig."

Svona lýsir Hafsteinn fyrstu mínútunum eftir að hann frétti að snjóflóð hefði fallið á Súðavík og hrifið með sér húsið hans. Hann vissi að konan hans hafði fundist illa slösuð en að barnanna væri saknað.

Hafsteinn var um borð í Bessanum þegar flóðið féll. Veðrið var kolvitlaust og skipstjórinn taldi hættu á að fleyið strandaði í höfninni og lokaði henni. Hafsteinn var sammála þessu mati skipstjórans því hann vissi að sjóleiðin var sú eina færa til björgunar. Minni skip gætu komist inn.

„Ég man mjög lítið eftir þessum tíma en man þó að í eitt skipti ætlaði ég að ná mér í flotbúning og synda í land. Sem betur fer hætti ég við það."

### Von og ótti

Um ellefuleytið fór Hafsteinn um borð í Haffarann ásamt Ómari Má Jónssyni, sem líka átti skyldfólk í þorpinu, og þannig komust þeir í land. Þeir fóru í frystihúsið þar sem stjórnstöð björgunar- og hjálparstarfs hafði verið komið á fót og þar hitti Hafsteinn konuna sína, alvarlega slasaða. „Þar frammi sá ég að þeir voru með yngsta son minn Aðalstein Rafn, sem var tveggja ára, og gerðu á honum lífgunartilraunir. Skömmu síðar sá ég að þeim tilraunum var hætt. Það var rosalega erfitt. Ég sagði konunni minni ekki frá því fyrr en við komum til læknis á Ísafirði síðar um daginn."

Áfram hélt leitin og og áfram hélt Hafsteinn í þá von að hin börnin tvö, Kristján Númi fjögurra ára, og Hrefna Björg sjö ára, fyndust á lífi. „Maður hélt alltaf í vonina en vissi svo sem að það var útilokað. Svo kviknaði smá von þegar leitarmenn fundu Tomasz á lífi, sólarhring eftir að flóðið féll. Börnin mín fundust svo um kvöldið á þriðjudag, þau voru þau síðustu sem fundust. Læknirinn sagði mér að þar sem þau hefðu verið sofandi í náttfötunum sínum hefðu þau fengið lost í þessum mikla kulda og dáið þannig. Það var mikil huggun í því."

### Vildi helst hætta að anda

Hafsteinn og Berglind flugu til Reykjavíkur fáum dögum eftir slysið og hann rifjar upp hve skrítið og erfitt það var. „Við fórum með áætlunarfluginu og það var sérstakt að koma í flugstöðina í Reykjavík sem var full af fólki." Landsmenn þekktu Hafstein í sjón eftir viðtöl sem birtust í sjónvarpi og blöðum. Líklega væri öðruvísi staðið að málum nú.

Við tók erfiður tími í undarlegu tómi. „Fyrst eftir slysið vildi maður helst hætta að anda, hætta að vera til. Og ég man að við gátum eiginlega ekki labbað framhjá bleyjunum og barnadótinu úti í búð. Maður gat bara ekki horft á þetta. Eins fannst mér fáránlegt að sjá barnaefni í sjónvarpinu. Manni fannst að þetta ætti að hætta af því að börnin voru ekki lengur til. Maður gat ekki horft á svona, maður var svo viðkvæmur."


FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HAFSTEINN NÚMASON** „Við vorum heppin að geta eignast aftur börn og það hefur gefið lífinu tilgang. Maður hefði sjálfsagt gefist upp ef maður hefði ekki haft stelpurnar. Þegar maður hefur átt börn þá er ekkert líf án barna."

Lífið gjörbreyttist á ný þegar þau eignuðust aftur börn. Fyrst fæddist Íris Hrefna í desember 1996 og svo Birta Hlín einu og hálfu ári síðar. „Við vorum heppin að geta eignast aftur börn og það hefur gefið lífinu tilgang. Maður hefði sjálfsagt gefist upp ef maður hefði ekki haft stelpurnar. Þegar maður hefur átt börn þá er ekkert líf án barna."

### Sorgin er komin til vera

Þegar fjölskyldan var að reyna að fóta sig í lífinu á nýjan leik byrjaði Hafsteinn að aka sendibíl. Framan af var tíðin erfið og lítið að gera.

„En þegar loksins fór að ganga vel sveik hnéð mig og ég þurfti að hætta. Ég var frá vinnu í heilt ár og þá vorum við komin í svolítið basl. Við bjuggum í tveggja hæða húsi í Mosfellsbæ en seldum það og fluttum á eina hæð á Kjalarnesinu og kunnum mjög vel við okkur þar. Ég fór svo að aka leigubíl en lenti í bílslysi árið 2001 og hef ekkert unnið síðan." Slysið var alvarlegt. Hafsteinn var á leið í veiðitúr ásamt félaga sínum þegar hvellsprakk á hjólbarða og bíllinn valt. Hann laskaðist mjög í andlitinu og ber þess merki. Félagi hans slapp vel úr slysinu.

Hafsteinn getur illa útskýrt andlega líðan sína, nú þegar tíu ár eru liðin frá snjóflóðinu. „Ég veit ekki almennilega hvernig ég hef það. Ég er dálítið þungur og hef verið á þunglyndislyfjum sem hafa haldið mér gangandi upp á síðkastið. Fyrst eftir að ég kom suður fór ég til geðlæknis og hef alltaf verið hjá honum af og til. En það voru líka mikil viðbrigði að þurfa að hætta að vinna. Ég hafði alla mína tíð verið á kafi í vinnu."

Hafsteinn og Berglind eru nú skilin að skiptum.

Aðalsteinn Rafn, Kristján Númi og Hrefna Björg hvíla í Gufuneskirkjugarði og þar vitja pabbi og mamma og stelpurnar þeirra á afmælisdögum. Stundirnar við leiðin eru erfiðar en um leið dýrmætar. „Sagt er að tíminn lækni öll sár en það er ekki rétt. Berglind sagði, sem er miklu réttara, að sorgin sé komin til að vera og við þurfum að læra að lifa með henni. Þegar þetta gerðist dofnaði sólin og hún skín aldrei jafn skært á ný." ■

*Útsalan hefst á morgun • Útsalan hefst á morgun • Útsalan hefst á morgun • Útsalan hefst á morgun*

ÚTSALA

HB HERRAFATAVERSLUN BIRGIS

FÁKAFENI 11 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 553 1170

ENNEMM / SÍA / NM14802

# Nýjung á Íslandi:
# Eðal drottningarhunang í töfluformi
## –Sannkölluð bætiefnabomba fyrir líkama og sál!





**Ástrós Gunnarsdóttir,** dansari, danshöfundur og danskennari:

„Dansinn útheimtir mikla orku. Ég fann mína orkubombu í Eðal drottningarhunangi því þar fæ ég öll bætiefnin í einni töflu sem virkar á mig sem sannkallað orkuskot. Ég mæli hiklaust með Eðal drottningarhunangi fyrir alla sem sækjast eftir auknu úthaldi og vellíðan."

## Fáðu þér bætiefnabombu!

Eðal drottningarhunang í töfluformi er nú fáanlegt hér á landi. Það er nýjung því hingað til hefur drottningarhunang einungis fengist í fljótandi formi. Eðal drottningarhunang eykur orku, vellíðan og úthald. Það inniheldur fjölmörg vítamín, steinefni og efnahvata og er ennfremur mjög próteinríkt. Um er að ræða 100% náttúruvöru því engum aukaefnum er bætt í töflurnar. Töflurnar eru litlar og því auðveldar inntöku. **Eðal drottningarhunang hentar öllum aldurshópum.**

**Hvað gerir Eðal drottningarhunang?**
Mikið hefur verið fjallað um eiginleika drottningarhunangs til að yngja líkamann upp, styrkja ónæmiskerfi hans og hjálpa honum þar með að vinna gegn sýkingum og berjast við ýmsa sjúkdóma. Drottningarhunang virkar einnig vel á innkirtlakerfið og hefur mjög góð áhrif á líðan kvenna á breytingaskeiði.

**Hvað er drottningarhunang?**
Drottningarhunang inniheldur nær öll næringarefni sem við þurfum á að halda, þ. e. öll B-vítamínin, C-vítamín, ennfremur mikið af steinefnum og eggjahvítuefnum, bæði einstakar amínósýrur og mikið af efnahvötum sem hjálpa líkamsstarfseminni. Þar má einnig finna fitusýrur, sykrunga, sterol, kjarnasýrur og gammaglóbín, sem líkaminn notar til að styrkja eigið ónæmiskerfi.




HÖNNUN: GEIMSTOFAN/FREMRI

FÆST Í VERSLUNUM LYFJU

Royal Nature Products

Taktu þátt í verðlaunagetrauninni
sjá www.rnp.is

VERSLANIR/SÖLUAÐILAR ATH! : DREIFINGARSÍMI RNP ER 899 5688



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**GAMLA BYGGÐIN** Ljós loga í húsunum í gömlu byggðinni í Súðavík yfir vetrarmánuðina. Húsin eru kynt með rafmagni og slökkni ljósin sjá heimamenn að rafmagnið hefur farið af. Geta þeir þá brugðist við svo ekki frjósi í leiðslum. Sérstakt er að horfa á týruna í gluggum gömlu húsanna, vitandi að fólk er ekki væntanlegt til dvalar fyrr en með vorinu.



**ALLT TIL ALLS** Öll þjónusta er undir einu þaki í nýju byggðinni í Súðavík. Hreppsskrifstofurnar, heilsugæsluselið, sparisjóðurinn, pósthúsið, veitingastaðurinn, verslunin og bensínstöðin. Allt á einum stað.



**BÖRN AÐ LEIK** Ungviðið í Súðavík réð sér ekki fyrir kæti yfir fannferginu í þorpinu á dögunum. Börnin í leikskólanum mokuðu snjónum til og frá eða renndu sér á þotum.

Missir Sigríðar Rannveigar Jónsdóttur og Þorsteins Arnar Gestssonar var mikill. Dóttir þeirra og foreldrar Þorsteins fórust í flóðinu. Parið unga flutti í burtu í kjölfarið en sneri svo aftur heim. Sigríður segir gott að búa í Súðavík en ekki líður sá dagur að hún hugsi ekki til atburðanna fyrir tíu árum.



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**SIGRÍÐUR RANNVEIG JÓNSDÓTTIR, LINDA RUT ÁSGEIRSDÓTTIR OG VICTOR ÖRN ÞORSTEINSSON** „Það líður ekki sá dagur að ég leiði ekki hugann að þessu að einhverju leyti," segir Sigríður. Linda Rut lá grafin undir flóðinu í fimm klukkustundir eða þar til hundurinn Hnota fann hana. Yngri dóttir Sigríðar, Hrafnhildur Kristín, fannst látin 24 klukkustundum eftir að flóðið féll.

# Maður lærir að lifa með þessu

Sigríður Rannveig tekur glaðleg á móti blaðamanni og ljósmyndara á heimili sínu á Arnarflöt að morgni dags. Hún hefur jafnað sig eftir að hafa ekið fram á snjóflóð sem féll úr Kirkjubólshlíðinni á veginn milli Ísafjarðar og Súðavíkur kvöldið áður. Þá stóð henni ekki á sama. Hún var að koma úr vinnu sinni á Ísafirði. „Ég hélt bara að ég myndi ekki lifa þetta af. Ég stífnaði undir stýri en sneri við í snarhasti, vildi forða mér í burtu. Þá hugsaði ég: hvað er maður að leggja þetta á sig?"

Heima bíða börnin fjögur; Linda Rut fimmtán ára, Jón Arnór átta ára, Victor Örn sex ára og Emilía Tera sem er á öðru ári. Það væsir ekki um þau, afi og amma í næsta nágrenni og allt með kyrrum kjörum í Álftafirði. Þorsteinn Örn er hins vegar á sjó, í fjögurra vikna túr á Guðmundi í Nesi.

Ungu hjónin bjuggu við Túngötu 4 þegar flóðið féll. Linda Rut var fimm ára en Hrafnhildur Kristín aðeins eins árs. Sigríður og Þorsteinn björguðust fljótlega en svo tók biðin við. Fimm klukkustundir liðu þar til Linda Rut fannst. Hún var furðu hress og man vel eftir því sem gerðist. Sólarhringur leið hins vegar þar til Hrafnhildur Kristín fannst. Hún var látin.

### Missirinn og hjátrúin

„Það líður ekki sá dagur að ég leiði ekki hugann að þessu að einhverju leyti," segir Sigríður þar sem við sitjum við eldhúsborðið hennar í Arnarflötinni. „Maður lærir að lifa með þessu en maður verður aldrei sáttur. Aldrei. Það var svo djúpt skarð höggvið í líf manns að það verður aldrei fyllt upp í það."

Rúmu ári eftir snjóflóðið fæddist þeim Þorsteini sonur og síðan hafa þau eignast tvö börn til viðbótar, fyrst annan strák og svo stelpu. „Ég eignaðist tvo stráka, sem var yndislegt og ég var svolítið fegin því vegna þess að þá var ég ekkert að líkja þeim saman við Habbý Stínu. Ég held að það hefði orðið ofsalega erfitt að eignast stelpu eftir slysið. Þá hefði Habbý Stína skyggt á hana."

Fyrir rúmu einu og hálfu ári kom svo Emilía Tera í heiminn. Hún er núna tveimur mánuðum eldri en Hrafnhildur Kristín var þegar hún lést. „Þær eru mjög líkar. Mér finnst stundum eins og ég sé með Habbý. Sérstaklega þegar Emilía var yngri. Stundum finnst mér það reyndar óþægilegt hennar vegna því ég vil að hún fái að njóta sín sem einstaklingur." Sigríður segir allan samanburð á börnum óþægilegan og ósanngjarnan. „Ég hef heyrt leiðinlegar sögur um fólk sem hefur misst

TILBOÐ Á EGLA BRÉFABINDUM - VERÐ 339 KR / STK. Tilboðið gildir til 31. janúar 2005
BIC Atlantis penni Verð 90 kr/stk
Borðleggjandi borðmottur
Ljósritunarpappír 397 kr/pakkningin
egla
Gatapokar 100 stk í pakka 486 kr/pk
Geisladiskar þar sem gæðin skara framúr í 10-25-50 og 100 stk einingum
Skilblöð númeruð, lituð, stafróf eða eftir mánuðum.
PILOT SUPER GRIP Verð 75 kr/stk
STABILO BOSS Verð 78 kr/stk
MÚLALUNDUR
Vinnustofa SÍBS • Hátúni 10c • Sími: 562 8500 • 562 8501 • Fax: 552 8819 • Heimasíða www.mulalundur.is

barn og eignast barn og skírt það sama nafni og þá er eins og sá einstaklingur fái ekki að njóta sín. Það er eins og nýja barnið eigi að koma í staðinn fyrir það sem fór.“

Ekki kom til greina hjá þeim hjónum að skíra litlu stúlkuna eftir Hrafnhildi Kristínu. Hún var alnafna ömmu sinnar sem einnig lést í flóðinu og það sat í þeim. „Kannski eru þetta dillur í manni, maður heldur að það sama geti komið fyrir aftur. Þetta er sjálfsagt hjátrú.“

### Hamfarirnar í Asíu erfiðar

Þó að minningarnar frá snjóflóðinu 16. janúar 1995 séu sárar verða þær aldrei umflúnar. Sigríður hugsar um atburðina með einhverjum hætti á hverjum degi en segir ekkert sérstakt vekja minningarnar upp. „Það er helst þegar ég fer að sofa á kvöldin. Ég er kannski að hugsa um eitthvað og eitt leiðir af öðru og allt í einu er ég komin inn í þetta. Þó ég vilji það ekki. Þá reyni ég bara að hugsa um blóm eða eitthvað annað fallegt. Stundum er þetta óþægilegt. Ég hugsa oft um tímann eftir slysið, um jarðarförina og fleira. Og núna, þegar ég er að tala um atburðina, hugsa ég enn meira um þá. Til dæmis hvernig mér leið og undirbúning jarðarfararinnar.“

Nýlegt sjónvarpsviðtal við Rögnu Aðalsteinsdóttur á Laugabóli, sem missti dóttur og dótturdóttur í snjóflóðinu í Súðavík, fékk á Sigríði og Lindu Rut sem horfðu saman á. „Við bjuggumst ekki við svona miklum nærmyndum og krossbrá því það var sýnt svo mikið frá húsinu okkar, leikföngum stelpnanna og fleiru. Ég stóð upp og labbaði frá sjónvarpinu. Gat bara ekki horft á þetta þó tíu ár væru liðin.“

Náttúruhamfarirnar í Asíu á öðrum degi jóla höfðu mikil áhrif á Sigríði og hún fylgdist grannt með fréttaflutningnum heima í Álftafirði. „Ég hef upplifað sömu tilfinningar nú og þær sem ég upplifði eftir flóðið. Mér fannst um tíma eins og ég væri að lenda í þessu þarna úti. Ég finn svo til með fólkinu því það er að upplifa svipaðar aðstæður og ég. Allt sópaðist í burtu. Foreldrar að leita að börnunum sínum og börn að leita að foreldrum sínum. Ég beið í fimm klukkustundir eftir því að Linda fyndist og í 24 klukkustundir eftir því að Habbý Stína fyndist. Það er rosaleg lífsreynsla að vita ekkert. Ég hef því haft hugann við þetta síðan flóðbylgjan skall á. Það var ekkert hátíðlegt við það sem eftir lifði af jólunum og áramótin. Maður hélt þau bara af skyldurækni.“

Að auki hafði tíðin vestra mikil áhrif á hana. Fannfergið var gríðarlegt. „Ég hef ekki séð svona mikinn snjó síðan 1995. Það hefur auðvitað sitt að segja.“

### Rótleysið í kjölfar snjóflóðsins

Strax eftir snjóflóðið fluttu Sigríður og Þorsteinn í burtu. Þau gátu ekki hugsað sér að búa áfram í Súðavík. „Við fórum strax. Vildum komast í burtu frá öllu. Maður var svo reiður út í allt. Ég var reið út í Súðavík. Ekki út í fólkið heldur eitthvað annað sem ég get ekki útskýrt. Maður fylltist einhverri afneitun og vildi ekkert af þessu vita lengur. Fara bara í burtu og loka á þetta.“

Leiðin lá á höfuðborgarsvæðið. Eitthvað togaði í þau og eftir ársdvöl syðra héldu þau heim á ný. Vistin varð þó ekki löng. „Þegar við komum aftur fór mér að líða mjög illa og vildi fara. Í staðinn fyrir að taka á málunum og vinna úr þeim þá fór ég.“

Þetta var erfiður tími í lífi litlu fjölskyldunnar, sem vissi ekki að hvernig ætti að takast á við sorgina og aðrar tilfinningar sem brutust um í hjörtum þeirra. „Við vorum ofboðslega rótlaus. Mig minnir að við höfum flutt fjórum sinnum innan Reykjavíkur. Við vissum ekkert hvað við vildum.“

Fyrir nokkrum árum afréðu Sigríður og Þorsteinn að koma sér fyrir í Súðavík á ný og finnst gott að vera þar með börnunum sínum fjórum. „Það er gott að vera hér. Reyndar alveg yndislegt. Hér er ekkert stress, ekkert sem truflar, og gott að vera með börn. Það er ekki þessi ys og þys sem er fyrir sunnan.“ Og Sigríður fann til söknuðar þegar hún sneri heim á ný. „Mér fannst ég hafa misst nokkur ár úr lífi mínu. Öll börnin höfðu til dæmis stækkað en það var fljótt að jafna sig.“

### Sendur reikningurinn

Það var kannski ekki nema von að Sigríði og Þorsteini gengi ekki of vel að fóta sig á ný. Tómið í lífi þeirra var mikið. Djúpt skarð var höggvið, eins og Sigríður orðaði það sjálf. Og aðstoðin af skornum skammti. Það kemur raunar á óvart að heyra hana lýsa þeirri andlegu hjálp sem fjölskyldan naut. „Við fengum aðstoð á sjúkrahúsinu, fyrstu dagana eftir slysið, en það var engin reynsla í svona. Eftir að við fórum suður komu sálfræðingur og prestur í heimsókn en það var engin meðferð í gangi.“ Séra Jakob Ágúst Hjálmarsson reyndist þeim þó sérlega vel.

Linda Rut, sem lenti í flóðinu og fannst ekki fyrr en að fimm klukkustundum liðnum, þurfti vitaskuld líka aðstoð. Hún hafði misst litlu systur sína og leikfélaga og afa og ömmu. „Ég fór með Lindu Rut til barnasálfræðings til að hjálpa henni að vinna úr þessu. Hún gerði það meðal annars með því að teikna myndir og til dæmis teiknaði hún fjórtán líkkistur. Svo fékk ég bara sendan reikning. Þó að hún hefði lent í þessu. Ég borgaði hann bara og er ekki að kvarta. Alls ekki. En mér fannst þetta svolítið skítt því hún lenti jú í flóðinu. Börnin hér fengu aðstoð en af því að við fluttum þá var þetta svona. En ég er ekki að væla yfir nokkrum þúsundköllum.“

### Yndislegt að vera hér

Sigríður Rannveig talar af æðruleysi um nóttina örlagaríku fyrir tíu árum þegar lífið breyttist í einu vetfangi. Hún sýnir blaðamanni mynd af Hrafnhildi litlu og segir verst að hún sé jarðsett í Reykjavík. Hún viti þó og trúi að hún sé ekki þar heldur hjá henni heima í Súðavík.

Það er værð yfir heimilislífinu í Arnarflötinni þennan morguninn. Victor Arnar dundar sér í stofunni og inni í rúmi sefur Emilía Tera. Hundurinn hnusar af gestunum en kötturinn heldur sig til hlés. Linda Rut skreppur úr skólanum til að hitta blaðamann en Jón Arnór notar frímínúturnar til að leika sér í snjónum.

Þau vita um örlög Hrafnhildar Kristínar. „Ég segi börnunum frá systur sinni og við tölum mikið um hana. Þeim finnst þetta skrítið og skilja þetta ekki alveg. En þeim finnst leiðinlegt að hafa ekki fengið að kynnast henni,“ segir Sigríður Rannveig og kveður gestina.

Hún er að fara í vinnu og þarf að aka sem leið liggur í gegnum gömlu byggðina þar sem húsið hennar stóð en brotnaði undan þunga snjóflóðs. Hún ekur út Álftafjörðinn og inn Skutulsfjörðinn. Undir Kirkjubólshlíðina þar sem snjóflóð hindraði för hennar kvöldið áður. „Hvað er maður að leggja þetta á sig?“ spurði hún þá. En það stendur ekki á svarinu. „Það er gott að vera hér. Reyndar alveg yndislegt.“ ■

## Ég vil geta hjálpað fólki

**Linda Rut Ásgeirsdóttir var fimm ára þegar snjóflóðið úr Súðavíkurhlíð féll á byggðina. Hún lá sofandi í rúminu sínu heima í Túngötu 4. Hundurinn Hnota fann Lindu Rut fimm klukkustundum eftir að flóðið féll.**

Linda Rut man vel eftir atburðunum þó hún hafi verið ung að árum þegar flóðið féll. „Ég man þetta nánast allt og þetta er nokkuð skýrt,“ segir hún. „Ég man að ég vaknaði og leit upp og sá ljós. Ég reyndi að bora mig í gegn en heyrði svo rödd kalla; Linda, ertu þarna og ég svaraði á móti; Ég er sprettlifandi, og spurði svo hvort þetta væri Ómar frændi minn. Hann var hins vegar úti á sjó og þetta var björgunarmaður. Svo man ég þegar ég var sett á börur en man ekki mikið eftir það. Aðeins frá því að ég var í sjúkrabílnum og svo í bátnum.“

Lindu Rut var ekki kalt þegar hún fannst, heldur þvert á móti heitt. „Ég var að stikna úr hita.“ Hún áttar sig ekki á hve lengi hún beið björgunar og veit ekki hversu lengi hún lá vakandi. „Mér finnst eins og þetta hafi bara verið ein mínúta en þetta var örugglega lengri tími. Ég fattaði það bara ekki.“

Í fyrstu fannst henni mjög gaman þegar hún lá á sjúkrahúsinu á Ísafirði og áttaði sig ekki á að hún hefði misst litlu systur sína og afa og ömmu. „Svo fattaði ég það eftir á og þá kom sjokk.“

Linda Rut hugsar ekki oft um slysið. Vonda veðrið vestra minnti hana þó á það og þá læddust að henni slæmar minningar. „En það er eins og ég hafi komist yfir þetta, það er ekki margt sem minnir mig á slysið og ég er ekkert hrædd í vondu veðri.“

Flóðið og afleiðingar þess eru sjaldan til umræðu í vinahópi Lindu Rutar enda er henni óljúft að tala mikið um það. „Það getur farið í mig. Það fór virkilega í mig þegar ég horfði á viðtalið við Rögnu á Laugabóli um daginn og sá dótið okkar. Til dæmis símann hennar systur minnar.“

Linda Rut er í tíunda bekk í grunnskólanum í Súðavík og ætlar í menntaskóla í haust. Það er langt síðan hún ákvað hvað hún vildi verða. „Ég ætla að verða læknir, helst bráðaskurðlæknir. Ég vil geta hjálpað fólki. Þetta hef ég víst sagt frá því að ég var sex ára. Mér er sama hvað námið tekur mörg ár, ég ætla að verða læknir.“ ■



## Svipmyndir frá Súðavík 1995

Ömurlegt var um að litast í litla þorpinu við Álftafjörð í janúar 1995. Snjóflóðið braut niður sextán íbúðarhús og tók fjórtán mannslíf.













**tilboðsdagar**

**Mikið úrval af sófasettum og hornsófum**
**Borðstofuborð og stólar**



Hornsófi m/2 skemlum



THEATRE PREFERENCE

Vandaðir Lúxus-hægindasófar og stólar með stillanlegu baki og skemmli. Frábærir sjónvarps-sófar og stólar.

Stóll með leðri aðeins kr.
**55.000.-**
Hornsófi með leðri aðeins kr.
**239.000.-**

Leðurklæddir hvíldarstólar með skemli á frábæru verði aðeins kr.
**39.900.-**

OPIÐ Virka daga10-18
Laugard 11-16
Sunnud. 13-16

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**GUÐNI ÁGÚSTSSON** „Við fórum of hratt, ætluðum að gera of mikið á of stuttum tíma, og þess vegna töpuðum við þessu máli,“ segir Guðni um fjölmiðlafrumvarpið.

# Evrópumálin verða stærsta verkefnið næstu 5 til 10 árin

**Guðni Ágústsson, varaformaður Framsóknarflokksins, útilokar ekki aðild að Evrópusambandinu. Í ítarlegu viðtali segir hann Samfylkinguna hafa glutrað niður möguleika á stjórnarþátttöku í síðustu kosningabaráttu. Hann gagnrýnir sjálfstæðismenn fyrir framkomu sína við forseta Íslands og segir Íslendingum ekki geðjast að Bush Bandaríkjaforseta.**

Það er afslappaður landbúnaðarráðherra sem stekkur út úr jeppanum á Sölvhólsgötunni og gengur brosandi í átt að blaðamanni sem kemur aðvífandi í sama mund. Hann er berhöfðaður og í þunnum frakka og steinhissa þegar blaðamaður spyr með glamrandi tennurnar hvort hann megi nokkuð skríða inn í ísskáp til að hlýja sér örlítið. Guðni Ágústsson var nýkominn af hundrað manna fundi í Skagafirði og þar á undan var hann fyrir austan fjall á fundi. Úti um allt á fundum enda flokksþing Framsóknarflokksins eftir rúman mánuð. Guðni er í kjöri til varaformanns á flokksþinginu. Orðrómur er um mótframboð gegn annað hvort formanni eða varaformanni.

## Hart sótt að stjórnarflokkunum

Fylgi flokksins er frekar lítið í aðdraganda þingsins og sótt er að Framsókn úr öllum áttum. Stjórnarsamstarfið verður tíu ára á næsta ári og sporin hræða. Hefð er fyrir því að samstarfsflokkur Sjálfstæðisflokksins til langs tíma tapi miklu fylgi.

–Er Framsókn farin að vera of lík Sjálfstæðisflokknum? spyr ég og Guðni fer á flug.

„Vinnubrögð þessara flokka hafa verið þau að leysa ágreining inni í herbúðunum en ekki í fjölmiðlum. Þess vegna eru ágreiningur og átök þessara flokka ekki lýðum ljós. Flokkarnir eru ólíkir. Við erum sterkt félagshyggjuafl en við höfum verið vændir um annað og kannski ekki varið okkur nóg og barið frá okkur. Það hefur líka verið hart sótt að þessum flokkum á nokkuð ómerkilegan hátt. Til dæmis með því að saka okkur um að vera undir hæl sjálfstæðismanna. Í Framsóknarflokknum er gott fólk og velviljað. Sérstaða þess er að vera hógvært samvinnu- og félagshyggjufólk.

Ég er sannfærður um að Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson hafa áreiðanlega hugleitt að það væri hollt fyrir flokkana fyrir síðustu kosningar að taka upp annað stjórnarmynstur, að annar hvor flokkanna færi í stjórnarandstöðu og lýðræðið fengi nýja ríkisstjórn. Kosningabaráttan var hins vegar háð með þeim hætti, ekki síst af hálfu Samfylkingarinnar, að við áttum engan annan kost en að halda áfram. Menn ætluðu að þegja Halldór Ásgrímsson – þennan sterka stjórnmálamann – í hel eins og hann hefði bara ekkert verið í pólitík í 8 eða 9 ár og láta gleyma honum. Við komumst ekki inn í kosningabaráttuna fyrr en á síðustu 10 dögunum.

## Samfylkingin eyðilagði fyrir sér

Það átti enn fremur líka að ganga frá Davíð Oddssyni. „Æra og færa hinn arma af vegi svo hann eigi sjái sól á næsta degi“, eins og segir í textanum. Davíð þolir kannski verr pyntingar en við framsóknarmenn og hann snerist oft dálítið öndverður gegn þessum árásum og þoldi þær illa. Það urðu gríðarleg persónuleg átök sem enduðu með því að Ingibjörg Sólrún brást í samstarfi við okkur í borginni og gat ekki með heiðarlegum hætti sagt okkur að hún ætlaði í landsmálin. Hún hafði fullt frelsi til þess en þá átti hún að gera það beint en ekki að búa til þá stöðu í gegnum auglýsingamenn að hún færi á samúðarskýi út úr borginni á kostnað Framsóknarflokksins. Svona var þetta spilverk. Þess vegna var það svo að að kosningum loknum áttum við enga aðra leið, bæði vegna þess hvernig úrslitin voru og þessarar stöðu, en að halda áfram með Sjálfstæðisflokknum. Við hefðum getað farið í stjórn með Samfylkingunni með 32 menn. Það er margt vænt fólk í Samfylkingunni sem ég get hugsað mér að vinna með. Flokkurinn er regnhlífarsamtök vinstrimanna og þar ráða gömlu kommarnir meiru en gömlu kratarnir sem voru efnahagslega þenkjandi. Þess vegna hefðu mörg þau verkefni sem nú eru að skila sér verið í uppnámi ef við hefðum farið í stjórn með Samfylkingunni og jafnvel Vinstri grænum og jafnvel verið stöðvuð.“

-Eyðilagði Samfylkingin möguleika sína á stjórnarsetu með þessu?

„Það er engin spurning. Samfylkingin spilaði sig út úr því verki og situr í stjórnarandstöðu. Ef flokkurinn hefði komið heill fram með málefnabaráttu í stað þess að taka tvo sterka stjórnmálaleiðtoga sem hafa verið mjög farsælir og reyna að eyðileggja þá í baráttunni, þá hefðu henni verið allir vegir færir.“

Vinstri grænir fá ekki háa einkunn hjá Guðna: „Þeir eru eini íhalds- og afturhaldsflokkurinn á Íslandi og hafa barist gegn öllum framkvæmdum sem hafa gert það að verkum að lífskjör Íslendinga hafa batnað. Afturhaldi líður vel í stjórnarandstöðu og á að vera þar.“

## Staðfasti listinn

–Guðni segir að þrátt fyrir uppang í samfélaginu hafi gefið verulega á bátinn hjá ríkisstjórninni í mörgum málum. „Við getum nefnt eitt stórt mál: Íraksmálið. Þar taka þessir tveir leiðtogar þjóðarinnar mikla ákvörðun um að fara inn á þennan 30 þjóða lista. Stjórnarflokkarnir hafa áreiðanlega tapað fylgi á þessu. Mér sárnar þegar vinur minn Össur Skarphéðinsson, sem mér finnst að hafi hlýtt og gott hjartalag, nýr þessum íslensku forystumönnum því um nasir að þeir beri ábyrgð á manndrápum barna frekar en annars staðar þar sem við höfum fylkt liði með Sameinuðu þjóðunum. Þessu máli er haldið lifandi í fjölmiðlum og líka í pólitíkinni ekki síst af því að stjórnarandstaðan trúir því að umræðan skaði þessa menn, en þeir eru áreiðanlega ekkert verri við sitt hjarta heldur en ég og þú og vilja að friður ríki og að ofbeldisverk heyri fortíðinni til. Við erum ekki beinir þátttakendur í þessu stríði fremur en í öðrum stríðum sem við höfum stutt með Sameinuðu þjóðunum.“

-Þú hefur sjálfur lýst því yfir að þú sért friðarsinni.

„Grunnur flokkanna er mjög ólíkur þarna. Ég hygg að þessi ákvörðun komi minna við Sjálfstæðisflokkinn en okkur þegar frá líður. Hjartað slær vinstra megin í mörgum framsóknarmönnum. Helmingur framsóknarmanna barðist fyrir því árum saman að herinn færi. Þetta er viðkvæmt mál en menn verða að átta sig á að uppbyggingin er hafin í Írak. Svo vil ég segja það að Bush Bandaríkjaforseti er ekki forseti sem við Íslendingar erum hrifnir af. Okkur fannst Clinton mikilhæfur forseti. Ég held að þetta séu menn sammála um sama hvar í flokki þeir eru. Bush á ekki upp á pallborðið hjá íslensku þjóðinni.“

-Sumir segja þó að nú séu kristnir sértrúarsöfnuðir farnir að vaða uppi í Framsókn eins og í Repúblikanaflokknum. Alfreð Þorsteinsson kveinkar sér undan þeim.

„Einhvers staðar stendur skrifað: „Vertu ekki við sjálfan þig að berjast“. Svona á ekki að geta gerst hjá forystumönnum í flokki og ég vil ekki ræða það frekar. Ég lít á þetta sem okkar innanhúsmál.“

## Ósæmilegur áróður

-En aftur að erfiðu málunum. Fjölmiðlafrumvarpið var erfitt.

„Já, ég held að það sé hárrétt að fjölmiðlamálið hafi verið flokknum erfitt og þungt í skauti. Við framsóknarmenn vildum bakka í því og auðvitað steig forsetinn inn í hringinn og vildi setja málið í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég held að allir Íslendingar og allir stjórnmálaflokkar vilji setja leikreglur um starfsumhverfi og eignarhald á fjölmiðlum. Við fórum of hratt, ætluðum að gera of mikið á of stuttum tíma, og þess vegna töpuðum við þessu máli. Nú er þetta mál komið í allt annan farveg að mínu mati og fær vonandi lengri tíma og farsæla lausn enda allir flokkar komnir að borðinu. Svo er endurskoðun stjórnarskráarinnar komin í gang og tel ég mikilvægt að setja reglur um hvernig þjóðaratkvæðagreiðslur fara fram. Þar hafa allir verið kallaðir að borðinu. Jón Kristjánsson, þjóðþekktur samningamaður, stýrir því starfi, þannig að ég trúi því að niðurstaðan verði farsæl. Hluti af þessu er enn fremur það að Sjálfstæðisflokkurinn hefur farið óvarlega að mér finnst gagnvart forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni. Þá á ég ekki við átök hans og Davíðs Oddssonar, sem þeir hafa alltaf gert út um einir og sjálfir. Það hafa vaknað upp í þeim flokki raddir um að leggja niður forsetaembættið og verið rekinn áróður gegn forseta Íslands sem ég tel ekki sæmandi. Ég hef alltaf gert mér grein fyrir því að frá því þetta embætti varð til og þessir mikilhæfu menn völdust til að gegna því hefur þjóðin verið forsetamegin í öllum málum. Forsetinn á að sitja á friðarstóli. Hann á ekki að vera í átökum í pólitíkinni. Ólafur Ragnar varð strax forseti þjóðarinnar. Þessi átök við forsetann af hálfu Sjálfstæðisflokksins hafa skaðað þetta stjórnarsamstarf og ríkisstjórnarflokkana. Við framsóknarmenn höfum ekki gagnrýnt forsetann mikið. Ég hef óskað honum til hamingju með endurkjörið og hef reyndar alltaf kosið hann, tel hann til minna góðu vina.“

## Evrópusambandið

–En þú varst ekki ánægður með að hann neitaði að skrifa undir lögin?

„Það var aldrei vafi í huga okkar framsóknarmanna, sem var hins vegar hjá sjálfstæðismönnum, að hann hefði heimild til þess. Ég tel þetta ekki heppilegt sé horft til framtíðar. Ég er ekki tilbúinn að segja að það eigi að taka þennan rétt af honum en það er mjög erfitt í stórum átakamálum ef forsetinn stígur inn í hringinn í pólitíkinni og stoppar af mál.“

–Það var skorað á Vigdísi að neita að undirrita EES-samninginn.

„Já, ég var þeirrar skoðunar á þeim tíma að hann ætti að fara í þjóðaratkvæði.

-Ertu þá fylgjandi synjunarvaldi?

„Ég er fylgjandi því að settar séu mjög skýrar reglur um þjóðaratkvæði. Það á að vera þannig að einhver hluti þingsins eða þjóðarinnar geti með formlegum hætti óskað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég vil að við getum þróað lög eins og frændur okkar Danir sem heimili að mál séu lögð í þjóðardóm. Ég held að það gangi ekki að forseti gangi fram og stoppi málefni þingsins. Við erum lýðræðisríki og þingið sækir vald og umboð til þjóðarinnar og menn standa og falla með því. Það eru mörg mál sem eru umdeild í dag en eftir 10 ár vilja allir Lilju kveðið hafa.“

–Til dæmis EES?

„Já, kannski eins og EES-samningurinn.

Ég held að við eigum eftir að takast á um Evrópusambandið og EES-samninginn á næstu 5-10 árum. Fræðimenn eins og Ragnar Árnason hafa sett fram kenningu um að EES verði allt of dýr ef Norðmenn fara inn í ESB og velt upp þeirri leið að segja honum upp og gera tvíhliða samning.“

-Hvað myndir þú velja ef við þyrftum að velja á milli tvíhliða samnings og að ganga í Evrópusambandið?

„Ég á mér engan draum um að Ísland verði í Evrópusambandinu. Þjóðin og stjórnmálamennirnir verða að takast á um þetta á næstunni. Þetta er margslungið mál og það getur komið að því að við verðum að gera þetta upp við okkur. Ef við eigum engan kost annan en að ganga í Evrópusambandið verður íslenska þjóðin að greiða atkvæði um það. Þetta getur orðið eitt af stærri og erfiðari málum íslenskra stjórnmálamanna á næstu 5-10 árum. Þar verðum við að meta okkar sérstöðu og þjóðarhagsmuni. Við getum t.d. ekki fórnað auðlind hafsins.“

–En útilokar þú aðild?

„Það getur enginn sagt, hvorki ég né aðrir. Það verður að takast á við þetta verkefni faglega út frá hagsmunum framtíðarinnar. En ég á mér ekki þann draum, það er alveg klárt mál. Þegar við skoðum stöðuna þá hefur engin þjóð átt farsælla líf í landi sínu en við frá því lýðveldi var stofnað hér. Ef við horfum hundrað ár aftur til heimastjórnartímans, þegar við vorum fátækastir allra þjóða og fólk við það að gefast upp við að lifa í landinu, og berum saman við stöðuna nú í upphafi nýrrar aldar sjáum við að nú erum við ein ríkasta þjóð heims með betri lífskjör en nokkrir aðrir. Þannig að okkur hefur vegnað vel undir eigin stjórn.“

a.snaevarr@frettabladid.is

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.52 | 13.38 | 16.24 |
| Akureyri | 10.56 | 13.22 | 15.49 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt - atvinna

Heilmikið framboð af störfum

BLS. 2



ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR?

MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

**Góðan dag!**

Í dag er sunnudagurinn 16. janúar, 16. dagur ársins 2005.




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

## Smáauglýsingar

*byrja í dag á bls. 4*

**Flokkar & fjöldi**

- **Bílar & farartæki** 62 stk.
- **Keypt & selt** 18 stk.
- **Þjónusta** 11 stk.
- **Heilsa** 8 stk.
- **Skólar & námskeið** 4 stk.
- **Heimilið** 14 stk.
- **Tómstundir & ferðir** 3 stk.
- **Húsnæði** 13 stk.
- **Atvinna** 18 stk.
- **Tilkynningar** 3 stk.



Alvöru fjallabíll til sölu!! Toyota 4Runner 1987 mikið breyttur. Vél 4,3 Chevrolet, ssk., gormar, tankar ofl. ofl. Sjón er sögu ríkari. Bíll í toppformi. Verð 900 þús. Uppl. í síma 696 4446 eða gunniinga@simnet.is

**Heimilisþrif**

Tek að mér heimilisþrif. Trygg og samviskusöm. Uppl. í s. 899 2762.

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hjördís er lögmaður hjá Logos lögmannsþjónustu, stundakennari í HI og þar að auki með LLM-gráðu í lögum og upplýsingatækni.

# Lögmannsstarfið lifandi, krefjandi og endalaust skemmtilegt

***Hjördís Halldórsdóttir er lögmaður og starfar hjá Logos lögmannsþjónustu. Lögfræðiáhuginn vaknaði þegar hún var barn og eftir menntaskólann kom ekkert annað til greina.***

„Mér fannst þetta spennandi nám og vissi að það myndi reyna á þá þætti sem ég taldi mig hafa hæfileika í. Það sem mér fannst skemmtilegast á þessum tíma var rökfræðin, en það er mikill skyldleiki milli rökfræði og lögfræði. Síðan voru aðrir þættir mikilvægir eins og að hafa örugga atvinnu að námi loknu, en aðallega fannst mér þetta spennandi heimur.

Hjördís lauk stúdentsprófi frá félagsfræðibraut Menntaskólans á Akureyri, sem hún segir hafa verið góðan undirbúning fyrir lögfræðina. „Ekki síst vegna áherslunnar sem var lögð á heimspeki, hagfræði og ýmsar greinar sem tengjast lögfræðinni.“

Eftir að Hjördís hafði lokið venjulegu kjarnanámi sem allir laganemar fara í gegnum var hún í svokölluðum kjörgreinum. „Þá valdi ég meðal annars grein sem heitir Hlutverk dómara og lögmanna og var í tímum hjá prófessor Eiríki Tómassyni en þar má segja að áhuginn fyrir lögmennskunni hafi vaknað fyrir alvöru.“

Fyrir þá sem ekki vita er munur á lögfræðingi og lögmanni, lögmaðurinn hefur réttindi til að flytja mál fyrir rétti. „Til að fá lögmannsréttindi í dag fer maður á námskeið en þegar ég var í námi þurfti ég að flytja prófmál fyrir rétti. Ég sótti svo um að loknu námi hjá AP lögmönnum, sem var sú stofa sem ég hafði mestan áhuga á, en hún var seinna sameinuð annarri stofu og heitir nú Logos.“

Hjördís hefur aldrei efast um að hafa valið rétt. „Námið er erfitt og langt og á fyrstu árunum þótti mér það ekki skemmtilegt. En í dag er ég í áhugaverðasta starfi sem ég get hugsað mér. Í lögfræðináminu þarf að tileinka sér ákveðinn hugsunarhátt og þegar maður nær tökum á því er hægt að njóta námsins. Það er eins með starfið, það er stöðugt krefjandi og skemmtilegt. Verkefnin eru fjölbreytt og þeim fylgir stöðug endurmenntun. Hvert verkefni getur þýtt að maður þurfi að tileinka sér nýja hluti og læra eitthvað nýtt, sem heldur manni lifandi. Ég gæti ekki verið í rútineruðu starfi sem væri mér ekki stöðug áskorun. Þar að auki býður starfið upp á mikil og áhugaverð samskipti við alls konar fólk. Ég gæti ekki hugsað mér neitt betra,“ segir Hjördís. ■

# Launakönnun og fyrirtæki ársins

***Verzlunarmannafélag Reykjavíkur hefur undanfarin ár staðið fyrir viðhorfskönnun undir yfirskriftinni Fyrirtæki ársins.***

Í byrjun næsta mánaðar verður könnun send til allra fullgildra félagsmanna VR en fyrirtæki geta óskað eftir því að allir starfsmenn, óháð stéttarfélagsaðild, fái senda könnun.

Fullgildir félagsmenn fá bæði launakönnun og könnun á fyrirtæki ársins. Sú síðarnefnda mælir viðhorf starfsfólks til vinnustaðar síns og starfsánægju. Með þátttöku fá fyrirtæki traustan mælikvarða á styrkleika sinn og veikleika og sjá hvernig þau standa í samanburði við önnur.



**Félagsmenn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur fá senda könnun í byrjun næsta mánaðar.**

IMG Gallup sér um framkvæmd könnunarinnar og verða niðurstöður kynntar í maí en nánari upplýsingar er að finna hjá VR. ■

## LIGGUR Í LOFTINU

*í atvinnu*

**Að minnsta kosti** tuttugu prósent starfsmanna á vinnumarkaði í Bandaríkjunum, Ástralíu, Nýja Sjálandi og Japan vinna fimmtíu stunda vinnuviku eða lengri. Hlutfallið er hæst í Japan eða 28 prósent. Þetta kemur fram í könnun sem Alþjóðavinnumálastofnun gerði en greint er frá niðurstöðum á heimasíðu Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, vr.is. Tíu prósent starfsmanna í Evrópu vinna fimmtíu tíma eða fleiri á viku. Niðurstöðurnar sýna enn fremur að í löndum þar sem takmarkanir á lengd vinnuvikunnar eru litlar er meiri hætta á óhóflegum vinnutíma.

**Fjölgun starfa** virðist vera framundan á vinnumarkaðinum samkvæmt niðurstöðum könnunar Samtaka atvinnulífsins á ráðningaráformum fyrirtækja. Könnun var gerð í nóvember en niðurstöður sýna að nítján prósent fyrirtækja hyggjast fjölga hjá sér starfsfólki næstu þrjá til fjóra mánuði en sjö prósent hyggjast fækka því. Langflest fyrirtæki hyggja þó á að halda óbreyttum fjölda starfsfólks, eða 74 prósent.

**Þrýstihópurinn Stonewall** í Bretlandi hefur sett saman lista yfir þau hundrað fyrirtæki sem eru samkynhneigðarvæn ef svo má segja. Hvert fyrirtæki var metið eftir jafnréttisstefnu og því hve marga samkynhneigða það hafði í vinnu. Í fyrsta sæti á listanum er samskiptaskrifstofan British Council en á eftir henni koma fjármálafyrirtækið Citigroup, fjármálafyrirtækið Credit Suisse First Boston og tölvufyrirtækið IBM. Þessi listi getur gefið þeim 1,7 milljónum lesbía, homma og tvíkynhneigðra í Bretlandi hugmynd um hvar þeir finna fordómalausa yfirmenn.



**Þröstur Olaf Sigurjónsson,** aðjúnkt viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík, gerði könnun á stöðu siðferðist í íslensku viðskiptalífi sem greint er frá á vef Viðskiptablaðsins, vb.is. Könnunin var gerð meðal stjórnenda og í henni kom fram að þeir segjast huga að siðferðilegum afleiðingum ákvarðana sinna. Enn fremur segja þeir stöðu þessara mála betri í dag en áðu og telja siðferði í viðskiptum á Íslandi betra en í nágrannalöndum.

*atvinna@frettabladid.is*




**Störf í boði hjá Öryggismiðstöð Íslands**

**Tæknimaður**

Um er að ræða fullt starf við uppsetningu og viðhald öryggiskerfa.

- Hæfniskröfur -

Reynsla af uppsetningu öryggiskerfa æskileg en ekki skilyrði. Starfið hentar vel bæði fyrir rafvirkja og rafeindavirkja.

**Starfsmaður í slökkvitækjaþjónustu**

Um er að ræða fullt starf við þjónustu slökkvitækja

- Hæfniskröfur -

Reynsla og þekking á slökkvitækjaþjónustu æskileg.

**Öryggisverðir**

Annars vegar er um að ræða menn í staðbundna vaktgæslu og hins vegar öryggisverði á stjórnstöð Öryggismiðstöðvarinnar.

- Hæfniskröfur -

Farið er fram á stundvísi, snyrtimennsku, heiðarleika og hreint sakavottorð. Skilyrði er að umsækjendur séu orðnir 20 ára og hafi almenn ökuréttindi og séu vel á sig komnir líkamlega og andlega. Öryggisverðir á stjórnstöð þurfa einnig að búa yfir almennri tölvuþekkingu.

**Starfsumsókn**

Umsóknir sendast á skrifstofu Öryggismiðstöðvar Íslands að Borgartúni 31, 105 Reykjavík eða í tölvupósti á netfangið atvinna@oi.is merkt því starfi sem sóst er eftir. Allir umsækjendur þurfa að hafa hreint sakavottorð, þjónustulund og vera stundvísir.

Allar upplýsingar um störfin eru eingöngu veittar með fyrirspurn á netfangið atvinna@oi.is. Upplýsingar varðandi störfin eru ekki veittar í síma.

hausverk / 4349

ÖRYGGISMIÐSTÖÐ ÍSLANDS

Borgartúni 31 • Sími 530 2400 • www.oi.is

**Öryggis- og aðgangsstýrikerfi • Myndavélakerfi • Brunavarnir Öryggisgæsla • Heimagæsla • Vöruverndarbúnaður**

vinna.is ATVINNUMIÐLUN

**Kíktu á vinna.is**



**Á nýjum vinnustað**
Góð leið til að kynnast fólki á nýjum vinnustað er að horfa í augun á öllum þeim sem maður mætir á ganginum og brosa til þeirra og heilsa. Einnig er tilvalið að nota tækifærið við kaffivélina og kynna sig, því það þarf lítið til að brjóta ísinn. Auk þess er góð hugmynd að setjast hjá fólki í hádegismatnum í stað þess að sitja einn út í horni.



Ætlunin er að gera Akureyrarbæ að ennþá betri vinnuveitanda en nú og efla traust hans meðal starfsmanna sinna.

# Stefnt að því að draga úr yfirvinnu

*Lagt til að tillögur vinnuhóps um yfirvinnu starfsmanna Akureyrarbæjar verði samþykktar.*

Samþykkt var í bæjarráði Akureyrar síðastliðinn fimmtudag að leggja til að nýjar tillögur vinnuhóps um yfirvinnu starfsmanna bæjarins verði samþykktar á næsta fundi bæjarstjórnar 18. janúar nk, en þetta kemur fram á vef Akureyrarbæjar. Tillögurnar miða einkum að því að gera kjaramál starfsmanna gagnsærri og réttlátari með það fyrir augum að greitt verði fyrir raunverulegt vinnuframlag.

Í tillögum starfshópsins segir að ætlunin sé að gera Akureyrarbæ að ennþá betri vinnuveitanda sem njóti trausts starfsmanna sinna og stefnt skal að því að draga úr yfirvinnu almennt sem er í samræmi við samþykkta fjölskyldustefnu bæjarins. Þar að auki er miðað að því með þessum breytingum að jafna laun kynjanna.

Lagt er til að greitt verði fyrir unna yfirvinnu hverju sinni og að föst yfirvinna heyri sögunni til, bæði hjá almennum starfsmönnum og stjórnendum. Eftir breytingarnar verður ekki gert ráð fyrir fastri yfirvinnu og aðeins verður greitt fyrir yfirvinnu sem sannarlega er unnin, að hámarki 600 klst. á ári til 31. desember 2005 og 500 klst. á ári eftir það. Aðlögunartími fyrir þá sem mesta yfirvinnu hafa haft, verður gefinn til ársins 2007. ■

# Heilmikið framboð af störfum

*Iðnaðarmenn vantar sárlega og einnig fólk á þjónustusviðum að sögn ráðningarstjóra hjá Hagvangi.*

„Það virðist vera mikil bjartsýni í gangi og framboð af störfum á flestum sviðum atvinnulífsins," segir Katrín Óladóttir, ráðningarstjóri hjá Hagvangi, spurð um atvinnuástandið nú í upphafi árs. Hagvangur er þekktastur fyrir ráðningar í stjórnunar- og sérfræðistörf en Katrín segir líka mikið spurt eftir fólki í hverskonar þjónustu og iðnað. „Það vantar sárlega iðnaðarmenn. Þeir eru bara ekki til. Það er ósköp einfalt," segir hún.

Þetta er mikil breyting frá sama tíma í fyrra að sögn Katrínar, hún kveðst hafa merkt þær í byrjun hausts og hefur sínar skýringar. „Stóriðjuframkvæmdirnar kalla á ýmsa þjónustu og eru greinilega farnar að hafa áhrif þannig að þær mynda hreyfingu á vinnumarkaðnum. Fyrirtæki sem voru lítið í því að ráða fólk fyrir nokkrum misserum eru nú farin að bæta við sig. Útrás fyrirtækja skiptir líka máli í þessu sambandi. Íslendingar eru farnir að starfa meira erlendis en áður og þá losna stöður hér heima. Hins vegar fækkar líka oft stjórnendum innan fyrirtækja þegar þau eru seld og keypt." Spurð um atvinnuleysi hjá sérfræðingum, sem stundum er talað um, svarar Katrín. „Fólk sem er nýútskrifað úr háskóla gengur kannski ekki beint í störf sem því hefðu staðið til boða fyrir nokkrum árum heldur finnur það sér aðra vinnu. Mér finnst almennt gott ástand á atvinnumarkaðnum og það bendir ekkert til annars en að þróunin sé uppávið áfram."

gun@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Katrín segir stóriðjuframkvæmdirnar fyrir austan farnar að hafa jákvæð áhrif víða á vinnumarkaðnum.

## Góð störf í boði



Vegna aukinna verkefna eru eftirfarandi störf í boði við ræstingar og mötuneytisumsjón:

**Morgunvinna á svæði 200 - vinnuhlutfall 38%.**
Starf þar sem vinnutími er frá klukkan 08:00 - 11:00.

**Dagvinna á svæði 104 - vinnuhlutfall 37,5%.**
Starf við mötuneytisumsjón þar sem vinnutími er frá klukkan 11:00 - 14:00. Nauðsynlegt er að hafa bíl til umráða.

**Morgunvinna á svæði 101 - vinnuhlutfall 50%.**
Starf á heilbrigðisstofnun þar sem vinnutími er frá klukkan 08:00 - 12:00.

**Morgunvinna á svæði 200 - vinnuhlutfall 38%.**
Starf þar sem vinnutími er frá klukkan 08:00 - 11:00.

**Dagvinna á svæði 210 - vinnuhlutfall 62,50%.**
Starf á hjúkrunarheimili þar sem vinnutími er frá klukkan 08:30 - 13:30.

**Föst afleysingarstörf - vinnuhlutfall 25 - 100%.**
Dagvinna og seinniparts vinna með föstu starfshlutfalli við afleysingar. Starf afleysingar felst m.a. í því að koma til starfa þegar forföll verða á fastráðnu starfsfólki eða vegna aukinna verkefna. Nauðsynlegt er að hafa bíl til umráða.

*Upplýsingar um störfin veitir Ólöf starfsmannastjóri, umsóknareyðublöð fást á skrifstofu ISS Ísland að* ***Ármúla 40, 3.hæð*** *og á heimasíðu* ***www.iss.is. Sími 5 800 600. Netfang: olof@iss.is.***

ISS ÍSLAND

**Fagmennska í áratugi**

*Iss Ísland ehf. er stærsta fyrirtæki landsins á sviði daglegra ræstinga, þrifa í matvælaiðnaði og viðhaldi/hreinsun loftræstikerfa, fyrirtækið hefur starfað í yfir 23 ár. Hjá ISS Ísland starfa yfir 600 manns á aldrinum 17 - 80 ára. Starfsmenn fá kennslu, þjálfun, bestu áhöld og efni sem völ er á. Einnig fá starfsmenn stuðning frá ræstingar-, þrifa- og flokkstjórum.*

NOVARTIS

Lyfjafyrirtækið **Novartis** er 5. stærsta lyfjafyrirtæki heims og framleiðir lyf á flestum sviðum læknisfræðinnar. Fyrirtækið er nú með um 3,5% markaðshlutdeild á Íslandi.

**Vistor hf.** er leiðandi fyrirtæki í sölu og markaðssetningu á lyfjum og tengdum vörum fyrir heilbrigðismarkaðinn á Íslandi. Starfsmenn fyrirtækisins eru um 110 og er áætluð velta félagsins árið 2004 um 4,7 milljarðar kr. Fyrirtækið leggur áherslu á opin samskipti, framsækni og góðan árangur. Vistor er eini dreifingaraðilinn á Íslandi sem hlotið hefur ISO 9001 gæðavottun.

*Bakhjarl fyrir betri líðan*

vistor

## Sölufulltrúi

Vistor hf. óskar eftir að ráða til starfa sölufulltrúa fyrir Novartis, eina af lyfjaumboðsdeildum fyrirtækisins.

**Spennandi, krefjandi og ábyrgðarmikið starf hjá framsæknu fyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi!**

**Starfssvið:**
- Lyfjakynningar fyrir lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk
- Undirbúningur fræðslufunda
- Samskipti við Novartis í Danmörku
- Að sækja ráðstefnur, heima og erlendis
- Aðstoð við gerð kynningarefnis

**Hæfniskröfur:**
- Góðir söluhæfileikar og sannfæringarkraftur
- Góðir samskiptahæfileikar
- Metnaður til að ná árangri
- Frumkvæði og skapandi hugsun
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð í krefjandi verkefnum
- Gott vald á ensku og einu Norðurlandamáli
- Æskilegt er að viðkomandi hafi háskólamenntun á heilbrigðissviði og/eða hafi starfað við sölu og markaðssetningu

Nánari upplýsingar veitir Hilmar G. Hjaltason (hilmar@mannafl.is) og Nathalía D. Halldórsdóttir (nathalia@mannafl.is) hjá Mannafli. Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar nk. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls, www.mannafl.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum svarað.

**Vistor hf.** • Hörgatúni 2 • 210 Garðabæ • Sími: 535 7000 • Fax: 565 6485 • vistor@vistor.is • www.vistor.is

## Skjól

Hjúkrunarheimili, Kleppsvegi 64 104 Reykjavík

**Sjúkraliðar.**

Sjúkraliðar óskast á morgun-, kvöld- og næturvaktir.

**Starfsfólk í aðhlynningu.**

Starfsfólk óskast við umönnun aldraðra.

**Skjól** er hjúkrunarheimili aldraðra þar sem hjúkrun er veitt í hlýlegu umhverfi. Góð starfsaðstaða.
**Reyklaus vinnustaður.**

Nánari upplýsingar veitir Aðalheiður Vilhjálmsdóttir hjúkrunarforstjóri (alla@skjol.is) virka daga í síma 522-5600

---

VST



# Laus störf hjá VST hf

### 1. Burðarþolshönnuðir í Reykjavík

Burðarþolshönnuðir óskast sem fyrst til starfa. Framundan er mikil og áhugaverð vinna í stórum og metnaðarfullum verkefnum innanlands sem utan, hjá traustu og rótgrónu fyrirtæki.

*Menntunar- og hæfniskröfur:*

- M.Sc. í byggingarverkfræði eða sambærileg menntun er nauðsynleg.
- Reynsla í burðarþolshönnun er skilyrði.

### 2. Burðarþolshönnuður á Akureyri

Burðarþolshönnuður óskast til starfa í útibúi fyrirtækisins á Akureyri. Starfsreynsla er æskileg en ekki skilyrði.

*Menntunar- og hæfniskröfur:*

- B.Sc. eða M.Sc. í byggingarverkfræði/byggingartæknifræði eða önnur sambærileg menntun.

### 3. Byggingaverkfræðingar/byggingartæknifræðingar á Selfoss, Ísafjörð og Egilsstaði

Byggingarverkfræðingar/byggingartæknifræðingar óskast til starfa í útibú VST hf. á Selfossi, Ísafirði og Egilsstöðum. Starfsreynsla er æskileg en ekki skilyrði.

*Menntunar- og hæfniskröfur:*

- B.Sc. eða M.Sc. í byggingarverkfræði/byggingartæknifræði eða önnur sambærileg menntun.

**Almennar menntunar- og hæfniskröfur hjá VST:**

- Mjög góð almenn tölvukunnátta.
- Hæfni til að sýna frumkvæði.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Hæfni til að vinna agað og skipulega.
- Mjög góð hæfni í rituðu og mæltu íslensku máli.

**Starfskjör**

Samkomulagsatriði.

**Umsóknarferli:**

Sjá nánari lýsingar á störfunum á heimasíðu VST, **www.vst.is**. Einungis er hægt að sækja um störfin á staðlað umsóknareyðublað sem er að finna á heimasíðunni. Umsóknarfrestur fyrir öll störfin er opinn en ráðið verður sem fyrst í störfin. Heitið er trúnaði við meðferð umsókna og verður öllum umsækjendum svarað.

**Nánari upplýsingar:**

Elín Greta Stefánsdóttir starfsmannastjóri, sími 569 5000, egs@vst.is.

næst

**VST**
**Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.**
VST Ármúla 4 • 108 Reykjavík • Sími: 569 5000 • Fax: 569 5010 • www.vst.is

---

# RAFVIRKJAR

Vegna aukinna umsvifa óskar Johan Rönning eftir að ráða öfluga sölumenn í Reykjavík og á Akureyri

Umsóknir um störf í **Reykjavík** óskast sendar til Johan Rönning hf., Sundaborg 15, 104 Reykjavík. Umsóknir um starf á **Akureyri** óskast sendar til Birgis Tómassonar, rekstrarstjóra, Óseyri 2.
**Umsóknir berist fyrir 24. janúar 2005.**

*Johan Rönning hf. er leiðandi þjónustufyrirtæki á rafvörumarkaði og rekur jafnframt heimilistækjaverslun. Fyrirtækið er framsækið og starfar á vaxandi markaði. Johan Rönning hf. vill vera þekkt sem góður og eftirsóttur vinnustaður.*

hausverk

**Starfið:**
sala og þjónusta
tilboðsgerð og tækniráðgjöf

**Hæfniskröfur:**
reynsla af störfum í rafiðnaði
þjónustulund
reynsla af sölustörfum æskileg
markaðshugsun
frumkvæði
samskiptahæfni

**Menntun:**
sveinspróf í rafvirkjun

JOHAN RÖNNING

**Sundaborg 15 • Sími 5 200 800 \ Óseyri 2 • Sími 4 600 800 \ www.ronning.is**

---



## Vilt þú móta framtíðina með okkur?

Icelandair er fyrirtæki í forystu á alþjóðamarkaði í ferðaþjónustu. Við erum í öflugri sókn og sækjumst eftir einstaklingum til að taka þátt í uppbyggingu félagsins á komandi árum.

## Flugumsjónarmenn og starfsfólk í flugdeild

**Flugumsjónarmenn** óskast til starfa í flugumsjón Icelandair á Keflavíkurflugvelli. Flugumsjón annast gerð flugáætlana og flugeftirlit vegna alls flugs á vegum Icelandair, bæði áætlunarflugs sem og erlendra verkefna sem sinnt er fyrir önnur systurfyrirtæki innan Flugleiðasamstæðunnar. Krafist er skírteinis flugumsjónarmanns til þessa starfs.

**Starfsfólk í flugdeild á aðalskrifstofu félagsins**
Í flugdeild fer fram margvísleg starfsemi sem tengist faglegum þætti flugrekstrarins. Vinna við gerð flug- og rekstrarhandbóka auk annarra fluggagna. Flugfræði og góð tölvuþekking er æskileg.

Við leitum eftir kraftmiklum, áhugasömum og þjónustusinnuðum starfsmönnum með góða menntun. Viðkomandi þurfa að hafa frumkvæði og brennandi áhuga á að ná góðum árangri í starfi. Lögð er áhersla á nákvæm vinnubrögð og að viðkomandi geti unnið sjálfstætt og skipulega. Góð enskukunnátta og tölvuþekking er nauðsynleg og þekking á flugmálum er æskileg.

Hér er bæði um tímabundin og framtíðarstörf að ræða. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

**Eingöngu er hægt að sækja um á veffangi Icelandair www.icelandair.is/umsokn**
Nauðsynlegt er að mynd fylgi umsókn.

**Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar nk.**

- Icelandair er kraftmikið ferðaþjónustufyrirtæki sem tekur þátt í harðri samkeppni á alþjóðamarkaði.
- Icelandair er framsækið fyrirtæki, leiðandi í ferðaþjónustu á Íslandi og í markaðssetningu á Internetinu og í fremstu röð í þróun upplýsingatækni.
- Starfsmenn Icelandair eru lykillinn að velgengni félagsins. Hjá Icelandair starfa um þúsund manns af mörgum þjóðernum í tíu löndum.
- Icelandair leggur áherslu á að starfsmenn félagsins séu þjónustusinnaðir og tilbúnir að takast á við krefjandi og spennandi verkefni í alþjóðlegu starfsumhverfi.
- Icelandair leggur áherslu á þjálfun starfsmanna og símenntun, hvetur starfsmenn til heilsuræktar og styður við félagsstarf starfsmanna.
- Icelandair er reyklaust fyrirtæki.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF/SIA.IS ICE 27071 01/2005

ICELANDAIR

---

vinna.is
atvinnumiðlun

# Kíktu á vinna.is

**Netamann og háseta vantar á trollbát sem rær frá Suðvesturlandi.**
Upplýsingar í s. 894-0361 eða 854-7686.

---

LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS
Föðurland vort hálft er hafið

# Laus störf vélstjóra

## á varðskipum Landhelgisgæslu Íslands

Landhelgisgæsla Íslands auglýsir laus til umsóknar störf vélstjóra á varðskipum stofnunarinnar. Umsækjendur skulu hafa full réttindi, eða hafa lokið skóla og smiðjutíma.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi milli Vélstjórafélags Íslands og fjármálaráðherra um kaup og kjör vélstjóra á skipum Landhelgisgæslu Íslands.

Umsóknir, ásamt sakavottorði, skulu berast Landhelgisgæslu Íslands, Seljavegi 32, 101 Reykjavík, fyrir 25. janúar nk. Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu Landhelgisgæslunnar; lhg.is

Nánari upplýsingar veitir Svanhildur Sverrisdóttir, starfsmannastjóri (svanhildur@lhg.is) í síma 545-2000.

---

Í Mosfellsbæ búa rúmlega 6.500 íbúar og eru börn og unglingar fjölmennur aldurshópur. Fjölskyldusvið Mosfellsbæjar hefur með höndum verkefni samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, barnaverndarlögum nr. 80/2002, lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 og lögum um stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.

# Félagsráðgjafi

Auglýst er laus til umsóknar staða félagsráðgjafa við fjölskyldudeild fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar. Starfsmenn fjölskyldudeildar sinna verkefnum skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002 og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsráðgjafi í umræddu starfi hefur faglega umsjón með þjónustu fjölskyldudeildar við aldraða og fatlaða.

Umsækjandi þarf að hafa réttindi sem löggildur félagsráðgjafi og reynslu af starfi á sviði félagsþjónustu. Í starfinu reynir á frumkvæði, skipulagshæfileika, áreiðanleika og hæfni til samvinnu.

Laun eru skv. kjarasamningi Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa og Launanefndar sveitarfélaga.

Áður auglýstur umsóknarfrestur er framlengdur til 30. janúar 2005. Umsóknir berist skriflega til fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ.

Nánari upplýsingar veitir félagsmálastjóri og Margrét Hjaltested félagsráðgjafi í síma 525-6700.

**Félagsmálastjóri**

---

Sýslumaðurinn í Keflavík

## Hjá Sýslumanninum í Keflavík er laust starf löglærðs fulltrúa.

Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf frá og með 1. mars 2005 eða eftir samkomulagi.
Í umsókninni þurfa að koma fram upplýsingar um menntun og fyrri störf.

Afrit prófskírteina skulu fylgja umsókn.

Umsóknir þurfa ekki að vera á sérstökum eyðublöðum, en óskast sendar Sýslumanninum í Keflavík, Vatnsnesvegi 33, 230 Keflavík..
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi ríkisins og Stéttarfélags lögfræðinga í ríkisþjónustu.

Umsóknarfrestur er til 15 . febrúar 2005.
Reyklaus vinnustaður.

Nánari upplýsingar veita Jón Eysteinsson, sýslumaður í síma 420-2428 eða Ásgeir Eiríksson, staðgengill sýslumanns í s. 420-2436.

---

**Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi óskar eftir að ráða**

# forstöðuþroskaþjálfa

tímabundið í eitt ár á heimili fólks með fötlun í Garðabæ. Einnig kemur til greina að ráða einstakling með aðra menntun á sviði uppeldis- og félagsvísinda.

Um er að ræða fjölbreytt og gefandi starf á vinnustað þar sem stöðugleiki ríkir í starfsmannahaldi.

Sjá nánari upplýsingar um starfið á eftirfarandi heimasíðum: http://www.smfr.is og http://www.starfatorg.is

**Umsóknarfrestur er til og með 9. janúar 2005.**

---

Sólheimar

# Stuðningsfulltrúi

**Óskað er eftir stuðningsfulltrúm til starfa á heimiliseiningu Sólheima. Unnið er skv. vinnulotukerfi. Við leitum að einstaklingum með góða almenna menntun, og hæfni í mannlegum samskiptum.**

Allar nánari upplýsingar gefur Ingibjörg í síma: 480-4400

Í boði er áhugavert og krefjandi starf fyrir metnaðarfulla einstaklinga sem hafa áhuga á að vinna á Sólheimum.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Sólheimar eru vistvænt byggðahverfi í Árnessýslu ( klst. akstur frá Reykjavík )

Á staðnum er m.a. garðyrkjustöð, skógræktarstöð, gistiheimili, verslun með helstu nauðsynjavörum, listhús, kertagerð og vinnustofur sem vinna að umhverfisvænni framleiðslu og endurvinnslu. Ennfremur kaffihús, sundlaug, íþróttahús, líkamsræktarstöð og vistmenningarhús.
Sjá: www.solheimar.is

---

# SÖLUMAÐUR ÓSKAST

**Heimilistæki** óskar eftir ráða jákvæðan og hæfileikaríkan sölumann strax. Starfið felst í sölu á raftækjum og heimilistækjum í verslun okkar í Sætúni 8.
Æskilegt er að viðkomandi hafi brennandi áhuga á sölu raf- og heimilistækja og ágæta tölvukunnáttu. Um krefjandi framtíðarstarf er að ræða hjá öflugu fyrirtæki.

**Heimilistæki ehf** er einn stærsti innflytjandi landsins á raftækjum og heimilistækjum með umboð fyrir mörg heimsþekkt vörumerki á borð við Philips og Whirlpool.

Umsóknareyðublað er að finna á heimasíðu Heimilistækja, www.ht.is. Umsóknum skal skila rafrænt gegnum vef fyrirtækisins fyrir 24. janúar. Allar frekari upplýsingar má finna á vefnum.

Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**Heimilistæki**
SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is

---

BECHTEL
HRV ENGINEERING

Á vegum Alcoa byggir Bechtel International Inc. álver á Reyðarfirði. Bechtel er yfir 100 ára gamalt bandarískt verktakafyrirtæki með starfsemi um heim allan. Fjarðaál er hannað og byggt í samstarfi við HRV sem samanstendur af nokkrum fremstu fyrirtækjum á Íslandi á sviðinu, Hönnun, Rafhönnun og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen.

## Samfélagstengsl

# Laus er staða yfirmanns samfélagstengsla hjá Bechtel á Reyðarfirði.

Viðkomandi mun bera ábyrgð á fjölbreyttum ytri og innri samskiptum, ráðgjafaverkefnum og fjölmenningarlegum viðburðum. Starfsumhverfið er lifandi og nýtur mikillar athygli. Starfið fellur undir útibússtjóra en einnig er náið samstarf við teymi verkefnastjóra.

**Helstu verkefni sem yfirmaður samfélagstengsla mun sinna eru:**

- að stýra innri og ytri samskiptum, meðal annars við starfsmenn og fjölmiðla en einnig við almenna upplýsingamiðlun
- fylgjast með almennum viðhorfum til verkefnisins og leita leiða til að samskipti við samfélagið séu sem best
- þróa traust og skilvirk samskipti við hagsmunaaðila verkefnisins
- upplýsa forystuaðila sveitarfélagsins og annarra hagsmunaaðila um framkvæmd verkefnisins og þau mál sem eru fyrirsjáanleg
- styðja við verkefni sem snúa að aukinni vitund samfélagsins um m.a. öryggismál

**Hæfniskröfur:**

- Að minnsta kosti fimm ára reynsla í samfélagstengslum, almannatengslum eða sambærilegu
- Gráða úr fyrrihlutanámi á háskólastigi lágmark
- Þekking á íslenskri menningu, stjórnkerfi, tungumáli og verklagi æskileg
- Mjög góð skrifleg og munnleg íslenska og enska skilyrði
- Reynsla af að leiða saman ólíka aðila til uppbyggilegs samstarfs
- Reynsla af samskiptum tengdum byggingarframkvæmdum eða samráði milli ólíkra hagsmunaaðila
- Geta til að greina og lesa úr aðstæðum
- Mikli hæfni til mannlegra samskipta í fjölþjóðlegu umhverfi

Upplýsingar veitir Craig Bridge í síma 470 7400 og starfsumsókn með ferilskrá sendist á netfang chbridge@bechtel.com eða á Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík.

HÚSALIND FASTEIGNASALA

## Vegna aukinna umsvifa á fasteignasölu okkar óskum við eftir liðsinni eftirtalinna aðila:

### Sölufulltrúa fasteigna

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af sölustörfun æskileg.
- Löggildin sem fasteignasali æskileg en ekki skilyrði.
- Hreint sakavottorð og heiðarleiki.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum.
- Stundvísi og reglusemi.

### Ritara

**Hæfniskröfur:**
- Mjög góð tölvukunnátta.
- Reynsla af starfi á fasteignamarkaði æskileg en ekki skilyrði.
- Mikil þjónustulund.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Tungumálakunnátta.
- Heiðarleiki, stundvísi og reglusemi.

Upplýsingar um fasteignasöluna má finna á heimasíðu fasteignarsölunnar www.husalind.is.

Umsóknir og ferilskrár skulu sendar á póstfangið: Húsalind fasteignasala ehf., Hamraborg 20a, 200 Kópavogi fyrir 20. janúar 2005, eða á netfangið sveina@husalind.is. Allar frekari upplýsingar um störfin veitir Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir, löggildur fasteignarsali í síma 554 4000.

## Störf í grunnskólum Reykjavíkur

**Borgaskóli, sími 577 2900**

**Skólaliðar**, 50-100% stöður. Gæsla, umönnun nemenda og ræsting.

**Breiðagerðisskóli, sími 510 2600 og 664 8145**

Skólaliði, 50-100% staða.

**Fossvogsskóli, sími 568 0200**

**Kennari**, afleysing v/veikinda, frá 14. feb.- 20. apríl.
**Skrifstofumaður**. Þarf að hafa góða almenna menntun, góða tölvukunnáttu, lipra framkomu og góða samskiptahæfni. Ráðning strax.

**Hlíðaskóli, sími 552 5080, bs@hlidaskoli.is**

**Þroskaþjálfi eða kennari** í 7. bekk með kunnáttu í táknmáli.

**Húsaskóli, símar 567 6100 og 664 8245**

**Tónmenntakennsla**, 70-80% staða.
**Kennara í leiklist/drama/framsögn**, 60-70% staða, 1.-7. bekkur.
**Skólaliðar**. Í starfinu felst m.a. umsjón með nemendum í leik og starfi, umsjón á göngum, aðstoð í matsal og ræstingar.

**Hvassaleitisskóli, símar 570 8800 og 664 8257**

**Starfsmaður skóla**.

**Ingunnarskóli, sími 585 0400**

thuridur@ingunnarskoli.is
**Kennsla á yngsta stigi**, vegna forfalla.

**Langholtsskóli, sími 553 3188**

Sérkennsla í sérdeild fyrir nemendur með einhverfu. 75% staða.
**Skólaliði**.

**Vesturbæjarskóli, símar 562 2296 og 696 2299**

**Almenn kennsla**.
**Skólaliði** til aðstoðar í mötuneyti, 70% staða.

**Upplýsingar veita skólastjórar, aðstoðarskólastjórar eða aðrir tilgreindir í viðkomandi skólum. Umsóknir ber að senda til viðeigandi skóla. Laun samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Nánari upplýsingar um laus störf, umsóknarfrest og grunnskóla Reykjavíkur er að finna á netinu.**

www.grunnskolar.is

Reykjavíkurborg — Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík,
sími: 535 5000, fmr@reykjavik.is




## Bensínafgreiðsla og almenn afgreiðslustörf

Ef þú ert einstaklingur sem hefur áhuga á að starfa með samhentum hóp starfsmanna við sölu-og þjónustustörf viljum við gjarnan fá þig til starfa með okkur á Selectstöðvar félagsins á Reykjavíkursvæðinu.

Um er að ræða **störf í bensínafgreiðslu** á Shell við Gylfaflöt, á Laugavegi og Select Hraunbæ. Störfin eru unnin á vöktum.

Leitum einnig að fólki í **almenna afgreiðslu** á Selectstöðvum félagsins í Reykjavík.

Upplýsingar um störfin veitir Drífa Sigurðardóttir í starfsmannahaldi Skeljungs, sími **444 3000**, ds@skeljungur.is
Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu Skeljungs, www.skeljungur.is
og í móttöku Skeljungs
að Hólmaslóð 8, 101 Reykjavík.

Skeljungur hf.



# Starf í boði á Bifröst

## Upplýsinga- og bókasafnsfræðingur

Starfið felst í umsjón með bókasafni Viðskiptaháskólans. Í boði er áhugavert starf við þróun á bókasafni við framsækinn háskóla þar sem unnið er að uppbyggingu meistaranáms og nýrra námsbrauta. Óskað er eftir starfsmanni með menntun í upplýsinga- og bókasafnsfræði. Nánari upplýsingar veitir Stefán Kalmansson framkvæmdastjóri í síma 433-3000 eða í netfangi stefank@bifrost.is.

Viðskiptaháskólinn á Bifröst er í rúmlega klukkustundar akstursfjarlægð frá Reykjavík. Við skólann eru tæplega 500 nemendur í staðnámi og fjarnámi við viðskiptadeild og lagadeild. Skólinn hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið. Umsóknarfrestur er til 26. janúar n.k. Umsóknir skal senda Viðskiptaháskólanum á Bifröst, 311 Borgarnes.

Viðskiptaháskólinn á Bifröst er alhliða viðskiptaháskóli. Hlutverk hans er að búa nemendur undir ábyrgðar-, forystu- og stjórnunarstörf í innlendu og alþjóðlegu samkeppnisumhverfi. Hann býður nemendum framúrskarandi fræðslu, þekkingu og þjálfun í viðskiptafræði og viðskiptalögfræði. Háskólinn leitast við að veita jöfn tækifæri til náms, óháð kynferði, aldri, efnahag, fötlun eða búsetu og skapa þannig fjölbreyttan hóp nemenda með ólíkan bakgrunn, menntun og reynslu.

**www.bifrost.is**

VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN BIFRÖST

SECURITAS

## Rafvirkjar / Rafeindavirkjar

Vegna vaxandi verkefna óskar Securitas að ráða fleiri rafvirkja / rafeindavirkja til starfa. Verkefnasvið er afar fjölbreytt og spannar allt frá hefðbundinni rafvirkjavinnu til flókinnar hátæknivinnu.

**Leitað er að mönnum sem búa yfir:**
- Sveinspróf í rafvirkjun, rafeindavirkjun eða símsmiði.
- Almennri tölvukunnáttu.
- Góðri reynslu í raflögnum eða rafeindavirkjun.
- Kunnáttu í ensku og dönsku.
- Getu til að vinna sjálfstætt.
- Vilja til að bæta við sig mikilli þekkingu.



**Í boði er** áhugavert starf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki þar sem starfar samhentur hópur starfsmanna. Lögð er áhersla á góð starfsskilyrði og möguleika starfsmanna til að vaxa og dafna með fyrirtækinu. Góð laun eru í boði fyrir rétta aðila. Boðið er upp á góða starfsaðstöðu og hreinlegt vinnuumhverfi. Í upphafi starfs hljóta starfsmenn sérhæfða starfsþjálfun.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.securitas.is** eða á starfsumsóknareyðublöðum sem hægt er að nálgast hjá Securitas, Síðumúla 23 fyrir 19. janúar nk.

Upplýsingar veitir Trausti Harðarson í síma 580-7000 eða í tölvupósti traustihardar@securitas.is

# LAGERMAÐUR/BÍLSTJÓRI

**SJÓNVARPSMIÐSTÖÐIN** óskar eftir að ráða lagermann/bílstjóra. Starfið felst í umsjón með og vinnu við vörumóttöku, lagerhald, pökkun og útkeyrslu. Þekking á raftækjum ekki nauðsynleg en ágæt tölvukunnátta æskileg. Um fjölbreytilegt og krefjandi framtíðarstarf er að ræða.

Sjónvarpsmiðstöðin er ört vaxandi fyrirtæki og er í dag einn stærsti innflytjandi landsins á raftækjum.

Umsóknareyðublað er að finna á heimasíðu Sjónvarpsmiðstöðvarinnar, www.sm.is. Umsóknum skal skila rafrænt á vef Sjónvarpsmiðstöðvarinnar eða til Sjónvarpsmiðstöðvarinnar, Síðumúla 2, 128 Reykjavík, fyrir 22. janúar 2005.
Allar frekari upplýsingar má finna á www.sm.is.

Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Alltaf gæði og gott hugt! 1971 - 2004

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

# Sölu- og markaðsfulltrúi óskast

Öflugt fyrirtæki í útgáfu og auglýsinga-hönnun staðsett í Reykjanesbæ óskar eftir að ráða sölumann í markaðsdeild félagsins. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af sölu -og markaðsetningu.

Umsækjandi þarf að hafa metnað og góða félagslega hæfileika, geta unnið undir álagi og virkjað ímyndunaraflið í starfi. Sölu-og markaðsnám er æskilegt en ekki nauðsynlegt.

Laun eru að hluta árangurstengd og geta verið veruleg fyrir rétta starfsmanninn.

Umsóknir sendist á netfangið **jff@intro.is** fyrir **20. janúar.**

**Öllum umsóknum verður svarað.**



**!NTRO**

# Förðunarfræðingar , Naglafræðingar.

**Óskum að ráða starfskraft til sölu og kynningar-starfa. Þarf að kunna „ Air brush „ tækni.**

Heildverslunin Hjölur ehf
info@professionails.is sími 588 8300

LYNGVÍK

**Síðumúla 33, 108 Reykjavík**

# Sölumaður

Okkur á Lyngvík fastegnasölu Síðumúla 33 vantar ábyrgan og góðan sölumann til starfa sem fyrst. Mjög gott væri að viðkomandi hafi unnið við fasteignasölu, og hafi góða tölvukunnáttu.

Áhugasamir hafi samband við Steinar S. Jónsson í síma 588 9490 eða 898 5254

# Ræstingastjóri – Ræstir ehf

**Starfið felur í sér stjórnun, þjálfun og kennslu starfsmanna ásamt umsjón með verkgæðum og skipulagningu verkefna. Starfinu fylgja mikil samskipti við viðskiptavini og starfsfólk, samskiptahæfni er því mikilvægur eiginleiki.**

Við leitum að þjónustuliprum, duglegum og metnaðarfullum einstaklingi sem sýnir ákveðni, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.

Að jafnaði er um dagvinnu að ræða frá kl.8, virka daga, en viðkomandi þarf að vera tilbúinn til að taka að sér tilfallandi vinnu á kvöldin og um helgar. Starfinu fylgir bíll og sími til umráða.

Umsóknum ásamt ferilskrá skal skilað fyrir 25. janúar n.k. á skrifstofu Ræstis ehf, Faxafeni 10, 108 Reykjavík eða á netfangið rosa@raestir.is.

EIR **Hjúkrunarheimili**

# Hjúkrunarfræðingar athugið

Eir hjúkrunarheimili hefur verið starfrækt frá árinu 1993 og aukið við starfsemi sína jafnt og þétt og er nú fjölþætt þjónusta við aldraða og einstaklinga í hjúkrunarþörf veitt í þremur húsum með samtals 250 einstaklingum.

Hjá okkur starfar góður hópur fólks við að tryggja faglega, örugga og farsæla þjónustu til þeirra sem dvelja á Eir. Hjúkrunarfræðingar eru nú 33 í starfi og tryggja þeir sólarhrings hjúkrunarþjónustu í húsunum.

Okkur vantar nú hjúkrunarfræðing til starfa á 60% kvöldvaktir og um helgar á móttökudeild. Þar dvelja samtals 25 einstaklingar. Biðpláss eru 19 á deildinni eftir heimilisplássi á Eir eða á öðrum hjúkrunarheimililum á Stór-Reykjavíkursvæðinu og 6 pláss eru nýtt allt árið fyrir fólk sem kemur til skammtímavistunar.

Nánari upplýsingar: Birna Kr. Svavarsdóttir hjúkrunarforstjóri (birna@eir.is) og Kristín Högnadóttir deildarstjóri (kristin@eir.is) í síma 5225700 alla virka daga.

LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS

*Föðurland vort hálft er hafið*

# Laus störf háseta og smyrjara

**á varðskipum Landhelgisgæslu Íslands**

Landhelgisgæsla Íslands auglýsir laus til umsóknar störf háseta og smyrjara á varðskipum stofnunarinnar.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi milli Sjómannafélags Reykjavíkur og fjármálaráðherra vegna Landhelgisgæslu Íslands.

Umsóknir, ásamt sakavottorði, skulu berast Landhelgisgæslu Íslands, Seljavegi 32, 101 Reykjavík, fyrir 25. janúar nk. Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu Landhelgisgæslunnar; lhg.is, eða í varðskýli Landhelgisgæslunnar við Faxagarð í Reykjavík. Þangað má jafnframt skila umsóknum.

Nánari upplýsingar veita Steinar Clausen, varðskýli Landhelgisgæslunnar í síma 545-2180 og Svanhildur Sverrisdóttir, starfsmannastjóri (svanhildur@lhg.is) í síma 545-2000.

# Starfsmenn í Frístundasel í Mosfellsbæ.

**Mosfellsbæjar óskar eftir að ráða starfsmenn í Frístundasel. Lausar eru tvær 50 % stöðu, ein í Frístundaseli við Varmárskóla og ein í Frístundaseli við Lágafellsskóla, en þar er um að ræða staða stuðningsfulltrúa.**

Frístundaselin bjóða upp á ýmsa þjónustu fyrir nemendur í 1. - 4. bekk grunnskóla eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur.

## Starfsmenn í hlutastörfum

**Hæfniskröfur:**

- Uppeldismenntun og/eða, reynsla af starfi með börnum.
- Sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í samskiptum.

Umsóknum má skila inn í Þjónustuver Mosfellsbæjar, 1.hæð. Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ.
Einnig er hægt að senda inn umsóknir á heimasíðu Mosfellsbæjar www.mos.is

Allar nánari upplýsingar veita Kolbrún forstöðumaður í Frístundaseli v/ Lágafellsskóla í s: 863-0701/ e-mail fristundlagafell@mos.is og Guðrún Helga forstöðumaður í Frístundaseli v/ Varmárskóla s:863-0702 / e-mail *fristundvarma@mos.is.*

**Fræðslu- og menningarsvið Mosfellsbæjar.**

BECHTEL HRV ENGINEERING

Á vegum Alcoa byggir Bechtel International Inc. álver á Reyðarfirði. Bechtel er yfir 100 ára gamalt bandarískt verktakafyrirtæki með starfsemi um heim allan. Fjarðaál er hannað og byggt í samstarfi við HRV sem samanstendur af nokkrum fremstu fyrirtækjum á Íslandi á sviðinu, Hönnun, Rafhönnun og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen.

# Sérfræðingur í öryggismálum

**Við leitum að sérfræðingi í öryggismálum til starfa í teymi við byggingarframkvæmdir Fjarðaáls á Reyðarfirði.**

Umsækjendur þurfa að hafa viðamikla þekkingu af íslenskum öryggisreglum og að minnsta kosti fimm ára starfsreynslu við öryggisstjórnun eða öryggisráðgjöf í fullu starfi.

Reynsla af byggingarframkvæmdum og þjálfun tengd Bandarískum OSHA stöðlum er æskileg. Réttindi til sjúkraflutninga, sambærileg réttindi eða þjálfun er kostur.

Upplýsingar veitir Roxane Baldwin í síma 470 7506 og starfsumsókn ásamt ferilskrá sendist á netfang rhbaldwin@bechtel.com eða á Sómastaði, 730 Reyðarfjörður.

Álftanes
www.alftanes.is

Álftanesskóli
http://www.alftanesskoli.is

# Óskum að ráða frá 1. febrúar 2005:

**Laghentan og lipran starfsmann í sérverkefni (gangavarsla, umsjón búnaðar, eftirlit með skólahúsi og lóð, umsjón með ræstingu og aðstoð á skrifstofu skólans) 100% starf.**

**Skólaliða í Frístund (lengd viðvera nemenda), 62,5% starf (vinnutími frá 12:00 - 17:00).**

Upplýsingar veita Sveinbjörn Markús Njálsson skólastjóri, í símum 565-3662 og 8215007, netfang: sveinbjorn.njalsson@alftanesskoli.is
og Ragnhildur Konráðsdóttir deildarstjóri, í síma 565-3662, netfang: ragnhildur.konradsdottir@alftanesskoli.is

Sjá einnig vef Álftanesskóla og sveitarfélagsins Álftaness.

Umsóknir með upplýsingum um nám og fyrri störf sendist Álftanesskóla.
Laun eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

**Skólastjóri.**

**INNKAUPASTOFNUN REYKJAVÍKUR**
Fríkirkjuvegi 3 – 101 Reykjavík
Sími 570 5800 – Fax 561 11 20 – Netfang: isr@rhus.rvk.is

# ÚTBOÐ

**F.h. Fasteignastofu Reykjavíkurborgar:**

Endurmálun í leikskólum Reykjavíkurborgar

Útboðsgögn eru seld á kr. 3.000 á skrifstofu Innkaupastofnunar Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 3.

Opnun tilboða: 26. janúar 2005 kl. 10:00, hjá Innkaupastofnun.

10500

**Nánari upplýsingar um verkin hjá Innkaupastofnun Reykjavíkur sjá,**
**http://www.reykjavik.is/innkaupastofnun**

---

**INNKAUPASTOFNUN REYKJAVÍKUR**
Fríkirkjuvegi 3 – 101 Reykjavík
Sími 570 5800 – Fax 561 11 20 – Netfang: isr@rhus.rvk.is

Orkuveita Reykjavíkur — SÍMINN

# ÚTBOÐ

**F.h. Gatnamálastofu Reykjavíkur, Orkuveitu Reykjavíkur og Landssíma Íslands hf.**

***Hlemmur – austan og vestan Rauðarárstígs gatnagerð.***

Útboðsgögn verða seld á kr. 5.000 á skrifstofu Innkaupastofnunar Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 3. frá og með 19. janúar – 31. janúar 2005.

**ATH: Frá og með 1. febrúar 2005 verða útboðsgögn seld í afgreiðslu Ráðhúss Reykjavíkur, Tjarnargötu 11.**

Opnun tilboða: Í Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, þann 3. febrúar 2005, kl. 11:00.

10502

**Nánari upplýsingar um verkið hjá Innkaupastofnun Reykjavíkur sjá,**
**http://www.reykjavik.is/innkaupastofnun**

---

Reykjavíkurborg

# Auglýsing um starfsleyfistillögur

Með vísan til 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun eða mengandi starfssemi, munu starfsleyfistillögur neðangreinds fyrirtækis liggja frammi hjá upplýsingaþjónustunni í Ráðhúsi Reykjavíkur dagana 16. janúar 2005 til 16. febrúar 2005.

| Fyrirtæki/gildistími starfsleyfis í árum | Almenn skilyrði | Sértæk skilyrði | Heimilisfang |
|---|---|---|---|
| **Hringrás ehf. – 10 ár** | X | X | Klettagörðum 9 |

Rétt til að gera athugasemdir hafa eftirtaldir aðilar:

1. Sá sem sótt hefur um starfsleyfi svo og forsvarsmenn og starfsmenn tengdrar eða nálægrar starfsemi.
2. Íbúar þess svæðis sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.
3. Opinberir aðilar, félög og aðrir þeir sem málið varðar.

Athugasemdir, skulu vera skriflegar og sendast Umhverfisráði Reykjavíkur, Skúlagötu 19, 101 Reykjavík, fyrir 16. febrúar 2005.

**Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur**

---



**Til sölu trollskipið Ísborg ÍS 250,**
skipaskránúmer 78. Skipið er 227 tonn.
Upplýsingar fást í síma 893-3077.

---

FEB FÉLAG ELDRI BORGARA

# Félagsfundur

**Félag eldri borgara í Reykjavík og nágr. heldur félagsfund í Ásgarði í Glæsibæ þriðjudaginn 18. janúar kl. 16.00**

**Dagskrá:**

1. Sala á húseign félagsins.
2. Breytingar á þjónustugjöldum á undanförnum árum.
3. Önnur mál.

Félagsmenn takið með ykkur félagsskírteinið.

**Stjórnin**

---

**INNKAUPASTOFNUN REYKJAVÍKUR**
Fríkirkjuvegi 3 – 101 Reykjavík
Sími 570 5800 – Fax 561 11 20 – Netfang: isr@rhus.rvk.is

# ÚTBOÐ

Orkuveita Reykjavíkur

**F.h. Gatnamálastofu Reykjavíkur og Orkuveitu Reykjavíkur:**

***Biðstöðvar Strætó við Vesturlandsveg. Breiðhöfði – Straumur.***

Útboðsgögn verða seld á kr. 5.000 á skrifstofu Innkaupastofnunar Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 3, frá og með 18. janúar – 31. janúar 2005.

**ATH: Frá og með 1. febrúar 2005 verða útboðsgögn seld í afgreiðslu Ráðhúss Reykjavíkur, Tjarnargötu 11.**

Opnun tilboða: **Í Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11,** þann 2. febrúar 2005 kl. 14:00.

10501

**Nánari upplýsingar um verkið hjá Innkaupastofnun Reykjavíkur sjá,**
**http://www.reykjavik.is/innkaupastofnun**

---

# Til leigu / sölu

Iðnaðarhúsnæði ca. 530m².
Tvær innkeysluhurðir, hægt er að skipta rýminu í tvær einingar.
Einnig mjög gott ca. 230m² skrifstofu / verslunarrými í Bæjarhrauni 20, Hafnarfirði.
Þessi tvö rými er hægt að nota saman sem eina heild eða í sitt í hvoru lagi.
Frábær staðsettning í fjölbreyttu viðskipta- og iðnaðarhverfi.

**Leitið upplýsinga hjá okkur.**

Vörumerking
BÆJARHRAUNI 24 - SÍMI 555 3588

---

**Miðstöð símenntunar í Hafnarfirði**

# SPÆNSKA

**Prófaáfangar**
Spænska 203. Hefst 18. jan. kl. 18
Spænska 403. Hefst 20. jan. kl. 18.
Einnig spænska 103 ef næg þátttaka næst.

**Almenn námskeið**
Spænska fyrir byrjendur. Hefst 24. jan. kl. 18.00
Spænska framhald I. Hefst 24. jan. kl. 19.30
Spænska framhald II. Hefst 24. jan. kl. 21.00

Nánari upplýsingar og innritun í síma 585-5860 eða á heimasíðu skólans: namsflokkar.hafnarfjordur.is



Akkurat - fyrir þig!



**Góður fjárfestingarkostur**
í nýlegu og viðhaldslitlu húsi með góðum leigusamning.
Verð 24 millj. Ákvílandi eru 14 millj. í góðu láni

**Nánari uppl.**
Viggó Sig. sími : 594-5050 / 824-5066
e-mail : viggo@akkurat.is

Sími: 594 5000 — Akkurat

---

**FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS**
BORGARTÚN 28, 2HÆÐ • SÍMI: 588 5160
WWW.fyrirtaekjasala.is • gjy@fyrirtaekjasala.is



**HÁRGREIÐSLUSTOFA Í FULLUM REKSTRI**

**Stofan er glæsileg staðsett á góðum stað í miðju stóru íbúðarhverfi, fjöldi fastra viðskipavina, 5 stólar og tveir vaskastólar ásamt öllum öðrum búnaði sem til þarf til rekstrarins. Húsalega kr 50 þús + vsk. Verð samkomulag. Laus strax.**

FAGLEG ÞJÓNUSTA - SÉRHÆFÐ ÞEKKING - TRAUST VINNUBRÖGÐ

---

FMH FASTEIGNASALA

**Strandgötu 41 – 220 Hafnarfjörður – www.hf.is**

**Lækjarsmári 13 Kóavogi**

**OPIÐ HÚS Í DAG SUNNUDAG FRÁ KL 14 TIL 17.**



Falleg 94,4 fm íbúð á jarðhæð ásamt stæði í bilageymslu. Góðar innréttingar, parket og flísar á gólfum. Sérafnotaflötur fyrir framan íbúðina. Íbúðin er laus strax. Eign á frábærum stað.
VERÐ 18,7 millj.



*Uppl veitir Eiður S. 820-9515*

# Akkurat *fyrir þig!*











## ASPARHVARF - 203 KÓPAVOGI

**STÓRGLÆSILEGT 240 FM PARHÚS Á TVEIMUR HÆÐUM MEÐ 22,8 FM INNBYGGÐUM BÍLSKÚR. Allar innréttingar sérsmíðaðar, tæki fyrsta flokks og gólfefni mjög vönduð.**

Nánari lýsing: Neðri hæð skiptist í anddyri, gesta wc., eldhús og stórt svefnherbergi sem hægt er að nýta sem vinnustofu eða sjónvarpsherb. Stofa, borðstofa og eldhús eru eitt stórt opið rými. Mikil lofthæð er í stofu og þar er stór gluggi sem nær yfir tvær hæðir. 22 fm bílskúr, inn af bílskúr er 6 fm geymsla.

Efri hæð skiptist í opið rými, 3 stór svefnherbergi, fataherbergi, þvottahús og baðherbergi. 6 fm svalir eru út frá hjónaherbergi. Húsið er forsteypt einingahús með viðarklæðningu á afmörkuðum stöðum. Tölvustýrð hitun ásamt lýsingu er í húsinu. Gasleiðslur í eldhúsi og einnig lagt fyrir ryksugukerfi í húsinu. Svart stallað stál er á þakinu. Utan á húsinu er skeljasandsklæðning.

ÞETTA ER VIRKILEGA ÁHUGAVERÐ EIGN. **VERÐ 49,0 millj.**

**Allar nánari upplýsingar veitir Viggó í síma 824 5066.**

Sími: 594 5000

Akkurat

# HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA



## DAGGARVELLIR 6A Hf.

**14 íbúðir, Ath. 100% lánamöguleiki.**

- Nýkomnar glæsilegar nýjar íbúðir.
- 3ja herb frá 88 fm til 93 fm og 4ra herb. frá 92 fm. til 110 fm
- Íbúðin afhendist í júní 2005 fullbúin án gólfefna.
- Vandaðar innréttingar og tæki. S-svalir og útsýni.
- Góð staðsetning í barnvænu hverfi.
- Teikningar á Mbl.is • Traustir verktakar
- Allar nánari uppl. veita sölumenn Hraunhamars.

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • Fax 520 7501 • hraunhamar@hraunhamar.is • www.hraunhamar.is

# Ekrusmári 6

## Fallegt einbýli á miklum útsýnisstað

Einbýli á tveimur hæðum með bílskúr og sólstofu. Merbau parket á stofu og herbergjum. Flísalögð sólstofa, mikið útsýni úr stofu og sólstofu, útgengt á svalir og út í garð.Flísalagt eldhús með beyki innréttingu,búr inn af eldhúsi. Tvö baðherbergi, flísalögð í hólf og gólf. Rúmgóð svefnherbergi. Flísalagt þvottahús á neðri hæð með útgengi í garð. Fallegur gróinn garður. Hiti í bílaplani og tröppum niður á neðri hæð.

Virkilega fallegt og vandað hús, sjón er sögu ríkari.












Hús 200,0 fm
Bílskúr 27,2 fm
Byggingaár 1995

Verð 39.900.000,-

**OPIÐ HÚS 14.30-15.30**



Jóhanna
Sölufulltrúi
699 5680
johanna@remax.is



Sigríður
Sölufulltrúi
663 3219
sigga@remax.is

**www.remax.is**

Björg Rúnarsdóttir • Lögg. fasteigna- og skipasali

RE/MAX

Sérhver endir er upphaf
að einhverju nýju ❤



T & W / 0032

101

101 Reykjavík Fasteignasala • Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is | MARÍA@101.IS | HELGI@101.IS | LEIFUR@101.IS | SIGTYGGUR@101.IS | HRAFNH@101.IS | 101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 15

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN ALLA VIRKA DAGA KL. 8–19

AFGREIÐSLAN ER OPIN UM HELGAR KL. 9–17

## BÍLAR & FARARTÆKI


567 2277
NÝJA BÍLAHÖLLIN



Getum boðið nýja JEEP CHEROKEE GRAND LIMITED 5,7 HEMI með k 25 pakka,km mælir,krók og bakkvörn frá canada afhendingatími 3-4 vikur á frábæru verði kr 4.890.000. Ingimar gsm 893 2165.

Viðskiptavinir ath. Opið alla daga vikunnar.

**Nýja bílahöllin**
**Funahöfða 1, 112 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.notadirbilar.is**

SPARI bíll



Landrover TD5 ES Sýningarbílar frá Landrover. Eknir um 14 þús km. Leður, sjálfskipting ofl.ofl. Verð: 3520 þús.

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**


### Bílar til sölu



Ford F 350 4x4 Crew Cab árg. 2002 til sölu F 350 Lariat, leður, 6m. hús, ek. 105 þ. km. 7,3 diesel, langur pallur m/kúlu, pallhús fylgir, nagladekk og ný heilsársdekk. Reimdrifin loftpressa, kútur, lögn og tengi f. ABS loftbremsur. Vöruflutningavagn (2003)m/ 6,5 tonna burðarg. og ABS loftbremsur getur fylgt ef . Einnig eldri gerð af stóru camperhúsi. Skipti möguleg. Uppl. í síma 892 5628.



BMW 750ial, árg '92, ek 212 þús, skothelt gler, bílasími, leður. Ásett verð 890 þús, 500 þús, staðgreitt. Uppl. í s. 848 5637.



AUDI A4 1.8 '95 5g ABS air bags álf. toppl. CD. krókur góð dekk v. 520þ S:860-9243

### 0-250 þús.



Toyota Corolla árg. 1994. Beinsk., ekinn 187 þús. km. Ásett verð 270 þúsund. Uppl. í síma 893 2260.

Pajero V6 '90 langur, ekinn 227.000 km. Sumar og vetrad. á felgum. Verð 175.000. Uppl. í síma 892 3508.

Nissan 100 NX '91, sk. '06, auka dekk á felgum, þjófavörn. Verð 135 þús. Uppl. í s. 864 9650.

Fiat Punto árg. '95, ekinn 121 þús. Nýr alternator, lítur vel út. Auka dekkjagangur fylgir. Þarfnast smávægilegrar lagfæringar. Verðh. 150 þús. stgr. Sími 820 8634.

Til sölu Subaru Legacy 2.2, '91, ssk., sumardekk á felgum, sk. '06. Verð 250 þús. Uppl. í s. 555 3135, Hilmir.

Subaru Legacy '91, verð 150 þús. Uppl. í s. 898 0226.

VW polo '96, ek. 170 þús. sk. '05. Verð 220 þús. Uppl. í s. 661 6023 e. kl. 13.

### 250-499 þús.



**Gullmoli**

Toyota Corolla '95. Konubíll frá upphafi. Uppl. í s. 898 6174.

Góð kaup - úrvals stationbíll. Silfurlituð Nubira 1600 bsk. 79 þúsþ. km. Sk. '05. Listaverð 500 þús. Selst á 350 stgr. S. 824 5345.

Opel Astra '96, ek. 115 þús., sk. '05. Verð 300 þús. Sumardekk fylgja. Uppl. í s. 662 5172.

VW polo árg. '95, ekinn 90 þús. uppl. í s. 698 4774.

BMW 750 '88. Þarfnast smá lagfæringar Verð gott. Uppl. í s. 866 0256.

### 500-999 þús.



Nissan Primera '99, sk. '05, ek. 75 þús., heilsársdekk. V. 830 þús., engin skipti, góður staðgreislu afsláttur. S. 847 4644.



Til sölu góður Jeep Cherokee árg. '97 66 þ. km, 4x4 4,0l, bsk., álfelgur, samlæs., rafm. í rúðum omfl. Uppl. í s. 898 6319 & 891 6881.



**Láttu ekki snjóinn stoppa þig!**

Toyota Corolla Touring, 4x4, árg. '98, ek. 82 þús. Fallegur og góður bíll. kr. 890 þús. S. 898 8690.



Nissan Almera 1600 árg. '99, ekinn 90 þús. Ssk. Verð 740 þús. Stgr. S. 892 1561.



Toyota Corolla Station '00, ek. 52 þús. Verð 970 þús. stgr. Engin skipti. Uppl. í s. 820 4055.



VW Bora 1600 árg. '99, ek. 90 þ. Ásett verð 890 þ. Tilb. 800 stgr. Uppl. í síma 823 5688.



Ford Escort 1600 '97, ek. aðeins 40 þ. km, sk. '06. Stgr.verð 500 þ. S. 869 4466.



Til sölu Dodge Caravan '93 mikið endurnýjaður. Þetta er rúmgóður og heillegur bíll. Ath. skipti á diesel bíl. Nánari uppl. í síma 696 0021.



Daewoo Leganza '98 ek. 200 þús., sk. '05, sjálfskiptur. Verð 300 þús. Uppl. í s. 897 8779.

Opel Astra, 03/1999, 1800, 3 dyra, bsk. græn, Ek 130 þús. Áhvílndi 250þ. Verðtilboð. Uppl í s. 820-2532.

### 1-2 milljónir



Til sölu Kia Carnival 2,9 dísel, árg. '02, sjálfsk., dr.kúla. Uppl. í s. 431 1753 & 861 1599.



KIA CARNIVAL 07/2000 ek. 77 þús. Ssk, 7 manna, Sumar/vetrard. á felgum og dráttarkúla. V. 1.370 þús. S 846 9824.

Grand Vitara '01, ek. 74 þús. yfirtaka af láni milljón + peningar, útlit gott og sumardekk, Uppl. í s. 599 7581 & 663 9325.

### Bílar óskast

Óska eftir sparneytnum bíl, sk. '05. Á verðbilinu 20-100 þús. Stg. Uppl. í s. 866 4160 eða 866 7495.

Góður bíll (ekki Opel) óskast í skiptum fyrir lítið notaðan 4 manna SoftTub heitan pott. Verðhugmynd 200-220 þúsund. Uppl. í síma 8978066

Bráðvantar Corvettu árg. 1975-1982. Má vera verkefni til viðgerðar og uppgerðar. Hafið samband í síma 864 0709.


F2
Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga


### Jeppar



Alvöru fjallabíll til sölu!! Toyota 4Runner 1987 mikið breyttur. Vél 4,3 Chevrolet, ssk., gormar, tankar ofl. ofl. Sjón er sögu ríkari. Bíll í toppformi. Verð 900 þús. Uppl. í síma 696 4446 eða gunninga@simnet.is



Toyota Landcruiser 100 VX 4.2 TD feb 2003 ek. 58 þ.km Leður,DVD,Navi,7 Sæta,18 tommu felgur,Dráttarkr,Diesel miðstöð og fl. verð 6.3 mil.kr uppl. Ólafur í síma 4557980 og island@pt.lu



Tilboð óskast í Nissan Patrol '94, 35" breyttur. Mjög góður bíll. Þarfnast smá lagfæringar. Uppl. í síma 896 4644.

Toyota RAV-4 12/2000 ekinn 69.000 km. sjálfsk., aksturstalva, crus, upphækkaður m. dráttarkrók, einn eigandi. S. 864 4125.

Vandaðir brettakantar á flesta jeppa. Jeppaplast.is Dvergshöfða 27. S. 868 0377.

### Fornbílar

Til sölu Plymouth Barracuda árg. '69, 440 mótor, 727 skipting, og ný Indy álhedd.Selst saman eða í pörtum. Ath skipti á góðum fólksbíl. Uppl. í s. 844 6961. Gummi.

### Pallbílar



Ford Sport Trac '02, 4x4, bsk, ekin ca. 70þ KM. Gott eintak, aðeins 2,0 m stgr. Uppl. 695 9131

### Vörubílar



Til sölu Volvo FL12 1997 6*2, 380 hö, ek. 130 þ. km, Hiab krani 245-4 + Jib (1998) (13 m. krabbi - 24 m. Jib), vírspil, dráttarstóll, dráttarkrókur, sturtupallur 5.7 m, gámalásar, robson drif og fl. Verð 6.9 m. Uppl. í síma 866 3322.

### Mótorhjól

KTM 450EXC '03, lítið notað hjól. Í topp standi. Verð 650 þús. Uppl. í s. 892 9421.

Til sölu Yamaha WR450 2003. Mjög gott hjól. Upplýsingar í síma 693 3441.

### Vélsleðar



Artic Cat Mountain Cat 2001 1000 CC. 144 tommu belti, neglt, lítið ekinn og í mjög góðu lagi. Aukahlutir fylgja. Verð 720.000 kr. S. 694 4728.

Yamaha Venture 700 '02. Ek. 2659 km., brúsagr. og neglt belti. Tilboð 590.000 stgr. Uppl. í s. 698 2908.

Gamall Polaris vélsleði, mikið endurnýjaður, keyrður 3000 mílur. Verð 55.000. Sími 891 6165.

Artic Cat 600 EFI árg 2001. Toppsleðitilboð S:897 2209

### Tjaldvagnar

Montana '02, eins og nýr. S. 699 7581.

### Vinnuvélar



Tek að mér alla almenna gröfuvinnu og snjómokstur. Uppl. í s. 893 1030.

### Bátar

jeppi fyrir bát. er með toyota 4runner 90 árg í skiptum fyrir krókaaflamarksbát.Þetta er breyttur bíll á 38"dekkjum.Nánari uppl.í síma 6909697 eða 8498168

### Flug


FLUGSKÓLI ÍSLANDS

**Næstu námskeið hjá Flugskóla Íslands hf.**
**Flugumsjón** - hefst 17. janúar.
**MCC** - hefst 31. janúar.
**ATPL(A)** - hefst 1. febrúar.
**Airbus310/300-600** - hefst 1. febrúar.
**FI(A)** - hefst 7. febrúar.
**B737 300-500** - hefst í byrjun mars.
**FI(A) upprifjun** - 1.-3. mars.
**Nánari upplýsingar á www.flugskoli.is**


### Hjólbarðar

Óska eftir 13"-14" breiðum felgum 16,5 tommu, 8 gata og lítið slitnum 38" dekkjum. Óska einnig eftir GPS tæki með plottir. S. 694 5358.

### Varahlutir

Bílapartar v/Rauðavatn, s. 587 7659. Erum eingöngu með Toyota. Kaupum Toyota-bíla. Opið virka daga frá 10-18.

## TIL SÖLU


**Viltu kaupa bifreið beint frá Bandaríkjunum ?**

**Við erum bandarískt útflutningsfyrirtæki sem býður þjónustu í að kaupa bifreiðar og flytja til Íslands hvaðan sem er í Bandaríkjunum. Óháð tryggingafyrirtæki ábyrgjast öll kaup. Meðmæli frá íslenskum aðilum ertu til reiðu ef þess er óskað. Hafðu samband og fáið ítarlegan upplýsingabækling. Vörubifreiðar, fólksbílar, þungavinnutæki og hvað sem hugurinn girnist.**

International Ventures LLC, Suffolk, Virginia, USA.
Sími: 1-757-986-3800 Fax:1-757-986-3801.
Meðlimur í Icelandic American Chamber of Commerce.
Skráð hjá Dun & Bradstreet

RadíóRaf



**Leitarljós - DVD spilarar og skjáir - VHF talstöðvar**
**Sími 567-2100, www.radiorat.is**
**Smiðjuvegur 52, rauð gata, 200 kópavogur.**

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Kia, Peugeot, Honda. S. 555 3560. Sendum á flutning.

Partasalan VTS, s. 421 8090. Toyota, Nissan, Opel, Audi 100-95, Suzuki, Lancer. Opið virka daga frá 8-18, laugard. 10-15.

Á mikið í Opel, Toy Celica '00, Suzuki Vitara '89-'00. VW Golf '94 -'98 ofl. Kaupi bíla. S. 483 1919 & 845 2996.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Tilbúnir stigar og hringstigar með harðviðar þrepum og handlista. Handriðaefni í tré, smíðajárni og ryðfrítt stál, á lager. Stigalagerinn,Dalbrekku 26, s. 564 1890



**Flott húsgögn til sölu**
vegna flutninga þurfum við því miður að losa okkur við svolítið af húsgögnum. Erum með rauðan, ferkantaðan stól úr Ikea sem er nánast ónotaður. Brúnan, 3ja sæta leðursófa sem ættaður er úr ameríska sendiráðinu og ljósbrúnan 3ja sæta sófa úr apaskinnsefni. Einnig erum við með 2 nýlega ferkantaða hörstóla úr Öndvegi. Allt þetta fæst fyrir sanngjarnt verð. Uppl í s. 820 5222.

**Skransala Skipholti 29 A**
Föstudag frá 12-18. laugard og sunnud 10-14 S.694-6016. Komið og gerið góð kaup.

Húsgögn, gjafavara - Frábært verð. www.heildsalinn.is Vantar sölufólk um allt land. S. 848 6448.

**Parket**
Eigum til gegnheilt parket á mjög góðu verði. Verð frá 1.800 kr. fm. Leggjum einnig og slípum. Góð og persónuleg þjónusta. Sími 822 8928.

180x190 King size rúm til sölu. Verð 6.500. Uppl. í s. 699 3159 & 552 5028.

Stórt sófasett, blátt kr.45 þ., eldhúsborð 1 þ., glerborð 500 kr., hátt barnarúm m/dýnu 4 þ., ungbarnabílstóll 1 þ., 2 barnabílsæti 500 kr. Sími 586 1552 & 663 0551.

Búslóð til sölu. Tveir 2 sæta sófar+skemill úr Tekk, stofuborð, antík skápur hillur eldhúsborð+stólar barnadót - fatn. ofl http://public.fotki.com/zorro3/ 863 0234.

Til sölu 4 stk. 31" vetrardekk með nöglum á orginal Pajero álfelgum undan 1998 árgerð. (eldri gerð) Verð kr. 50.000. Upplýsingar í síma 565 3576 og 863 7411.

Góður og ódýr hákarl til sölu. Góður afsláttur ef keypt eru 20 kg eða meira . Svör berist á smaar@frettabladid.is merkt "hákarl".

## Gefins

Blandaður hvolpur fæst gefins á gott heimili. Uppl. í s. 517 7636.

## Óskast keypt

F. veitingahús: borð, stólar, gaseldav., háfur, ofn, kæl. ofl. Uppl. k_eggerts@yahoo.com S. 565 7034, Sirrý.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Borgartúni 29, s. 552 7095.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153. Frá kl 8-23.

Til sölu 3 PC-tölvur: 166, 350 og 800 MHz. Seljast ódýrt. Uppl. í síma 690 6996.

## Til bygginga

Húseigendur. Múrari getur bætt við sig verkefnum. Fljót og góð þjónusta. Upplýsingar í síma 893 2954 & 555 3854.

## Verslun



Útsalan hafin 20-50% afsláttur af gjafavöru. H-Gallerí Grænatúni 1 kóp. S. 554 5800.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Hreinlega - Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur heimilisþrif, flutningaþrif, teppahreinsanir, stigagangar og fyrirtæki. Ellý og Co. S. 898 9930.

## Málarar

**Húsaviðgerðir**
Tökum að okkur málningar og viðgerðir inni sem úti. Gifs, spörslun, lökkun, múr, tré og blikk. Vanir menn og vönduð vinna. Uppl. í s. 867 4167.

## Meindýraeyðing

**Meindýraeyðing Heimilanna.**
-Sérfræðiráðgjöf
-Skordýragreining
Öll meindýr - Eitt númer
Sími 822-3710

Öll meindýraeyðing fyrir heimili, húsfélög. S. 822 3710.

## Húsaviðhald

**FAGTÚN ehf**
sími 562 1370 fax 562 1365
Prolan Þakdúkar
Lett Tak þakeiningar

## Tölvur

Geri við tölvur í heimahúsum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. ATH Opið allan sólahringinn. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Sími 616 9153. Milli kl 8-23 alla daga vikunnar.

## Spádómar

Spennandi tími fram undan? Spákonan Yrsa í beinu samb. S. 908 2288 - (129 mín.). Símaspá, draumaráðn. Opið 14 til 23.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

Englaljós til þín. Tarot, fyrirbænir og huglæg hjálp, er byrjuð aftur. Lára og Petrea. Símar 904 3000 & 908 5050. Opið frá 18 -23.

## Viðgerðir

Geri við föt og sauma gardínur, ódýr og góð vinnubrögð. Sími 867-3655e. kl 16:00, 587-0780

# HEILSA

## Heilsuvörur

**Rafbylgjumælingar**
Ert þú með:
Exem - Þurrk í augum ?
Síþreytu - Vöðvabólgu ?
Verki í fótum og höfði ?
Svefntruflanir ?
Fjarlægum rafbylgjur í tenglum og í jörð.
Klettur ehf
Sími 892 3341 & 581 1564.

**Rafbylgjumælingar**
Ert þú með:
Exem - Þurrk í augum ?
Síþreytu - Vöðvabólgu ?
Verki í fótum og höfði ?
Svefntruflanir ?
Fjarlægum rafbylgjur í tenglum og í jörð.
Klettur ehf
Sími 892 3341 & 581 1564.

Frábær líðan.. Alveg síðan.. HERBALIFE www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

11 kíló farin með Shape-works. Borðið og grennist! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.

## Fæðubótarefni



Vantar dreifingaraðilar um allt land. Loksins á Íslandi. Alkamin Coral kalsíum Heilsuefni hafsins. Gigt, Exem, Síþreyta, Beinþynning, Úthaldsleysi, Ofnæmi og veikt ónæmiskerfi líkamans? Kynnið ykkur efnin og reynslusögurnar á: www.simnet.is/heilsukorall S. 568 2049 & 659 2049.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Snyrting

**Neglur & List**
Naglaskóli LA FAME byrjar 24. jan.
Skráning í S. 553 4420 og á netinu
www.negluroglist.is

## Barnið

**Barnshafandi konur!**
Yoga fyrir ykkur, liðkandi, styrkjandi, sérstök öndun og slökun. Yogastöðin Heilsubót Síðumúla 15. S. 694 6103.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**Microsoft CERTIFIED Systems Administrator**

Microsoft nám á hagstæðu verði MCP Windows XP á 69.900, MCSA 270 st. á aðeins 209.900. Hefst 7. feb. MCDST á 119.900. Hefst 8. feb. Rafiðnaðarskólinn www.raf.is

Dulspekinámskeið - www.tarot.is Tarotnámskeið-Talnaspekinámskeið. Fjarnámi/bréfaskóli. Uppl. á vef og í s. 553 5381.

**Ungbarnanudd námskeið**
Fyrir foreldra ungbarna, næsta námskeið fimmtudaginn 20. Janúar kl. 14. Uppl. og innritun á heilsusetri Þórgunnu. Sími 552 1850 & 896 9653. Heilsetur.is

## Kennsla

Píanókennsla. Tek nemendur í einkatíma. Er á sv. 105. S. 565 1349 e. kl. 13.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Efri koja + kommóða + hillur. Allt í stíl frá Húsgagnahöllinni og 2 eins barnabílstólar, selst ódýrt. S. 860 2811.

6 sæta hornsófi úr taui + sófaborð. Verð 20.000 kr! Uppl. í síma 896 2140.

Chiropractic rúm frá Svefn og Heilsu, í góðu ástandi, 137x203 cm með aukahlutum til sölu. 25 þús. kr. Sími 822 6614.

## Antík

Nýr leðursófi, borðstofuskápur, stofuborð og stóll til sölu fyrir lítið. Þarf að seljast v/flutninga. S. 698 7807.

## Barnavörur



Útsalan hafin 20-50% afsláttur. Róbert Bangsi ...og unglingarnir Hlíðasmára 12 og Hverafold 1-3. Firði Hafnarfirði. Sími 555 6688.

TIL SÖLU Rimlarúm 140x70 cm dökkur viður,3 hæðarstillingar, Hjónarúm frá R.Björnssyni 180 x 200cm. Uppl.í síma 698-3921

Til sölu vel með farinn barnavagn. Verð 8.000. Upplýsingar í síma 899 1978.

## Dýrahald



Boxer hvolpar til sölu. Ættbók frá HRFÍ. Foreldrar undan íslenskum, breskum og alþjóðlegum meisturum, sýndir og mjaðmamyndaðir, skapgerðarmat viðurkennt af HRFÍ. Nánari uppl. hjá ræktanda í s. 891 8997.

**HÚSIÐ FASTEIGNASALA 533 4300**

# FYRIRTÆKJASALA HÚSSINS

Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur
ingvaldur@husid.is
513-4316 eða 821-2577

Langar þig að reka fyrirtæki?
Langar þig að selja þitt fyrirtæki?
Langar þig að bæta við núverandi rekstur?
Langar þig að losna við hluta af núverandi rekstri?

Ef þessar spurningar eða aðrar er varða sölu og kaup á fyrirtækjum leita á þig erum við réttu aðilarnir til að tala við. Settu þig í samband við okkur og við munum aðstoða þig af fagmennsku.

## Fyrirtæki til sölu:

Myndbandaleiga og sjoppa í góðum rekstri og góðu húsnæði á frábærum stað.

Hreingerningarfyrirtæki með fasta viðskiptavini, góður rekstur fyrir vinnusamar hendur.

Steinsmiðja með góða veltu og ágætis framlegð. 4-6 starfsmenn. Verslun með húsgögn, í eigin húsnæði á góðum stað.

Sólbaðsstofa á stað sem gefur mikla möguleika á viðbótarrekstri. Veitingarrekstur sem á fáa sér líka á Íslandi

Þau fyrirtæki sem hér eru talin eru eingöngu sýnishorn af því sem í boði er. Ef þú ert alvarlega að spá í fyrirtækjarekstri gefðu þér þá tíma til að ræða við okkur. Við munum hjálpa þér að komast á leiðarenda í þeim hugleiðingum sem þú ert í.

*Ávallt er gætt fyllsta trúnaðar í meðferð þeirra mála sem til okkar koma*

# Grettisgata 81
# Opið Hús kl. 16.00 - 18.00

Heimilisfang: Grettisgata 81
Stærð eignar: 89 fm
Fjöldi herb.: 4
Byggingarár: 1930
Brunab.mat: 10.2 millj.
**Verð: 15,9 millj.**



Skemtileg íbúð í gamla stílnum á svæði 101. Eldhús með eldri innréttingu, Hjónaherbergið með góðum skápum og barnaherbergi. Nýuppgert baðherbergi með steyptum sturtuklefa og flísum í hólf og gólf, innbyggðri halogen lýsingu . Tvöföld stofa. Geymsla og þvottahús í kjallara. Uppl. veitir: Stefán Páll í síma: 821-7337.



**Stefán Páll Jónsson,**
821-7337, 520-9554, stefanp@remax.is

RE/MAX Mjódd
Guðmundur Þórðason lögg. fasteignasali

# FRÍTT VERÐMAT FASTEIGNA!

Tryggvi Þór Tryggvason
Sími: 520-9550
GSM: 820-0589
E-mail: tryggvi@remax.is



**VEGNA MIKILLA BREYTINGA Á FASTEIGNAMARKAÐI UNDANFARIÐ HAFA FLESTAR EIGNIR HÆKKAÐ MIKIÐ Í VERÐI Á SKÖMMUM TÍMA. EF ÞÚ ERT Í SÖLUHUGLEIÐINGUM, HAFÐU ÞÁ SAMBAND OG LÁTTU VERÐMETA ÞÍNA EIGN FRÍTT.**
**HRINGDU NÚNA Í SÍMA 820 0589**

RE/MAX Mjódd
Guðmundur Þórðarson lögg. fasteignasali




100% þjónusta

Guðmundur Andri | sími: 8 200 215 | gandri@holl.is
Davíð | sími: 846 2792 | david@holl.is | www.holl.is

VÍSINDAVEFUR
HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Orðið fíll komið frá víkingum

*Af hverju nota Íslendingar arabíska orðið fíll um skepnuna sem flestir nágrannaþjóðir nefna elefant?*

**SVAR:** Norræna orðið yfir fílinn hefur sennilega borist með víkingum norður á bóginn. Vitað er að þeir ferðuðust langt suður í álfur meðal annars í því skyni að stunda verslun. Þá hafa þeir án efa kynnst fílabeini og arabíska heitinu fil á dýrinu. Í fornsænsku og gamalli dönsku var notað orðið fil en fíll í fornínslensku eins og vel er þekkt. Giskað hefur verið á að orðið fildi? 'fílabein' á búlgörsku hafi ýtt undir notkun orðsins í norrænum málum.

**Orðið fíll er dregið af elephant**

Gríska heitið á fíl er eléphas (í eignarfalli eléphantos) og latneska heitið er elephantus. Uppruni þessara orða er talinn óviss. Germanir, þar á meðal Íslendingar, kynntust orðinu snemma en færðu það yfir á annað dýr, úlfaldann eins og hann heitir núna hjá okkur, en það orð er dregið af 'elephant'. Í Postulasögum segir til dæmis: Ñsæll Johannes hafði klæði vofin af hári þeirra kvikvenda, sem kameli heita ok vér köllum ulfaldà. Í gotnesku, austurgermönsku máli, er heiti úlfaldans ulbandus en í fornensku olfend(a) og fornháþýsku olbento.

**Elephant og kámelos**

Talið er að orðin hafi borist eftir ólíkum leiðum í norður- og vesturgermönsk mál. Enska og



**ÚLFALDI** Orðið yfir úlfalda er í skandínavískum málum kamel sem tekið var að láni úr lágþýsku kaml en það er aftur fengið að láni úr grísku kámelos.

þýska týna niður merkingunni „úlfaldi“ en taka upp latneska orðið elephant/Elephant í merkingunni „fíll“. Í Norðurlandamálum er einnig notað tökuorðið elefant í stað fil áður. Orðið yfir úlfalda er í skandínavískum málum kamel sem tekið var að láni úr lágþýsku kaml en það er aftur fengið að láni úr grísku kámelos. Íslendingar hafa hins vegar haldið sig við fílinn og úlfaldann.

*Guðrún Kvaran, prófessor og forstöðumaður Orðabókar Háskólans.*



**FÍLL** Gríska heitið á fíl er eléphas (í eignarfalli eléphantos) og latneska heitið er elephantus.

**Vísindavefur Háskóla Íslands** fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem nefnast. Meðal spurninga sem þar hefur verið glímt við undanfarið eru til dæmis: Hvað eru margar rafeindir á hverju hvolfi, hvaðan koma nöfnin á mánuðunum, hvað eru efnatengi og hvað veldur gróðurhúsaáhrifum? Hægt er að lesa svörin við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum með því að setja efnisorð í leitarvél vefsins á slóðinni **www.visindavefur.hi.is**.

# Saga... af öfgalygara

Sumar sögur bera ekki að nafna sé getið. Svo er með þessa. Vestlendingur, sem var þolanlega talandi á móðurmálinu, en illa eða ekki í öðrum tungumálum, sagði svo frá einu af mörgum ævintýrum sem hann sagðist hafa ratað í þá mánuði sem hann var háseti á flutningaskipi. Sagan er svona.

Við komum til Hamborgar seinnipart dags. Við vissum að Hamborg hafði upp á margt að bjóða. Hafi ég einhvern tíma verið ákveðinn, þá var það þennan dag. Ég ætlaði að njóta þess besta sem borgin gat boðið sjómanni sem var að koma af hafi. Við fórum tveir saman, ég og annar sem hafði svipuð áform. Við komum inn á krá, eða kannski er réttara að segja veitingastað. Þar var margt fólk að skemmta sér og hávaðinn var nokkur. Við stóðum drykklanga stund við útidyrnar, þar höfðum við dágóða yfirsýn yfir salinn. Báðir leituðum við kvenna. Það leið ekki á löngu áður en ég kom auga á draumfagra stúlku, og ekki kappklædda, sem stóð við barinn. Ég sagði félaga mínum að leit minni væri lokið og gerði honum grein fyrir að sennilega talaði ég ekki íslensku næstu tólf stundir. Ég gekk að barnum, bauð henni gott kvöld á ensku. Hún talaði ekki ensku, svo ég bauð gott kvöld á þýsku, það var sama. Hún reyndist vera frönsk og ekki tala annað tungumál. Svo ég bauð gott kvöld á frönsku. Hún brosti glæstu brosi. Við tókum tal saman á frönskunni og vel fór á með okkur. Ég hafði annað og meira í huga en spjall, mér sýndist það sama eiga við um hana. Loks afréð ég að leggja lófann á læri hennar, nokkru ofan við hné. Henni virtist vel líka. Eftir fáar setningar, sem ég man ekki hverjar voru, dró ég lófann ofar. Hún brosti, ég spenntist. Það var ekki annað að gera en að halda áfram, fara ofar. Hvað haldiði að ég hafi fundið þar, drengir, trölla ekki minni en minn.



**NÝJAR ÍSLENSKAR ÞJÓÐSÖGUR**
*með Sigurjóni*

SIGURJÓN M. EGILSSON sigurjon@frettabladid.is




Greiðendur fasteignagjalda í Reykjavík

VISA-kreditkorthöfum stendur til boða að greiða fasteignagjöldin með boðgreiðslum, þ.e. sjálfvirkum færslum á VISA-kreditkort, og sleppa við heimsendan gíróseðil og seðilgjald.

**Áhugasamir hafi samband:** Með símtali: **560 0300, 560 0350, 563 2062**
Með tölvupósti: **tollstjori@tollstjori.is**
Með símbréfi: **562 5826**
Með bréfi: **Tollstjórinn í Reykjavík, afgreiðsludeild, Tryggvagötu 19, 150 Reykjavík**

**Athugið að þeir sem þegar greiða þessi gjöld með boðgreiðslum þurfa ekki að skrá sig aftur.**

**Auðveldasta leiðin til að safna Vildarpunktum er að setja föstu greiðslurnar á kortið**

• Skoðaðu punktastöðuna á www.vildarklubbur.is



VISA BOÐGREIÐSLUR
www.visa.is




**TÍMALAUS FEGURÐ** „Það þýðir ekkert annað en að líta sæmilega út á svona stað,“ segir Guðrún Elíasdóttir, 85 ára og áður hreppstjóri í Þykkvabæ. „Maður verður aldrei of gamall til að vera fínn.“

# Í sparikjól með silfurgráar bylgjur

**Hvað er fegurra en þykkt og nýlagt hár íslensku konunnar þegar hún stígur ilmandi og léttfætt um heimkynnin hvítskúruð, meðan fjörug harmóníkutónlist kitlar hlustirnar, kjötsúpan sýður í pottinum og börnin una sér vel í návist hennar og hreykins húsbóndans? Þórdís Lilja Gunnarsdóttir heimsótti hárgreiðslustofu þeirrar kynslóðar sem fór í lagningu fyrir helgar fortíðar og heldur enn þeirri mannlegu reisn og góða sið þótt árin færist yfir.**








Fallegar og smágerðar sitja þær prúðar á upphækkuðum stólum fyrir framan stóra spegla og stara þöglar á spegilmynd sína meðan hitaspúandi hjálmar mala hljóðir ofan á upprúlluðu hárinu. Það er föstudagur á Hrafnistu í Laugarási, rétt eins og annars staðar í þjóðfélaginu. Og föstudagar eru alltaf föstudagar. Sama hvar maður er.

Í mjúktóna útvarpstæki ofan við snjóhvíta postulínsvaskana syngur íslenskur tenór 'Tondeleió' meðan harmónikuleikari bíður þess að komast á fóninn á gömlu gufunni; á undan íslenskum ættjarðarlögum, sem reyndar eru líka sungin hástöfum af heimilismönnum Hrafnistu undir gítarspili á torginu frammi. Það er erill í samfélagi gamla fólksins; helgarskapið liggur í loftinu.

### Eiginmaðurinn kröfuharður á útlit

Í lúnum höndum þeirra hvíla buddurnar með aur fyrir lagningunni, en prísinn á þjónustunni er nokkuð mikið lægri en gerist og gengur. Í hnotskurn er gesturinn íslenska konan; sú sem var manni sínum og fjölskyldu til prýði, hugsaði af natni um heimili og barnauppeldi, og fór í lagningu í hverri viku.

„Ég hef farið í lagningu síðan ég var ung því ég vil ekki vera eins og fáráður um hausinn,“ segir Ósk Guðjónsdóttir, níræð og ekta Vestmannaeyingur, eins og hún orðar það sjálf. „Mér finnst ósköp indælt að vera orðin níræð enda allur aldur skemmtilegur.“

Ósk var áður húsmóðir í Vestmannaeyjum; gift skipstjóra. „Maðurinn minn var voðalega kröfuharður og vildi hafa mig fína. Ég þurfti alltaf að vera í mínu fínasta skarti þegar hann var í landi. Eitt sinn þurfti ég að þvo þvotta og þá líkaði honum nú ekki klæðaburðurinn á mér. Vildi setja mig í kjól og gerði kröfur um að hár mitt væri lagt,“ segir Ósk og kímir að minningunni, en á unglingsaldri var hún með síðar fléttur. „Þar sem ég sit á stól kemur stúlka og klippir af mér flétturnar. Nei, ég varð ekkert reið og stjúpa mín sagði mig miklu fallegri þannig.“

### Mikilvægt að líta sæmilega út

Á föstudögum er baðdagur á Hrafnistu. Margar eiga fastan tíma í lagningu eftir baðið. Sumar fá sér permanent og klippingu; en fæstar vilja lit eða strípur. Silfurgrátt er tískuliturinn. Frá náttúrunnar hendi.

„Ég varð mjög hrifin af litum í fatnaði eftir að hár mitt fór að grána,“ segir þokkagyðjan Guðrún Elíasdóttir, sem alltaf hefur verið mjög annt um útlitið. Guðrún er 85 ára og bjó áður að Hábæ II í Þykkvabænum þar sem hún var hreppstjóri eftir að eiginmaðurinn hætti því starfi. „Jú, auðvitað er rómantík á Hrafnistu eins og annars staðar, en hvort sem það er til að ganga í augun á hinu kyninu eða ekki þýðir ekkert annað en að líta sæmilega út á svona stað. Það er ömurlegt að sjá gamalmenni illa til fara, enda skiptir útlitið alltaf máli, sama hvað árin eru orðin mörg. Ég læt setja í mig rúllur, en þurrka hárið undir túrban og tek svo rúllurnar sjálf og greiði mér því hárþurrkan þurrkar hárið um of,“ segir Guðrún glaðlega, enda skírnarveisla fram undan um helgina og svo bridge-klúbburinn, eins og flesta daga á Hrafnistu.

### Traustar og sjaldgæfar

Hún er öðruvísi stemmningin á hárgreiðslustofunni á Hrafnistu en sú sem við sjáum í tónlistarmyndböndunum á PoppTíví, þar



Sumarhúsaeigendur og aðrir farþegar til Spánar!

Alicante

Beint leiguflug með Icelandair í allt sumar!

Netverð frá 19.950 kr.

Flug fram og til baka með flugvallarsköttum.

Flugáætlun

19. og 31. mars
11. apríl
18. maí
og síðan alla miðvikudaga í sumar til 5. október.

Fyrstir koma - fyrstir fá!

Verð miðast við að bókað sé á Netinu, ef bókað er í síma eða á skrifstofu bætast 2.000 kr. við hverja bókun.

plús FERÐIR
www.plusferdir.is
Hlíðasmára 15 • Sími 535 2100



VESTMANNAEYINGURINN ÓSK GUÐJÓNSDÓTTIR

sem háhæla kynbombur krossleggja bera fótleggi og setja stút á munninn undir þykkum gerviaugnhárunum. Að vísu er stundum slúðrað í stólunum, en mest talar gamla fólkið um æskuslóðirnar, matinn í mötuneytinu, nýliðna skemmtun, veikindi og börnin í fjölskyldunni, segja þær Sigríður Friðþjófsdóttir og Guðrún Árnadóttir, sem saman hafa unnið á hárgreiðslustofunni í 33 ár

„Jú, við erum auðvitað góðar vinkonur líka og segjum stundum í gríni að gullbrúðkaup vináttunnar sé í vændum, en erum konur breytinga; hvort sem það er að flytja, skipta um vinnu eða skipta um kalla,“ segja þær hlæjandi og manni hitnar um hjartarætur í návist við þessa sjaldgæfu og traustu tegund mannfólksins.



AUÐBJÖRG JÓNSDÓTTIR, 98 ÁRA

Guðrún segir mikinn mun á heimilisfólkinu nú og áður, sem markast af stefnu stjórnvalda að fólk sé heima hjá sér lengur. „Það eru nýlega dánir þeir síðustu úr hópnum sem hafði fylgt okkur allan tímann, en það fólk kom inn sjötugt og var hérna í 25 ár; keyrði sjálft á gömlu dansana niðri í bæ og á kaffihús.“

Og Sigríður segir þær sem oftast koma í lagningu vera félagslyndar konur sem vilji vera fínar til fara, auk þess sem þær séu duglegar að kaupa sér föt. „Lagning helst vikuna út, en hár breytist með aldrinum og grátt hár er þurrara. Þess vegna þarf ekki að þvo það nema vikulega þegar konur eru komnar á þennan aldur, þótt ein og ein hafi hinn háttinn á.“

### Síðasta lagningin

Þær Sigríður og Guðrún segja alls ekki tregafullt að vinna á stað þar sem aldur viðskiptavinanna gerir óvíst að lagningarnar verði fleiri. „En auðvitað er sárt að horfa upp á fólk sem verður veikt og líður illa. Dauðinn er hluti af lífi þeirra sem búa á elliheimili, en flestir eru jákvæðir og glaðir að vera til,“ segir Sigríður, sem aldrei hefur verið beðin um síðustu greiðsluna; þessa fyrir útförina.

„Nema hvað ég greiði henni Ósk minni á hverjum föstudegi síðustu lagninguna. Er reyndar búin að banna henni að fara yfir nema frá föstudegi til sunnudags þegar hárið er nýlagt,“ segir hún hlæjandi og beinir orðum sínum til Óskar, sem grípur spjallið á lofti og segist hlakka alveg óskaplega til. „Ég á þrettán systkini þar, eiginmann, foreldra, stjúpforeldra og vini. Þetta verður dásamlegt fjör,“ segir hún og skellir upp úr.



HELGA LAUFEY JÚNÍUSDÓTTIR, 90 ÁRA

### Helgarplön með nýlagt hárið

Í lágum stól situr forkunnarfögur kona og kveinkar sér örlítið þegar greiddir eru liðirnir í hvítu hári hennar. „Nei, ég er nú ekki mjög hársár,“ segir Auðbjörg Jónsdóttir, sem nú er 98 ára en man ekki hvenær hún varð gráhærð. „Sonur minn hefur alltaf séð til þess að ég sé fín um hárið en hér áður fyrr fór ég reglulega í lagningu. Hann hefur svo beðið þær Sigríði og Guðrúnu að hafa mig sæmilega greidda og mér finnst ákaflega þægilegt og afslappandi að koma hingað niður.“

Eina konan sem ekki er gráhærð á stofunni er Þorgerður Diðriksdóttir, 88 ára frá Hvolsvelli. Hár hennar er brúnt, þykkt og mikið.

„Ég hef haldið mínum háralit en það hefur aðeins gránað í vöngum. Mér er voðalega illa við að hafa hárið ógreitt og vil vera með fína greiðslu. Finnst notalegt að koma hingað í stólinn eftir baðið. Hár mitt þykknaði ekki fyrr en það var klippt knallstutt þegar ég var lítil telpa, en þá kom í það mikil spretta,“ segir Þorgerður, tilbúin að vera sótt í hjólastólnum sínum, en við dyrnar bíða hinir bílarnir, eins og þær kalla það; göngugrindin Benz og hjólastóllinn Toyota. Helgin er runnin upp og ýmis plön fram undan. Þetta venjulega og óvenjulega. Að sofa, hvíla sig, lesa, borða og horfa á sjónvarpið. En líka að taka á móti ástvinum og lyfta sér upp. Enda helgi og hárið nýlagt. ■



ÞORGERÐUR DIÐRIKSDÓTTIR FRÁ HVOLSVELLI



HÁLFNAÐ VERK ÞÁ HAFIÐ ER Guðrún Elíasdóttir komin með rúllur í silfrað hárið. Eftir að hárið gránaði varð hún hrifnari af fötum í skærum litum.



STAÐFASTIR OG TRAUSTIR MEISTARAR Hárgreiðslukonurnar Sigríður Friðþjófsdóttir og Guðrún Árnadóttir hafa verið á Hrafnistu lengur en allt heimilisfólkið því þær hafa starfað saman hlið við hlið í meira en fjörutíu ár og segjast lítt gefnar fyrir breytingar.


## Auglýsing um fasteignagjöld í Reykjavík árið 2005

Álagningarseðlar fasteignagjalda í Reykjavík 2005 verða sendir út næstu daga sem og greiðsluseðlar fyrstu greiðslu. Tollstjórinn í Reykjavík sér um innheimtu gjaldanna.

Fasteignagjöldin skiptast í fasteignaskatt, lóðarleigu, holræsagjald, vatnsgjald og sorphirðugjald.

Framtalsnefnd úrskurðar um breytingar á fasteignaskatti og holræsagjaldi elli- og örorkulífeyrisþega eftir yfirferð skattframtala. **Þarf því ekki að sækja sérstaklega um lækkun eða niðurfellingu þessara gjalda.** Þeir sem fengu lækkun á fasteignaskatti og holræsagjaldi á liðnu ári, fá að óbreyttum aðstæðum einnig lækkun á árinu 2005, að teknu tilliti til tekju- og eignaviðmiða. Skilyrði lækkunar eru að viðkomandi elli- eða örorkulífeyrisþegi eigi lögheimili í Reykjavík og sé þinglýstur eigandi viðkomandi fasteignar og/eða geti átt rétt á vaxtabótum vegna hennar skv. B-lið 68. gr. laga nr. 90/2003 um tekju- og eignaskatt. Einungis er veitt lækkun vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota.

Borgarráð hefur ákveðið að tekjumörk elli- og örorkulífeyrisþega vegna lækkunar fasteignaskatts og holræsagjalds á árinu 2005 hækki um 7,3% á milli ára og verði eftirfarandi miðað við tekjur liðins árs:

100% lækkun:

| | |
|---|---|
| Einstaklingar með tekjur allt að | kr. 1.500.000- |
| Hjón með tekjur allt að | kr. 2.100.000- |

80% lækkun:

| | |
|---|---|
| Einstaklingar með tekjur á bilinu | kr. 1.500.000- til kr. 1.720.000- |
| Hjón með tekjur á bilinu | kr. 2.100.000- til kr. 2.350.000- |

50% lækkun:

| | |
|---|---|
| Einstaklingar með tekjur á bilinu | kr. 1.720.000- til kr. 2.000.000- |
| Hjón með tekjur á bilinu | kr. 2.350.000- til kr. 2.800.000- |

Við álagningu fasteignagjalda nú í janúar verður afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega til bráðabirgða miðaður við tekjur ársins 2003. Þegar álagning vegna ársins 2004 liggur fyrir í ágúst á þessu ári, verður afslátturinn endanlega ákvarðaður og verða þá allar breytingar tilkynntar bréflega.

Fulltrúar framtalsnefndar eru til viðtals þriðjudaganna 12., 19. og 26. apríl n.k. milli kl. 16.00 og 17.00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Umhverfissvið Reykjavíkurborgar, Skúlagötu 19, veitir allar upplýsingar varðandi álagningu og breytingar á sorphirðugjaldi í síma 563-2700 Einnig má leita upplýsinga með tölvupósti á netfangið sorphirda@reykjavik.is.

Orkuveita Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, veitir upplýsingar sem snerta álagningu og breytingar á vatnsgjaldi í síma 516-6000. Einnig má leita upplýsinga með tölvupósti á netfangið or@or.is.

Fjármálasvið Reykjavíkurborgar, Ráðhúsi Reykjavíkur, veitir upplýsingar um álagningu annarra fasteignagjalda og breytingar á þeim í síma 563-2062. Einnig má leita upplýsinga með tölvupósti á netfangið innheimta@reykjavik.is.

Gjalddagar ofangreindra gjalda umfram kr. 20.000- fyrir árið 2005 eru: 1. feb., 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní og 1. ágúst. Gjalddagi gjalda undir kr. 20.000-, og gjalda þeirra gjaldenda er völdu eingreiðslu fasteignagjaldanna er 1. maí.

Hægt að leita nánari upplýsinga um ofangreind atriði á heimasíðu Reykjavíkurborgar. **www.reykjavik.is**

*Reykjavík, 16. janúar 2005*
*Borgarstjórinn í Reykjavík*

## VERÐLAUNAKROSSGÁTAN

**Philips**
**HD5405**
**Kaffikannan sívinsæla sem sýður vatnið**
**Ein vinsælasta kaffikanna landsmanna í áraraðir**



# Úrvals sjálfvirk kaffikanna í verðlaun

Verðlaunin þessa vikuna eru ekki af verri endanum, glæsileg kaffikanna frá Heimilstækjum.

Heimilistæki
SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is

Vinningshafi í verðlaunakrossgátunni í síðustu viku var **Gísli Halldórsson**, og hlaut hann að launum glæsilega kaffikönnu frá Heimilistækjum. Fréttablaðið óskar Gísla til hamingju. Lausnarorðið var **Óttar**.

### Fyrirkomulagið

Skrifaðu lausnarorðið á krossgátunni í SMS-skilaboðin ***„GAMAN KROSS LAUSNARORÐ“*** og sendu í þjónustunúmerið 1900.

Dæmi: ef lausnarorðið er Hallgrímur sendir þú skeytið GAMAN KROSS HALLGRIMUR í þjónustunúmerið 1900.

Dregið úr réttum lausnum fimmtudaginn 20. janúar. Frestur til að senda lausnir rennur út á hádegi þann dag.

**Hvert skeyti kostar 99 krónur.**

### Lausnarorð gátunnar...

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | |

## VERÐLAUNAMYNDAGÁTAN

**UNITED**



# Nett ferðatæki með geislaspilara

Sigurvegari í myndagátunni fær í verðlaun lítið og nett United ferðatæki með útvarpi og geislaspilara.

Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

Vinningshafinn í síðustu gátu var **Aðalbjörg Þ. Sigfúsdóttir** og hlýtur hún ferðaspilara frá Sjónvarpsmiðstöðinni í verðlaun. Lausnarorðið var **rósir**.




Fyrirkomulag gátunnar er að þekkja hvaða nöfn eiga við út frá myndunum og textunum með þeim og skrifa þau í reitina lóðrétt niður af hverri mynd.

Mun þá verða til lausnarorð í gulu reitunum sem þú sendir í SMS sem **gaman mynd lausnarorðið** á númerið 1900.

### UPPLÝSINGAR UM VERÐLAUNIN

Allar upplýsingar um verðlaunin í gátunum fást í síma 511 8073, milli 9 og 17 virka daga.

icon AUGLÝSINGAHÚS

Dregið úr réttum innsendum lausnum fimmtudaginn 20. janúar.




Átt þú ungling sem þarf …
… að vera einbeittari í námi?
… að geta staðið sig vel í vinnu?
… að vera jákvæðari?
… að eiga auðveldara með að eignast vini?
… að vera sáttari við sjálfan sig?
WWW.HOLMES.IS
Kíktu á www.naestakynslod.is og sjáðu hvað þátttakendur höfðu að segja um þjálfunina.
Kynningarfundir:
Mánudag 17. jan. (18-22 ára)
Þriðjudag 18. jan. (14-17 ára, æskilegt að foreldrar mæti með)
Fimmtudag 20. jan. (14-17 ára, æskilegt að foreldrar mæti með)
kl.20.00 í Þróttaraheimilinu í Laugardal (við hliðina á gervigrasinu)
Dale Carnegie þjálfun fyrir unglinga
Næsta kynslóð er þjálfun sem er ætluð öllum unglingum sem hafa áhuga á að ná langt í lífinu.
Fjóla Dögg Blomsterberg 17 ára
Það er margt ómetanlegt sem ég hef fengið út úr námskeiðinu. Getu til að koma fram og tala, meira sjálfstraust og tækni til að komast áfram í lífinu. Ég setti mér til dæmis markmið í skólanum og hækkaði einkunnirnar mínar. Svona námskeið ættu allir að fara á, sem hafa áhuga á að lifa góðu lífi.
www.naestakynslod.is
Hafðu samband við skrifstofu Dale Carnegie í síma 555 7080 eða 661 0998 og fáðu nánari upplýsingar um Næstu kynslóð.
næsta kynslóð

# sport
sport@frettabladid.is

**Við hrósum...**

... Steinari Páli Veigarssyni, leikmanni íslenska ungmennalandsliðsins í íshokkí, en hann var valinn besti leikmaður Íslands í tapleik liðsins gegn sterku liði Mexíkó. Steinar, líkt og aðrir leikmenn Íslands, hefur staðið sig vel á mótinu hingað til og skal enginn vanmeta hversu erfitt það er að keppa í einni erfiðustu íþrótt heims í 2.500 metra hæð yfir sjávarmáli í höfuðborg Mexíkó. Ljóst er orðið að Ísland á fullt erindi á alþjóðlegar keppnir í greininni.

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

JANÚAR

13 14 15 **16** 17 18 19

**Sunnudagur**

**SJONVARP**

- 10.25 PGA Tour á Sýn. Sýnt frá Buick Invitational golfkeppninni í Bandaríkjunum.
- 11.20 Amerískí fótboltinn á Sýn. Sýnt frá leik NY Jets og Pittsburg Steelers.
- 13.50 Ítalski boltinn á Sýn. Sýnt frá leik AC Milan og Udinese í Seríu A.
- 14.00 Enski boltinn á Skjá einum. Sýnt beint frá leik Middlesbrough og Everton í ensku úrvalsdeildinni.
- 16.00 Enski boltinn á Skjá einum. Sýnt beint frá leik Fulham og WBA í úrvalsdeildinni.
- 17.20 NFL tilþrif á Sýn. Svipmyndir úr leikjum helgarinnar í NFL.
- 17.50 Spænski boltinn á Sýn. Sýnt beint frá leik Barcelona og Real Sociedad.
- 19.50 Spænski boltinn á Sýn. Sýnt beint frá leik Real Madrid og Real Zaragoza.
- 22.05 Helgarsportið á RÚV. Greint frá íþróttaviðburðum helgarinnar.

**LEIKIR**

- 19.15 FH og Víkingur mætast í Kaplakrika í DHL-deild kvenna í handknattleik.



**LANDSLIÐIÐ Í MEXÍKÓ**
Eftir góða byrjun og tvo stóra sigra lágu þeir flatir fyrir erfiðum Mexíkóum á heimavelli.

Heimsmeistarakeppnin í íshokkí:

## Ísland steinlá fyrir Mexíkó

**ÍSHOKKÍ** Íslenska ungmennalandsliðið í íshokkí átt lítið að segja í sterkt lið Mexíkó í þriðja leik liðsins á heimsmeistaramótinu sem fram fer í höfuðborg Mexíkó. Tapaðist leikurinn með sex marka mun þegar upp var staðið 10-4 en þetta var fyrsta tap Íslendinga sem unnu góða sigra á Tyrkjum og Búlgörum í fyrstu leikjum sínum.

Lið Mexíkó drottnuðu strax í fyrsta leikhluta sem endaði 5-1 og lagði grunninn að góðum sigri þeirra þrátt fyrir að íslensku strákarnir tækju sig aldeildis saman í andlitinu í öðrum leikhluta sem þó tapaðist 3-2 og var á þeim tímapunkti útséð um sigur heimamanna. Ekki er þó öll nótt úti enn. Ísland á enn eftir að leika tvo leiki gegn S-Afríku og Nýja-Sjálandi og sigrar gegn þeim þýða á liðið verður í toppbaráttunni með Mexíkó sem þykir hafa sterkasta hópinn á mótinu. ■

F2
Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga

# Bjartsýn á að fá þann stuðning sem ég þarf

Fyrsti íslenski kylfingurinn sem kemst inn á evrópsku mótaröðina í golfi, Ólöf María Jónsdóttir úr Keili, segist vongóð um styrki og fjárframlög fyrir árið 2005 enda kostnaðarsamt að etja kappi við þær bestu.

**GOLF** „Það er ekkert fast í hendi eins og staðan er en ég er mjög bjartsýn á að hljóta þann stuðning sem ég þarf til að láta allt ganga upp," segir Ólöf María Jónsdóttir, kylfingur úr Keili. Hún er í óða önn að skipuleggja sumarið framundan en þá tekur hún, fyrst Íslendinga, þátt á evrópsku mótaröðinni í golfi.

Ólöf leggur nú hart að sér við undirbúning undir þann draum sem hún hefur gengið með um langa hríð, þátttöku meðal fremstu kvenkylfinga Evrópu, á allt að fimmtán mismunandi mótum víðsvegar í álfunni í vor og sumar. Hún leggur stund á æfingar alla liðlanga daga og ætlar sér að vera í besta formi lífs síns þegar fyrsta mót hennar hefst á Kanaríeyjum í apríl næstkomandi.

„Þetta er tækifæri sem kemur ekki á hverjum degi og ég skulda sjálfri mér að leggja mig eins mikið fram og ég mögulega get. Eins og staðan er í dag þá tek ég líklega þátt í fimmtán mótum sem öll fara fram í Evrópu og stærst þeirra verður Opna breska meistaramótið. Þar er reyndar inntökukeppni en ég er bjartsýn."

Þátttaka á mótaröðinni er ekki ókeypis. Keppendur þurfa að greiða öll ferðalög og uppihald úr eigin vasa og segir Ólöf að það hafi áhrif á hvaða mót hún tekur þátt í og hver ekki.

„Ég mun að líkindum fá stuðning frá nokkrum fyrirtækjum heimafyrir og að auki á ég í viðræðum við erlent fyrirtæki um styrk. Þeir koma sér afar vel en þrátt fyrir það er ég einnig að vonast til að fá styrk frá Íþróttasambandi Íslands enda munar um allt fé og slíkir styrkir eru allt að því lífsnauðsyn ef ég ætla að einbeita mér að golfinu og ekki eyða tíma og orku í að hafa áhyggjur af peningum. Auðvitað er mikið verðlaunafé í boði á þessum mótum en því má ekki gleyma að samkeppnin er afar hörð og ekki þýðir að ganga út frá því sem vísu að ég muni hala inn mikla peninga."



**MESTA ÁSKORUN FERILSINS FRAM UNDAN** Ólöf María hefur lagt línurnar með sumarið en síðan hún tryggði sig inn á evrópsku mótaröðina í golfi hafa margir erlendis undrast það að kona frá Íslandi hafi náð svo langt í íþróttinni. Fréttablaðið/Eiríkur

Sú staðreynd að Ólöf er fyrsti Íslendingurinn til að komast á mótaröðina segir hún að hafi valdið mörgum heilabrotum.

„Það er með ólíkindum hversu margir hafa furðað sig á að íslensk stelpa sé að taka þátt í mótum sem þessum. Jafnvel blaðamenn hafa spurt út í þetta og enginn trúir því að á Íslandi séu 60 eða 70 golfvellir. Það þykir mér fyndið og þetta getur jafnvel aukið vonir um að koma á óvart þegar keppni hefst."

albert@frettabladid.is

**ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM**

Jose Mourinho og John Terry hjá Chelsea eru undir smásjánni hjá enska knattspyrnusambandinu eftir leik liðsins við Manchester United á dögunum. **Mourinho** sakaði United um svindl en **Terry** gerði harða hríð að dómara leiksins, **Neale Barry**. **Mourinho** sagði að **Alex Ferguson**, knattspyrnustjóri United, hefði haft áhrif á **Barry** í hálfleik liðanna. „Eftir leikhlé þá var bara flautað og flautað, vitleysa á eftir vitleysu og svindl á eftir svindli," sagði **Mourinho**, ósáttur með öllu. Knattspyrnusambandið rannskakar nú málið en þess má geta að **Arsene Wenger**, knattspyrnustjóri Arsenal, var sektaður um 15 þúsund pund eftir að hafa kallað **Ruud Van Nistelrooy** svindlara.



Sala Real Madrid á **Fernando Morientes** til Liverpool hefur afhjúpað að Morientes vildi fara frá Spáni eftir komu **Michaels Owen** til Madrid. Með tilkomu **Owens** urðu framherjar liðsins fjórir talsins og sagðist **Morientes** strax hafa velt því fyrir sér að segja skilið við liðið. „Þetta gerði mér erfitt fyrir þar sem ég var orðinn sá fjórði í röðinni," sagði **Morientes**. Kappinn vildi þó ekki meina að samband hans við Owen hefði beðið hnekki. „Við áttum gott samband þó að tungumálakunnáttan hafi vafist fyrir okkur."



LeBron **James**, leikmaður Cleveland Cavaliers, er orðinn betri en **Kobe Bryant** hjá LA Lakers í NBA-körfuboltanum. Þetta fullyrðir **Jack McCallum**, einn af körfuboltaspekingum bandaríska tímaritsins Sports Illustrated, í grein um kappana tvo. Þar eru **James** og **Bryant** bornir saman hvað varðar sóknar- og varnareiginleika, leiðtogahæfileika o.s.frv. **James**, sem er nýorðinn tvítugur, hefur einnig verið hampað fyrir að vera einhvers konar blanda af **Michael Jordan** og **Magic Johnson**, þ.e. frábær skorari og alltaf með augað opið fyrir samherjum. Dæmi svo hver fyrir sig um þá umsögn í garð leikmanns sem er á öðru ári sínu í deildinni.



# Adios, señor Garcia!



**UTAN VALLAR**
MÁL HANDBOLTAKAPPANS JALIESKY GARCIA

**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**
ÍÞRÓTTAFRÉTTAMAÐUR

Mál málanna í íþróttaheiminum síðustu daga hefur verið mál Jaliesky Garcia Padron. Þessum kúbverska Íslendingi var hent úr íslenska landsliðshópnum um daginn þar sem hann mætti ekki til æfinga á tilsettum tíma og hafði þar að auki ekki fyrir því að láta vita af sér.

Garcia fór til Kúbu á milli jóla og nýárs til þess að vera viðstaddur jarðarför föður síns. Hann segir farir sínar sléttar af tæknimálum á Kúbu og því hafi hann ekki getað látið vita af sér fyrr en 10. janúar. Það sem kannski vekur mesta athygli er að Garcia játaði blákalt í viðtali við Olíssport á Sýn að hann hefði verið kominn frá Kúbu til Púertó Ríkó 5. eða 6. janúar. Það er enginn skortur á símasambandi á þeirri ágætu eyju. Samt lætur hann ekki í sér heyra fyrr en 10. janúar og fór ekki einu sinni þaðan fyrr en 11. janúar. Garcia heldur því fram að hann hafi haft samband til Íslands um leið og hann kom til Púertó Ríkó. Það hefur enginn hér á landi gefið sig fram sem heyrði í honum fyrr en 10. janúar.

Það verður að segjast eins og er að það er skítalykt af þessu máli langar leiðir. HSÍ telur sig hafa heimildir fyrir því að félag Garcia, Göppingen, hafi viljað að hann hvíldi til 10. janúar og Göppingen fór reyndar fram á slíkt hið sama fyrir markvörðinn Martin Galia, sem mun leika með Tékkum á HM. Svo þegar heimasíða Göppingen birti frétt um þá leikmenn sem yrðu í eldlínunni með sínum landsliðum í janúar var hvergi minnst á Garcia. Sú frétt birtist áður en ákvörðun var tekin af Viggó að skilja Garcia eftir. Tilviljun?

Það er ekki hægt annað en að draga þá ályktun að Garcia hafi gengið erinda síns félags. Hvílt til 10. janúar og síðan haft samband. Kannski vonaði félagið, eða hann, að það yrði til þess að honum yrði sparkað úr liðinu? Fréttin á heimasíðu Göppingen svarar eiginlega þeirri spurningu.

Garcia vissi allan tímann hvernig æfingaáætlun landsliðsins leit út og málsvörn hans er í besta falli hjákátleg. Hann hefði hæglega getað haft samband miklu fyrr við HSÍ og hann hefði líka getað komið sér til Evrópu mun fyrr en hann gerði. Það er staðreynd sem ekki verður umflúin. Þess í stað kaus hann að hafa það huggulegt á sólarströnd. Ótrúleg framkoma.

Ég efast ekki um að hann hefði getað fengið frí til þess að jafna sig vegna andláts föður síns hefði hann beðið um tilfinningalegt svigrúm. Það gerði hann ekki. Þess í stað fór hann í felur. Það er varla hægt að horfa á málið öðruvísi en að telja að Garcia hafi ekki haft neinn áhuga á að spila með landsliðinu í Túnis.

Með framkomu sinni í kjölfarið hefur hann þar að auki algjörlega fyrirgert rétt sínum á að vera valinn á ný í hópinn. Vonandi verður það raunin því menn sem hafa ekki meiri metnað fyrir landsliðsins hönd en þetta geta allt eins setið heima hjá sér – eða á sólarströnd í Karíbahafinu.

henry@frettabladid.is





## Sekkur Parma án Sacchi?

*... Einar Logi Vignisson skrifar um fótboltann í Suður-Evrópu*

Áhugamönnum um ítalska boltann finnst örugglega eilítið skrýtið að sjá nafn Parma í hópi botnliða Serie A, enda verið í hópi betri liða síðan það komst í efstu deild 1990. Slæmt gengi liðsins á þó ekki að koma á óvart í ljósi þeirra hremminga sem gengið hafa yfir félagið undanfarið ár í kjölfar gjaldþrots fyrrum eiganda þess, mjólkurrisans Parmalat. Mjólkurpeningarnir frá Parmalat höfðu skilað Parma bikartitlum heimafyrir, stöðugri baráttu um efstu sæti í deildinni og síðast en ekki síst hörkuárangri í Evrópu, m.a. í tvígang sigri í Evrópukeppni félagsliða. Liðið þótti leika skemmtilegan fótbolta og allt eitthvað svo krúttlegt og sætt í kringum það, falleg borg, góður matur, lítill en ástríðuþrunginn heimavöllur og léttleikandi spilarar á borð við Zola, Brolin og Asprilla.



EINAR LOGI VIGNISSON

### Mjólkin súrnaði

Í raun er kraftaverk að liðinu skuli hafa verið forðað frá gjaldþroti. Einungis munaði örfáum klukkustundum á vordögum að liðinu yrði vísað niður í neðstu deild og þyrfti að byrja á byrjunarreit eins og Fiorentina fyrir þremur árum. Á ögurstundu tókst að finna nýja eigendur þótt ekki séu málin varðandi Parmalat fullfrágengin og spurning hvort félagið á eftir að þvælast meira inn í þær lagaflækjur allar.
Það var sennilega lán í óláni Parma að mjólkursamlagið hafði dregið töluvert úr stuðningi við liðið löngu fyrir gjaldþrotið. Allt frá því að síðustu titlarnir unnust 1999 hefur leiðin legið niður á við og félagið jafnan þurft að selja sína bestu menn. Sá sem að flestra mati hélt félaginu á floti síðustu árin var Arrigo Sacchi, yfirmaður knattspyrnumála félagsins, sem lét af þeim starfa fyrir skömmu til að taka við sömu stöðu hjá Real Madrid. Sacchi var með eindæmum lunkinn að fá leikmenn lánaða til félagsins, einkum unga leikmenn sem keyptir höfðu verið til stóru liðanna til þess eins að verma varamannabekkina. Sacchi fullvissaði stjórnendur stóru klúbbanna um það að fáir staðir væru betri fyrir unga menn sem væru að stiga sín fyrstu spor í erfiðri deild en rólegheitin í því stóra sveitaþorpinu Parma. Besta dæmið um þetta er Brasilíumaðurinn Adriano sem sló rækilega í gegn í fyrra með Parma en tölti til eigenda sinna Internazionale í sumar.

### Þjálfaraskipti

Ljóst er að Parma þarf að grípa til róttækra ráða ef ekki á illa að fara fyrir félaginu í vor. Síðasta verk Sacchi var að skipta um þjálfara og ráða Pietro Carmignani, félaga sinn til margra ára og eilífðar afleysingarþjálfara hjá Parma, en Carmignani hefur áður tekið við félaginu þegar það hefur verið í vandræðum og verið viðloðandi klúbbinn frá því að hann þjálfaði liðið fyrst í Serie B 1984. Fyrsta verk Carmignani var að breyta leikstíl liðsins og setja Domenico Morfeo í framlínuna til stuðnings gulldrengnum Alberto Gilardino sem lengstan hluta tímabilsins hefur verið að basla einn frammi og 8 mörk hans í deildinni reytt inn þau fáu stig sem liðið hefur fengið. Ljóst er að Gilardino stoppar ekki lengur við hjá félaginu en fram á sumar og án klókinda Sacchi verður róðurinn á leikmannamarkaðnum erfiðari. En það er kannski óþarfi að mála skrattann á vegginn strax, ekki eru nema 4 stig í öruggt sæti. Carmignani lét liðið mæta snemma til æfinga eftir vetrarfrí og sýndi liðið batamerki strax með sigri á Besiktas í Evrópukeppni og jafntefli gegn Juve um síðustu helgi.

Troðslukeppni og þriggja stiga skotkeppni Stjörnuleiksins tókust vel í Valsheimilinu í gær:

# Keflvíkingarnir Glover og Magnús voru bestir

**KÖRFUBOLTI** Troðslukeppni leikmanna fór fram í hálfleik stjörnuleiks Körfuknattleikssambands Íslands í Valsheimilinu í gær. Nick Bradford og Anthony Glover frá Keflavík, John Waller úr Haukum, Chris Woods úr Hamri/Selfossi, Matthías Ásgeirsson og Richard Pryor úr Val, Sigurður Þorvaldsson úr Snæfelli og Clifton Cook úr Skallagrími kepptu um titilinn eftirsótta.
Þó nokkrar skemmtilegar troðslur litu dagsins ljós og til dæmis bauð Nick Bradford upp á vindmyllutroðslu. Þá er ekki annað hægt en að minnast á Valsmanninn Matthías Ásgeirsson sem átti tvímælalaust flottustu tilþrifin þó svo að ekki hafi honum tekist að sigra.
Sigurður Þorvaldsson hjá Snæfelli reyndi nokkrar troðslur en hann hafði gefið frá sér yfirlýsingu þess efnis að hann hygðist kasta boltanum upp í loftið, klæða sig úr buxunum, og troða. Hann tók ekki þátt í síðustu umferð keppninnar en margir höfðu beðið troðslunnar með mikilli eftirvæntingu.
Það var hins vegar Anthony Glover sem stóð uppi sem sigurvegari. Hann notaði ýmis hjálpartæki í troðslunum og fékk Clifton Cook þann vafasama heiður að sitja í stól meðan Glover stökk yfir hann og tróð. Einnig fékk hann þrjú ungmenni til að standa í hnapp nálægt körfunni og náði hann að stökkva yfir þau og troða. Fékk hann fullt hús stiga frá dómnefndinni og vann keppnina.
Á milli Stjörnuleikjanna fór fram þriggja stiga skotkeppnin og líkt og í troðslukeppninni var það Keflvíkingur sem stóð uppi sem sigurvegari. Magnús Þór Gunnarsson vann keppnina þrátt fyrir að fá það erfiða hlutverk að skjóta fyrstur. Magnús fékk 13 stig og þótt níu aðrir reyndu sig á eftir honum tókst engum að jafna árangur hans. Matt Sayman úr Njarðvík var næstur því, hann fékk 12 stig en síðasta skot hans sem fór rétta leið og hefði tryggt honum sigurinn, kom eftir að tíminn rann út og var því dæmt ógilt. John Waller úr Haukum varð þriðji með 11 stig og fjórði var síðan Baldur Ingi Jónasson úr KFÍ með 10 stig.



**FJÖR Í VALSHEIMILINU** Bandaríska úrvalsliðið vann öruggan 21 stigs sigur í Stjörnuleik KKÍ í gær og hér fagna Bandaríkjamennirnir sigrinum. Í fararbroddi eru þeir Anthony Glover, sem vann troðslukeppnina, og Clifton Cook, sem var valinn besti maður leiksins. réttablaðið/Stefán

# Mikið af flottum tilþrifum

**Úrvalslið erlendra leikmanna atti kappi við úrvalslið Íslendinga í hinum árlega Stjörnuleik KKÍ í körfuknattleik í gær. Í boði voru fjölmargar troðslur, þriggja stiga körfur og ævintýraleg skot og sendingar en það voru bandarísku atvinnumennirnir sem unnu öruggan sigur.**

**KÖRFUBOLTI** Hinn árlegi stjörnuleikur körfuknattleikssambands Íslands fór fram í Valsheimilinu í gær. Þar mættust úrvalslið íslenskra og erlendra leikmanna. Nokkrir leikmenn kepptu í þriggja stiga skotkeppni fyrir leik og boðið var upp á troðslukeppni í hálfleik.
Leikurinn var mjög dæmigerður af stjörnuleik af vera; lítið um varnir, mikið af troðslum og enn þá meira af mistökum. Eftir aðeins fáeinar sekúndur gaf að líta „alley-oop“ troðslu frá Anthony Glover eftir sendingu frá Clifton Cook en sá síðarnefndi hélt áhorfendur við efnið – sprellið aldrei langt undan.
Þá var einnig gaman að fylgjast með samherjum kljást sín á milli og t.d. tróð Nick Bradford með tilþrifum yfir félaga sinn, Gunnar Einarsson, hjá Keflavík.
Leikmenn voru léttleikinn uppmálaður og lítið um áreynslu, sérstaklega varnarmegin á vellinum. Fjölmörg ótímabær skot, ævintýralegar sendingatilraunir og þar fram eftir götunum. Prýðis skemmtun í smá stund en ekki þegar á leið.
Eftir fyrsta fjórðung var staðan 37-28 erlenda liðinu í vil en staðan í hálfleik var 76-55.
Lætin héldu áfram í seinni hálfleik, troðslur, þriggja stiga körfur og fleira, og lokatölur urðu 134-113, erlenda liðinu í vil. Þegar upp var staðið var þetta fullmikið af hinu góða, sem er alveg í takt við stjörnuleiki annars staðar í veröldinni og eflaust fínasta skemmtun fyrir fólk sem hefur gaman af þannig körfubolta. Hins vegar er það nokkuð sem þreytir augað á svipstundu, samanber And-1 körfuboltamyndböndin þar sem menn eru ekkert nema tilþrifin en eru ófærir um að taka sniðskot með vinstri hendi.
Tilþrifin voru mörg og erfitt að tína til eitt atvik sem stóð upp úr í leiknum. Hjalti Vilhjálmsson, Fjölnismaður, átti glæsilega vörslu á Darrel Lewis hjá Grindavík, sem var sérstaklega minnisstætt.

smari@frettabladid.is



**HITTI BEST** Birna Valgarðsdóttir úr Keflavík sést hér með verðlaunin sem hún fékk fyrir að vinna þriggja stiga skotkeppni Stjörnuleiks kvenna, sem fram fór í gær.

Stjörnuleikur kvenna fór fram í annað sinn í gær:

# Úrvalsliðið var of sterkt

**KÖRFUBOLTI** Úrvalslið Sverris Þórs Sverrissonar vann 21 stiga sigur á kvennalandsliðinu, 83–62, í Stjörnuleik kvenna sem fram fór í Valsheimilinu á Hlíðarenda. Íslensku stelpurnar héldu í við þær erlendu í fyrsta leikhluta en eftir það var leikurinn í öruggum höndum úrvalsliðsins. Þetta var í fyrsta sinn sem KKÍ stóð fyrir stjörnuleik kvenna en í fyrra fór fram fyrsti slíki leikurinn fyrir stelpurnar þegar ÍR-ingar settu á laggirnar Stelpuslag.
Vera Janjic úr Njarðvík var valinn besti leikmaður kvennaleiksins en hún var með 8 stig, 5 stoðsendingar og 5 fráköst á þeim 24 mínútum sem hún spilaði. Janjic átti mörg af bestu tilþrifum leiksins en hún fékk þó mikla hjálp frá þeim Jaime Woudstra, Ebony Shaw og Jericu Watson sem allar áttu góðan leik líkt og Anna María Sveinsdóttir sem hefur lagt landsliðsskóna sína á hilluna og spilaði því með úrvalsliðinu í gær. Shaw skoraði 14 af 22 stigum sínum í fjórða leikhluta en Watson var með 20 stig og 10 fráköst á þeim 23 mínútum sem hún spilaði. Þá var Woudstra með 11 fráköst og 4 stoðsendingar auk 6 stiga.
Birna Valgarðsdóttir var stigahæst hjá íslenska landsliðinu með 10 stig en Signý Hermannsdóttir var með 8 stig og 6 fráköst. Þá skoruðu þær Rannveig Randversdóttir og Þórunn Bjarnadóttir sjö stig hvor. Íslenska landsliðið lék án Helenu Sverrisdóttur, sem var að skoða aðstæður hjá bandarískum háskóla um þessa helgi.
Birna Valgarðsdóttir úr Keflavík vann þriggja stiga skotkeppnina hjá konunum, fékk alls 13 stig, tveimur stigum meira en félagi hennar í Keflavíkurliðinu, Anna María Sveinsdóttir. Þær Alda Leif Jónsdóttir úr ÍS og Sólveig Gunnlaugsdóttir úr Grindavík voru síðan jafnar í þriðja sætinu með tíu stig hvor.



**VERA VALIN BEST** Vera Janjic úr Njarðvík var valin besti leikmaður Stjörnuleiks kvenna í gær en hún var með 8 stig, 5 stoðsendingar og 5 fráköst í leiknum.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### DHL deild kvenna í handbolta

| ÍBV – STJARNAN | 24-25 |
|---|---|

**Mörk ÍBV:** Anastasia Patsion 10, Zsofia Pastor 5, Eva Hlöðversdóttir 4, Darinka Stefanovic 2, Tatjana Zukovska 2, Guðbjörg Guðmannsdóttir 1.
**Mörk Stjörnunnar:** Staðfest tölfræði barst ekki í tæka tíð.

| FRAM – HAUKAR | 19-26 |
|---|---|

**Mörk Fram:** Sigurbjörg Jóhannsdóttir 8, Ásta Gunnarsdóttir 3, Elísa Ósk Viðardsóttir 2, Hildigunnur Einarsdóttir 2, Eva Harðardóttir 2, Sara Sigurðardóttir 1
**Mörk Hauka:** Hanna Stefánsdóttir 6, Harpa Melsted 5, Ragnhildur Guðmundsdóttir 4, Ramune Pekarskyte 3, Erna Þráinsdóttir 3, Anna Halldórsdóttir 2, Áslaug Þorgeirsdóttir 1, Ingibjörg Karlsdóttir 1, Martha Hermannsdóttir 1

### Enska úrvalsdeildin

**LIVERPOOL – MANCH. UNITED 0-1**
0-1 Rooney (21.)

**ASTON VILLA – NORWICH 3-0**
1-0 Ridgewell (9.), 2-0 Hendrie (27.), 3-0 Solano (76.)

**CHARLTON – BIRMINGHAM 3-1**
1-0 Bartlett (6.) 2-0 Kharkouri (9.), 2-1 Melchiot (55.), 3-1 Murphy (75.)

**MANCH. CITY – CRYSTAL PALACE 3-1**
1-0 Wright-Phillips (12.), 2-0 Fowler (15.), 2-1 Powell (32.), 3-1 Wright-Phillips (90.)

**NEWCASTLE – SOUTHAMPTON 2-1**
1-0 Shearer v. (11.), 2-0 Bramble (38.), 2-1 Crouch (42.)

**PORTSMOUTH – BLACKBURN 0-1**
0-1 Pedersen (55.)

**TOTTENHAM – CHELSEA 0-2**
0-1 Lampard v. (39.), 0-2 Lampard (90.)

**BOLTON – ARSENAL 1-0**
1-0 Giannakoupoulus (40.)

Enska úrvalsdeildin í gær:

# Ekkert feilpúst hjá Chelsea

**FÓTBOLTI** Stríðsmaskína Chelsea sló engin feilpúst þegar félagið mætti til leiks á heimavelli Tottenham í gær. Frank Lampard skoraði tvö mörk fyrir Chelsea, sem sigraði 0-2, og heldur því sigurganga liðsins í ensku deildinni áfram. Margir vonuðu að leikmenn Tottenham, sem spilað hafa frábærlega síðustu leiki, gætu sett leikmönnum Chelsea stólinn fyrir dyrnar en svo reyndist ekki vera þegar til kom. Næstu lið halda þó áfram veikri pressu. United sigraði Liverpool á Anfield með marki Wayne Rooney en sökina átti markvörður Liverpool, Jerzy Dudek, sem klúðraði illa. Var enda stjóri liðsins, Rafa Benitez, afar fúll eftir leikinn og sagði Dudek tvímælalaust bera ábyrgð á tapinu. Kollegi hans hjá United, Alex Ferguson, lýsti því yfir eftir leikinn að með þessum sigri hefði United tekið allt loft úr titilsókn Liverpool og verður það til sanns vegar að færa enda liðið nú 21 stigi á eftir Chelsea.

Á meðan þessu gekk á tapaði Arsenal dýrmætum stigum á útivelli gegn Bolton 1-0 og munar nú aðeins einu stigi á Arsenal og United í öðru og þriðja sæti. ■




**FERNANDO FÚLL** Morientes lék sinn fyrsta leik með Liverpool gegn United en varð lítið ágengt líkt og félögum hans í liðinu.

# Rúlluðu yfir Ísland á tíu mínútum

**Sá gamli, og ekki svo góði, „slæmi kafli" varð íslenska landsliðinu í handbolta að fótakefli gegn Spánverjum í vináttuleik sem Ísland tapaði með átta marka mun, 39-31. Viggó var óánægður með klaufaskap leikmanna.**

**HANDBOLTI** „Þetta eru ægileg úrslit miðað við að megnið af fyrri hálfleiknum vorum við að spila alveg glimrandi vel," sagði Viggó Sigurðsson, landsliðsþjálfari í handbolta, eftir að íslenska handboltalandsliðið tapaði illa, 39-31, fyrir Spánverjum í vináttuleik sem fram fór á Spáni í gær.

Skýringuna á tapinu segir Viggó að megi rekja til kafla í lok leiksins þegar ekkert gekk fyrir Ísland eftir að hafa haldið í við sterkt lið Spánverja mestallan leikinn og leitt framan af. „Að mínu viti var liðið að spila besta bolta sem ég hef séð fyrstu 20 mínútur leiksins og þá vorum við með yfirhöndina í leiknum og þeir eltu. En í síðari hálfleik kom kafli sem ég í raun kann engar skýringar á aðrar en tóman klaufahátt hjá nokkrum leikmönnum sem varð til þess að þeir skoruðu tíu mörk í röð án þess að við settum inn eitt og þar með var þessu lokið. Þar að auki vorum við of mikið að missa menn út af fyrir klaufavillur og vorum færri í heilar 20 mínútur. Það er of mikið gegn sterkum andstæðingum."

*Hins vegar er frammistaða okkar gegn Spánverjum mun lakari en hún var gegn Frökkum og það veldur ákveðnum áhyggjum.*



**NÓG AÐ GERA Í MARKINU** Íslenska landsliðið stóð sig frábærlega mestallan leikinn gegn Spánverjum en lét deigan síga nógu lengi til að Spánverjar skoruðu tíu mörk í röð.

Var þetta annar leikur liðsins af þremur áður en haldið verður til Túnis á heimsmeistaramótið sem hefst eftir viku. Í fyrradag töpuðu Íslendingar fyrir Frökkum 30-26 og viðurkennir Viggó að þetta sé ekki það veganesti sem hann óskaði helst eftir. „Það er rétt að ég var að vonast eftir betri árangri en leikurinn við Egypta er eftir og ég vonast til að taka fyrir mistök á borð við þau sem áttu sér stað gegn Spánverjum fyrir morgundaginn. Hins vegar er frammistaða okkar gegn Spánverjum mun lakari en hún var gegn Frökkum og það veldur ákveðnum áhyggjum."

Sem fyrr var það Róbert Gunnarsson sem var langfremstur meðal jafningja í íslenska liðinu. Hann skoraði níu mörk, Guðjón Valur sjö, Alexander Petterson sex en aðrir færri.

albert@frettabladid.is

Woods og Schumacher í sérflokki 2004:

# Tekjur upp á sex milljarða

**SEÐLAR** Þrátt fyrir að Tiger nokkur Woods, kylfingur og unnandi góðra hluta, hafi fallið af stalli sínum sem tekjuhæsti kylfingurinn á nýliðnu ári er hann áfram langtekjuhæsti íþróttamaður heims þegar allar tekjur eru taldar saman. Hafði hann 5,7 milljarða króna árslaun fyrir 2004 og skilur aðra íþróttamenn eftir í rykinu hvað heildartekjur varðar en Phil Mickelson, sem kom næstur kylfinga, var ekki hálfdrættingur á við Tiger. Eini alvöru keppinautur Woods þegar kemur að tekjum fyrir keppni auk tekna fyrir auglýsingar og styrktarsamninga ýmissa er ökuþórinn Michael Schumacher, sem ætti að fá góða vexti á þá rúmu fimm milljarða sem hann þénaði á síðasta ári. ■



**SEX MILLJARÐA MAÐURINN** Þrátt fyrir slakasta gengi sitt í háa herrans halaði Tiger inn gríðarlegar fúlgur þegar allt er talið saman.



iSoft
www.isoft.is isoft@isoft.is sími 511-3080



Nú fá Íslendingar langþráðan aðgang að hinni margverðlaunuðu Viva-keðju sem býður að okkar mati langbestu gistimöguleikana á Mallorca. Gæðavottuð og umhverfisvæn – og loksins á rétta verðinu!

# ¡Viva Mallorca!

## Á réttu verði í allt sumar

### Viva BLUE - íbúðahótel

**2 vikur: 48.430,-***

Eitt af bestu Viva hótelunum á Mallorca. Falleg staðsetning í Alcudia nærri Albufeira þjóðgarðinum. Frábær sundlaugagarður og pottþéttar íbúðir.



Ef þú skráir þig í ferðaklúbb Mastercard gætirðu unnið fjölskylduferð til Mallorca!

- Móttaka og þjónusta 24klst
- Veitingastaður
- Stór sundlaugargarður
- Glæsileg íþróttaaðstaða
- Frábær aðstaða og dagskrá fyrir alla
- 200m frá strönd
- Gervihnattasjónvarp
- Eldhús, sími, svalir, öryggishólf
- Loftkæling
- Líkamsrækt





### Viva SUNRISE - íbúðahótel

**2 vikur: 43.500,-***

Hagkvæmur kostur fyrir alla fjölskylduna: Góðar íbúðir, svalir og stór sundlaugargarður með barna- og íþróttaaðstöðu. Vel staðsett í Alcudia.

Þetta er bara sýnishorn af glæsilegu úrvali Viva-gistinga á Mallorca. Skoðaðu þig um á www.sumarferdir.is!

- Móttaka og þjónusta 24klst
- Veitingastaður
- Stór sundlaugargarður
- Íþróttaaðstaða með tennisvelli
- Frábær aðstaða og dagskrá fyrir alla
- 400m frá Playa Alcudia ströndinni
- Gervihnattasjónvarp fáanlegt
- Eldhús, sími, svalir, öryggishólf
- Loftkæling







* Verð á mann í tvær vikur m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2–11 ára), brottför 25. maí og bókun á sumarferdir.is. Verð m.v. 2 fullorðna á Viva Sunrise (stúdíóíbúð) í 2 vikur kr. 49.555,-
*Innifalið:* Flug, flugvallaskattar og íslensk fararstjórn. Símabókunargjald er 1.500,- pr. farþega.

www.sumarferdir.is

575 1515 ▸ BÓKAÐU ALLAN SÓLARHRINGINN

SUMAR FERÐIR

**ÞÝSKUNÁMSKEIÐ**
**GOETHE ZENTRUM**

www.goethe.is

GOETHE-INSTITUT

551 6061






G§Ĩu aĨ Ĭv²!

n§mskeiĨin hefjast
br§Ĩlega ² kirkjunni

www.alfa.is




## STUÐ MILLI STRÍÐA : Alltaf á sama degi

**KRISTJÁN HJÁLMARSSON** VELTIR FYRIR SÉR NÝJU TÍMATALI



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Í síðustu viku fréttist af fræðimanni nokkrum sem er orðinn langþreyttur á óreiðunni sem fylgir vikudögum og dagsetningum hvert ár. Í stað þess tímatals sem við höfum notast við, með 365 daga á ári nema á hlaupaári, vill fræðimaðurinn hafa jafn marga daga í hverjum mánuði svo sama dagsetningin lendi alltaf á sama vikudegi. Þannig myndi til dæmis 16. janúar alltaf vera á sunnudegi ef kerfið yrði tekið upp nú.

Til að þetta nýja kerfi gangi upp þarf að breyta tímatali okkar talsvert. Við myndum að sjálfsögðu halda í mánuðina tólf en hver mánuður yrði líklega 28 eða 35 dagar, þar sem talan sjö, sem eru vikudagarnir, gengur upp í þá. Líklegra er að hærri talan yrði valin þar sem þó nokkuð margir eru fæddir á bilinu 29. – 31. hvers mánaðar. Annars myndu þeir sem eiga að öllu jöfnu afmæli 30. apríl eiga afmæli fyrstu vikuna í maí. Slíkt gengur varla upp því fátt er heilagra en fæðingardagurinn.

Ég á í fullu fangi með að skipuleggja líf mitt. Það gerir mér líka enn erfiðara fyrir að vita ekki á hvaða vikudegi afmælið mitt, konunnar, barnanna, mömmu, pabba, systkina og allra hinna lendir á nema líta í dagatal. Fyrir vikið er ég að mörgu leyti hrifinn af þessari hugmynd fræðimannsins.

Gallinn sem ég sé hins vegar við þessa tillögu hans er sá að atvinnurekendur myndu líklega skipta sér um of á hvaða vikudegi lögbundnir frídagar lenda á. Þannig myndi aðfangadagur líklega alltaf vera á föstudegi, eins og á síðasta ári, þannig að jólin yrðu ekkert annað en stutt helgarfrí þar sem vinna hæfist aftur á mánudegi. ■


**F2**

Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir



**Viðhaldsfrítt skiltakerfi fyrir fjölbýlishús**

Breytingar prentaðar á venjulegan prentara!




www.merkismenn.is

BJÓÐUM EINNIG:
- Sandblástursfilmu
- Bílamerkingar
- Varúðar- og bannmiða

MERKISMENN Skilta gerð

Ármúla 36 • Sími: 544 2030


## myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Överli




**PÚ OG PA** Eftir SÖB




**KJÖLTURAKKAR** Eftir Patrick McDonnell





VÍMULAUS ÆSKA

SJÁLFSÖRYGGI ER LYKILLINN

**Sjálfstyrking unglinga** er námskeið fyrir unglinga 13 – 17 ára. Markmið er að byggja upp sjálfstraust, þekkingu á tilfinningum, félagsleg tengsl, samskiptahæfni og sjálfsþekkingu.

**Börnin okkar** er námskeið fyrir börn 10 – 12 ára. Uppbyggt á sama hátt og Sjálfstyrking unglinga en miðað við aldur og þroska þeirra. Þetta námskeið er góður undirbúningur fyrir unglingsárin

**Börn eru líka fólk** er námskeið fyrir börn 6 – 11 ára og foreldra þeirra sem hafa farið í gegnum erfiða tíma í lífinu. Námskeiðið hjálpar foreldrum við að taka upp þráðinn að nýju og einbeita sér að börnunum og prófa nýjar leiðir í samskiptum.

**Listmeðferð í félagsfærni**
Þjálfunarnámskeið fyrir börn með athyglisbrest/ofvirkni og foreldra þeirra. Áherslan er á hvernig barnið upplifir sjálft sig, þarfir sínar og eigin vanda. Listmeðferð styrkir sjálfsmynd þess. Foreldrar öðlast innsýn inn í tilfinningalíf barnsins og læra aðferðir til þess að auka á jákvæð samskipti.

Allar upplýsingar í Foreldrahúsinu í síma 511-6160 eða 511-6161

hausverk - 4330

www.foreldrahus.is



**Viltu vinnna?**

Sendu SMS skeytið BT UTS á númerið 1900 og þú gætir unnið. Við sendum þér spurningu. Þú svarar með því að senda SMS skeytið BT A, B eða C á númerið 1900.

Aðalvinningur er MEDION XXL tölva með 17" flatskjá!

99 kr/skeytið

# ÚTSALA



- Stærsta raftækjaverslun landsins -

expert

Skútuvogi 2 • sími: 522 9000 • www.expert.is



ALLT AÐ

80%

AFSLÁTTUR



SKÚTUVOGI 2

Háskólabíó

Nýársmyndin 2005
NICOLAS CAGE
NATIONAL TREASURE
Sýnd kl. 3, 5.30, 8 og 10.30

Einstök ný kvikmynd frá Jean-Pierre Jeunet ("Amelie") með hinni frábæru Audrey Tautou úr "Amelie"
Stórbrotið meistaraverk sem enginn má missa af
Langa trúlofunin
A VERY LONG ENGAGEMENT
Sýnd kl. 3, 5.30, 8 og 10.30

OCEAN'S TWELVE
Sýnd kl. 8 og 10.20

BRIDGET JONES THE EDGE OF REASON
Kl. 3, 5.45, 8 og 10.15

THE INCREDIBLES
kl. 3 & 5.30 ísl. tal

FRÖNSK
Marie-Jo og ástirnar tvær (Mari Jo et ses deux amours) Sýnd kl. 3.40
Peningabíllinn (La convoyer) Kl. 6
Bróðirinn (Son Frére) Kl. 8
Grjóthaltu kjafti (Tais Toi) Sýnd kl. 10

SMÁRABÍÓ

Tilnefnd til 5 Golden Globe verðlauna þ.á.m. besta mynd, leikstjóri og leikari í aðalhlutverki.
Einstök mynd um höfund hinnar sígildu sögu um Pétur Pan.
FINDING NEVERLAND
Sýnd kl. 3.20, 5.40, 8 og 10.20

QUEEN LATIFAH JIMMY FALLON GISELE BÜNDCHEN
TAXI
Sýnd kl. 3.45, 5.50, 8 og 10.15 B.i. 10

"séríslenskt Fönn, fönn, fönn!"
★★★ ÓHT Rás 2
"...bráðvel heppnuð skemmtun, grín og fjör..."
Yfir 25.000 áhorfendur
Sýnd kl. 2, 4, 6, 8, og 10
í LÚXUS kl. 2, 4, 6, 8 og 10

PAPARAZZI
Kl. 8 og 10 B.i. 14

BÚI & SÍMON
Sýnd kl. 2, 4 og 6

SÍMI 564 0000 - www.smarabio.is

FRÁBÆR SKEMMTUN
SAMBÍÓIN
ÁLFABAKKI

JIM CARREY
LEMONY SNICKET'S A SERIES OF UNFORTUNATE EVENTS
Sýnd kl. 1.45, 4, 6.15, 8.30 og 10.40

Hvað er málið með Alfie?
JUDE LAW
Alfie
★★★ ÓHT - Rás 2
Pottþétt rómantísk gamanmynd með Jude Law sem nýlega var kosinn kynþokkafyllsti karlmaðurinn. Frábær tónlist.
Sýnd kl. 4, 6.15, 8.30 og 10.40

THE INCREDIBLES
Yfir 31.000 gestir
Kl. 1, 2.10, 3.30 og 6 m/ísl. tali
kl. 3, 5.30, 8 & 10.30 m/ens. tali

OCEAN'S TWELVE
Sýnd kl. 8.30 og 10.40

NATIONAL TREASURE
Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30
Lúxus VIP kl. 5.30, 8 & 10.30

POLAR EXPRESS SÝND KL. 1.45 m/ísl. tali ★★★ Rás 2

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

DÝRIN Í HÁLSASKÓGI SÝNINGUM LÝKUR Í FEBRÚAR!

■ Stóra sviðið kl. 20.00

DÝRIN Í HÁLSASKÓGI - *Thorbjörn Egner*
Í dag sun. 16/1 kl.14:00 **örfá sæti laus**, sun. 23/1 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**, sun. 30/1 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**. **Fáar sýningar eftir.**

EDITH PIAF - *Sigurður Pálsson*
Í kvöld sun. 16/1 **örfá sæti laus**, lau. 22/1 **uppselt**, sun. 23/1 **örfá sæti laus**, fös. 4/2 **örfá sæti laus**, sun. 13/2 **nokkur sæti laus**, lau. 19/2 **örfá sæti laus**, lau. 26/2 **örfá sæti laus**.

ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA - *Hallgrímur Helgason Leikgerð: Baltasar Kormákur*
Fim. 20/1 **örfá sæti laus**, lau. 29/1 **örfá sæti laus**.
**Aðeins þessar tvær sýningar eftir.**

ÖXIN OG JÖRÐIN - *Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.*
6. sýn. fös. 21/1 **örfá sæti laus**, 7. sýn. fös. 28/1 **örfá sæti laus**, 8. sýn. lau. 5/2 **nokkur sæti laus**, 9. sýn. lau. 12/2 **nokkur sæti laus**.

■ Smíðaverkstæðið kl. 20.00

NÍTJÁNHUNDRUÐ - **Kaffileikhús** - *Alessandro Barrico*
Lau. 22/1 **örfá sæti laus**, lau. 29/1.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ Litla sviðið kl. 20.00

BÖNDIN Á MILLI OKKAR - *Kristján Þórður Hrafnsson*
Fim. 20/1 **örfá sæti laus**, fim. 27/1, lau. 29/1 **nokkur sæti laus**.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **13:00-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **13:00-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**

# [ MÁL ]

MICHAELS JACKSON

# Í vondum málum

Drengurinn sem hefur sakað popparann Michael Jackson um að hafa misnotað sig kynferðislega sagði fyrir rétti í Kaliforníu í fyrra að Jackson hefði fróað honum á heimili Jacksons, Neverland, er drengurinn var 13 ára.

Þetta kemur fram í leynilegum skjölum kviðdómsins í málinu sem ABC-fréttastofan hefur birt. Þar segir drengurinn, sem verður 15 ára á þessu ári, að hann hafi legið í rúmi ásamt Jackson, sem hafi sagt honum að allir karlmenn þyrftu að stunda sjálfsfróun. Því næst fór hann að nudda kynfæri drengsins.

Michael Jackson, sem er 46 ára, hefur vísað ásökunum drengsins á bug og segir hann og fjölskyldu hans einungis ásælast peningana sína. ■



**MICHAEL JACKSON** Michael Jackson er sakaður um að hafa misnotað ungan dreng kynferðislega.

■ KVIKMYNDIR

# Kempur í endurgerð

Stórleikararnir Anthony Hopkins og Morgan Freeman hafa tekið að sér aðalhlutverkin í kvikmyndinni Harry and the Butler. Um er að ræða endurgerð á dönsku myndinni Harry og Kammertjeneren frá árinu 1962.



**ANTHONY HOPKINS** Ætlar að leika í endurgerð danskrar myndar.

Myndin fjallar um tónlistarmann (Freeman) sem má muna fífil sinn fegurri. Þegar hann erfir auðæfi ræður hann þjón (Hopkins) sem hjálpar honum að koma lífi sínu á réttan kjöl.

Leikstjóri Harry and the Butler er Steve Bing, barnsfaðir leikkonunnar Elizabeth Hurley. Nýjasta mynd Hopkins er stórvirkið Alexander eftir Oliver Stone en Freeman er væntanlegur á hvíta tjaldið í myndinni Million Dollar Baby. ■

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*STÓRA SVIÐ*

HÍBÝLI VINDANNA
*leikgerð Bjarna Jónssonar á vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar*
Í kvöld kl 20 - græn kort - UPPSELT
Fö 21/1 kl 20 - blá kort - UPPSELT
Lau 22/1 kl 20 - UPPSELT
Fim 27/1 kl 20 - Aukasýning
Lau 29/1 kl 20 - UPPSELT, Su 30/1 kl 20
Fi 3/2 kl 20 - UPPSELT
Lau 5/2 kl. 20, Sun 6/2 kl 20
Fö 11/2 kl 20, Lau 12/2 kl 20

HÉRI HÉRASON
*e. Coline Serreau*
Su 23/1 kl 20, Fö 28/1 kl 20, Fö 4/2 kl 20

LÍNA LANGSOKKUR
*e. Astrid Lindgren*
Í dag kl 14, Su 23/1 kl 14, Su 30/1 kl 14, Su 6/2 kl 14, Su 13/2 kl 14 *Síðustu sýningar*

ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN
*Fjölskyldusýning*
*THE MATCH, ÆFING Í PARADÍS, BOLTI*
Lau 22/1 kl 14

*NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ*

BELGÍSKA KONGÓ
*e. Braga Ólafsson*
*Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki*
Í kvöld kl 20 - UPPSELT
Fi 20/1 kl 20, Su 23/1 kl 20, Su 30/1 kl 20, Lau 5/2 kl 20 - UPPSELT
*Sýningum lýkur í febrúar*

AUSA eftir Lee Hall
*Í samstarfi við LA*
Fö 21/1 kl 20, Lau 29/1 kl 20, Su 6/2 kl 20
*Ath: Lækkað miðaverð*

SVIK
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Fi 20/1 kl 20, Fö 4/2 kl 20, Su 13/2 kl 20

SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR
*eftir Agnar Jón Egilsson*
Í samstarfi við TÓBÍAS
Frumsýning í kvöld kl 20 - UPPSELT
Lau 22/1 kl 20, Fi 27/1 kl 20, Su 30/1 kl 20
ATH: Bönnuð yngri en 12 ára

Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna
- gildir ekki á barnasýningar

LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA
- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI -
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið
- kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA

Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga,
10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudaga
Miðasölusími 568 8000
midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is

Dansleikur Ásgarði Glæsibæ í kvöld frá kl. 20.00.
HLJÓMSVEITIN KLASSÍK
leikur vinsæl danslög
FÉLAG ELDRI BORGARA

TENÓRINN
fös. 4. feb. kl. 20.00
sun. 13. feb. kl. 20.00
sun. 20. feb. kl. 20.00
Sýningum fer fækkandi

FAÐIR VOR
fös. 21. jan kl. 20.00
lau. 29. jan. kl. 20.00
Sýningum fer fækkandi

IÐNÓ
Miðasala í síma 562 9700
www.idno.is

VODKAKÚRINN
Helga Braga Steinn Ármann
AUSTURBÆR
Fös. 21/01 2005 kl: 20:00 Sæti laus
Lau. 29/01 2005 kl: 20:00 Sæti laus
Pantanir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 virkadaga
www.vodkakurinn.is og www.midi.is

F2
Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga
FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

13 14 15 **16** 17 18 19

**Sunnudagur**

### KVIKMYNDIR

☐ 15.00 Rússneska kvikmyndin **Gulleyjan** frá árinu 1971 verður sýnd í bíósal MÍR að Vatnsstíg 10.

### TÓNLEIKAR

☐ 15.00 **Boston Tufts** sinfóníuhljómsveitin verður með tónleikar í Bláa lóninu ásamt **Öldu Ingibergsdóttur** sópran.

☐ 17.00 Hinir árlegu tónleikar **atrengjasveitasveitar Listaháskóla Íslands** verða haldnir í Neskirkju. Á efnisskránni verða verk eftir Vivaldi, Bach og Mahler.

### LEIKLIST

☐ 20.00 Leikfélagið Tóbías frumsýnir á litla sviði Borgarleikhússins **Saumastofuna 30 árum síðar**, leikverk sem **Agnar Jón Egilsson** leikstjóri hefur unnið upp úr Saumastofu **Kjartan Ragnarsson**.

☐ 20.00 Leikfélag M.H. sýnir **Martröð á jólanótt** í Loftkastalanum.

### FYRIRLESTRAR

☐ 14.00 **Jón Thoroddsen** flytur í Norræna húsinu erindi á vegum Wagnerfélagsins um kenningar kenningar þýska þjóðfélagsgagnrýnandans Theodor Wiesengrund Adorno og skoðanir hans á list Richards Wagners.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.











# Betra er seint en aldrei

[ TÓNLIST ]

UMFJÖLLUN

Ég verð að viðurkenna að ég var hálfsmeykur við The Futureheads áður en ég setti frumraun sveitarinnar á fóninn. Ég er á þeirri skoðun að eins og landslagið er í dag sé ekkert endilega hollt fyrir unga pönkskotna rokksveit að fá samning við stórútgáfu áður en hún gefur út sína fyrstu plötu. Þessi sveit er bresk og óslípuð, ætti heima í hópi með sveitum á borð við Franz Ferdinand, Yeah Yeah Yeahs eða Interpol en engu að síður gefur hún út hjá Sire, sem er putti á hanska Sony Music.

Að fara þessa leið tekur frá henni þann sjarma að eiga sér sögu og grunn til þess að byggja á. En maður verður að leggja það til hliðar, eins og alla aðra fordóma, áður en maður hlustar á plöturnar.

Niðurstaðan er sú að þetta er alveg hin vænsta frumraun. The Futureheads er melódísk en leikur sveitarinnar groddaralegur og heillandi. Þeir minna mig örlítið á íslensku sveitina Jan Mayen, helsti munurinn er að þessi virðist hafa haft vanan upptökustjóra á tökkunum. Enda hefur The Futureheads þykkt seðlaveski á bak við sig.

Ég sá þessa plötu á nokkrum listum yfir plötur síðasta árs. Það er alveg ástæða fyrir því að hún var ekki á mínum. Hljómur sveitarinnar er ekki mjög ferskur. Þessi sveit mætir svolítið seint á svæðið og nú þegar er aragrúi af sveitum sem hljómar eins og þessi. Árið 2005 verður henni þó líklegast viðburðarríkt, því hér er passað upp á að hafa nægilega marga slagara til þess að bjóða rokkþyrstum upp á sem smáskífur.

**Birgir Örn Steinarsson**




**THE FUTUREHEADS:**
THE FUTUREHEADS

**NIÐURSTAÐA:** Frumraun The Futureheads er góð. Hljómur sveitarinnar er ekki mjög ferskur, en sveitin bætir það upp með beittum önglum og góðum flutningi.

TÓNLIST

# Strawberry Field lokað

Munaðarleysingjaheimili Hjálpræðishersins í Liverpool, Strawberry Field, verður lokað einhvern tímann á næstu tveimur árum. Ástæðan er sú að aðeins þrjú börn búa þar og því er ekki lengur grundvöllur fyrir rekstrinum.

Heimilið varð frægt þegar John Lennon samdi lagið Strawberry Fields Forever sem kom út með Bítlunum árið 1967. Lennon lék sér oft á lóð heimilisins, sem var í næsta nágrenni við hans eigið. Lagið var gefið út sem b-hliðarlag á smáskífu með aðallaginu Penny Lane. Komst það í annað sæti breska vinsældalistans og það áttunda á þeim bandaríska.

Í viðtali við Rolling Stone árið 1970 sagði Lennon að Strawberry Fields Forever og lagið Help! hafi verið einu lögin sem hann hafi samið um sjálfan sig. Árið 1979 gaf Lennon forsvarsmönnum heimilisins peninga til að byggja nýja álmu, sem fékk nafnið Lennon Court. Eftir að Lennon var skotinn til bana ári síðar í New York var ákveðið að svæði í Central Park, skammt frá heimili hans, skyldi heita Strawberry Fields. ■



**BÍTLARNIR** Bítlarnir gáfu lagið Strawberry Fields Forever út á smáskífu árið 1967.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikstjórinn **Oliver Stone** er svo leiður yfir gagnrýninni sem hann hefur fengið á nýjustu mynd sína Alexander í Bandaríkunum að hann ætlar að drífa sig til Frakklands í frí. Í myndinni er Alexander sagður tvíkynhneigður og fór það mjög fyrir brjóstið á bandarískum gagnrýnendum.







Rope Yoga
í Mosfellsbæ
www.man.is
s.566-8587
699-6684








Frumsýning 11. febrúar kl. 20 – UPPSELT

TOSCA

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Frumsýning 11. feb. kl.20.00 – UPPSELT – 2. sýning 13.feb. kl. 19.00
3. sýning 18.feb. kl 20.00 – 4. sýning 20. feb. kl. 19.00 – FÁAR SÝNINGAR

Námskeið um Toscu og Puccini hjá Endurmenntun Háskóla Íslands
Skráning í sima: 525 4444 – endurmenntun@hi.is

Miðasala á netinu: www. opera.is

www.opera.is | midasala@opera.is | Sími miðasölu: 511 4200 | ÍSLENSKA ÓPERAN

Miðasalan er opin kl. 14-18 virka daga, kl. 13-18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 virka daga.

## BÍÓRÁSIN

**6.15** Úlfhundurinn Balto 2 **8.00** Brian's Song **10.00** Wide Awake **12.00** Molly **14.00** Úlfhundurinn Balto 2 **16.00** Wide Awake **18.00** Brian's Song **20.00** Collateral Damage (Stranglega bönnuð börnum) **22.00** Terminator 3: Rise of the Mac (Stranglega bönnuð börnum) **0.00** Panic Room (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Heist (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Terminator 3: Rise of the Mac (Stranglega bönnuð börnum)

## AKSJÓN

**7.15** Korter **18.15** Korter **19.15** Korter **20.30** Andlit bæjarins **21.00** Níubíó. Ping **22.15** Korter

## OMEGA

**18.30** Miðnæturhróp C. Parker Thomas **19.00** Believers Christian Fellowship **20.00** Fíladelfía **21.00** Sherwood Craig **21.30** Ron Phillips **22.00** Samverustund **23.00** Robert Schuller **0.00** Gunnar Þorsteinsson (e) **0.30** Nætursjónvarp Blönduð innlend og erlend dagskrá

## POPP TÍVÍ

**7.00** Meiri músík **17.00** Game TV (e) **20.00** Popworld 2004 (e) **21.00** Íslenski popp listinn (e) **23.00** Meiri músík

# Í TÆKINU

**ARNOLD LEIKUR Í TERMINATOR 3 KL. 22.00 Á BÍÓRÁSINNI Í KVÖLD.**

## *Fullkomnasti maður í sögu heimsins*

Arnold Alois Schwarzenegger fæddist 30. júlí árið 1947 í Thal í Austurríki. Hann aldist upp í Thal, sem er lítill og einangraður bær, en sneri sér fljótt að vaxtarrækt til að bæta líf sitt. Hann vann titilinn herra Alheimur sjö sinnum, frá 1970 til 1975 og árið 1980. Eftir það fór hann til Bandaríkjanna og reyndi að slá í gegn í kvikmyndum. Hann fékk bandarískan ríkisborgararétt árið 1983 en nafnið og sterkur hreimur hindruðu að hann fengi einhver alvöru hlutverk. Það var ekki fyrr en myndin Conan the Barbarian var gerð sem Schwarzenegger lét ljós sitt skína. Hann varð alþjóðleg bíóstjarna eftir að hann lék í nokkrum svipuðum myndum þar sem mikið var um hraða, spennu og slagsmál. Seinna lét hann leiðast í léttari og gamansamari hlutverk og hefur með tímanum orðið ein vinsælasta kvikmyndastjarna heims.



Schwarzenegger tilkynnti framboð sitt til ríkisstjóra Kaliforníu strax árið 1992. Draumurinn rættist 7. október 2003 og situr hann enn við völdin í ríkinu. Schwarzenegger hefur verið giftur Mariu Shriver síðan 26. apríl árið 1986 og eiga þau fjögur börn; Katherine, Christina, Patrick og Christopher. Schwarzenegger er dáður og dýrkaður í heimalandi sínu og heitir íþróttaleikvangur í Graz í Austurríki eftir honum. Heimsmetabók Guinness valdi vöðvabúntið fullkomnast byggða mann í sögu heimsins, hvorki meira né minna. ■

**Þrjár bestu myndir Arnolds:** **Conan the Barbarian** – 1982. **The Terminator** – 1994. **True Lies** – 1994.





# Benidorm

## Glæsilegar ferðir fyrir eldri borgara

## 31. mars og 25. apríl

## Hotel Mediterraneo ☆☆☆☆

**Nýtt og glæsilegt hótel með hálfu fæði**



Heimsferðir bjóða nú nýtt og glæsilegt 4 stjörnu hótel á Benidorm, Hotel Mediterraneo. Frábært hótel, sem er vel staðsett og með einum besta aðbúnaði á Benidorm. Herbergi eru ríkulega búin, öll með sjónvarpi, síma, loftkælingu, minibar og öryggishólfi. Glæsilegur veitingastaður og bar á jarðhæð. Stór og fallegur garður með stórum sundlaugum, að auki er innisundlaug, líkamsrækt, sauna, heitir pottar og sameiginleg tómstundaaðstaða. Sannarlega glæsileg aðstaða fyrir farþega Heimsferða.

**Frá 69.190 Kr.**
Á mann í tvíbýli með hálfu fæði, 18 nætur á Hotel Mediterraneo, 31. mars

**Frá 73.890 Kr.**
Á mann í tvíbýli með hálfu fæði, 23 nætur á Hotel Mediterraneo, 25. apríl

**Aðrir gististaðir einnig í boði.**

**Innifalið í verði:** Flug, gisting, skattar og íslensk fararstjórn.
Aukavika (í ferð 25. apríl), kr. 14.200 á mann.
Viðbótarkostnaður fyrir fullt fæði (valkvætt), kr. 450 á mann á dag.
Ferðir til og frá flugvelli, kr. 1.800

ENNEMM / SIA / NM14825

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík
Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • www.heimsferdir.is




▶ **20.00** *Fræðsla*

How Do You Like Iceland? Ný heimildarmynd þar sem tekið er tal á fólki sem hefur komið til Íslands og hvað því fannst um landið.



▶ **00.00** *Verðlaun*

Golden Globe verðlaunahátíðin. Allar stjörnurnar mæta á hátíðina í kvöld en hún er haldin í 62. sinn.



▶ **11.55** *Spjall*

Sunnudagsþátturinn. Pólitískur þáttur í umsjón Illuga Gunnarssonar, Katrínar Jakobsdóttur, Ólafs Teits og Guðmundar Steingrímssonar.

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Kátur **8.27** Fallega húsið mitt **8.34** Bjarnaból **9.00** Disneystundin **9.01** Stjáni **9.23** Sígildar teiknimyndir **9.30** Líló og Stitch **9.56** Brummi **10.07** Ketill **10.23** Konstansa **10.31** Villi spæta **10.55** Rannsóknir á Suðurskautslandinu **11.45** Spaugstofan

**12.10** Mósaík **12.45** Regnhlífarnar í New York (1:10) **13.25** Njála **14.20** Útlínur **14.50** Pompei – Síðasti dagurinn **15.45** Stallsystur **17.20** Óp **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30** **Tvíburarnir (3:3)** (Tvillingerne)Leikin dönsk þáttaröð.

**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**

**19.35** **Kastljósið**

▶ **20.00** **How Do You Like Iceland?** Mynd eftir Kristínu Ólafsdóttur. Myndin er byggð á viðtölum við álitsgjafa af ýmsu þjóðerni sem eiga það eitt sameiginlegt að hafa komið oft til Íslands og hafa skoðanir á okkur.

**21.10** **Myrkrahöfðinginn (2:4)** Myndaflokkur í fjórum þáttum byggður á atburðum úr píslarsögu Jóns Magnússonar. Leikstjóri er Hrafn Gunnlaugsson og í helstu hlutverkum eru Hilmir Snær Guðnason, Sara Dögg Ásgeirsdóttir, Guðrún Kristín Magnúsdóttir, Hallgrímur H. Helgason og Alexandra Rapaport. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**22.05** **Helgarsportið**

**22.30** **Dýragarðsvörðurinn** (The Zookeeper) Bíómynd frá 2001 um dýragarðsvörð í stríðshrjáðu landi. Þegar óvinahersveitir gera innrás flýja flestir bæjarbúar en hann verður eftir til að sinna dýrunum. Leikstjóri er Ralph Ziman og meðal leikenda eru Sam Neill, Gina McKee og Ulrich Thomsen. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára.

**0.10** Kastljósið **0.30** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Kolli káti, Svampur, Pingu, Leirkarlarnir, Litlir hnettir, Kýrin Kolla, Vaskir Vagnar, Vélakrílin, Smá skrítnir foreldrar, Könnuðurinn Dóra, Batman, Hálendingurinn, Galidor, Shin Chan, Lizzie McGuire, Scooby Doo, Froskafjör) **11.35** Game TV

**12.00** Silfur Egils **13.30** Neighbours **14.50** Extreme Makeover (21:23) (e) **15.35** Summerland (10:13) (e) **16.15** Amazing Race 6 (1:15) (e) **17.05** Amazing Race 6 (2:15) (e) **17.45** Oprah Winfrey

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**

**19.15** **Home Improvement** (Handlaginn heimilisfaðir 1)Tim Taylor er hinn pottþétti fjölskyldufaðir.

**19.40** **Whose Line Is it Anyway?** (Hver á þessa línu?) Kynnir er Drew Carey og hann fær til sín ýmsa kunna grínista.

**20.05** **Sjálfstætt fólk** (Sjálfstætt fólk 2004-2005) Jón Ársæll Þórðarson leitar uppi forvitnilegt fólk á öllum aldri og verður vel ágengt. Í hverri viku er kynntur til sögunnar skemmtilegur viðmælandi sem hefur frá mörgu að segja.

**20.40** **The Apprentice 2 (15:16)** (Lærlingur Trumps) Hér kemur saman hópur fólks úr ýmsum áttum, bæði menntamenn og ófaglærðir, og keppir um draumastarfið hjá milljarðamæringnum Donald Trump. 18 þátttakendum er falið að leysa krefjandi verkefni sem lúta að heimi viðskiptanna.

**21.25** **Cold Case 2 (3:24)** (Óupplýst mál) Myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar í morðdeildinni í Fíladelfíu. Hún fær öll óleystu málin í hendurnar. Bönnuð börnum.

**22.15** **Nip/Tuck 2 (9:16)** (Klippt og skorið) Lýtalæknarnir Sean og Christian þurfa ekki að kvarta. Samkeppnin er hörð í þessum bransa en félagarnir hafa meira en nóg að gera. Stranglega bönnuð börnum.

**23.00** 60 Minutes ▶ **0.00** Golden Globe Awards Preshow **1.00** Golden Globe Awards 2005 **4.00** Fréttir Stöðvar 2 **4.45** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**9.30** Yes, Dear (e) **10.00** Still Standing (e) **10.30** NÝTT – The Simple Life 2 (e) **11.00** The Bachelorette (e) ▶ **11.55** Sunnudagsþátturinn

**13.00** Judging Amy (e) **14.00** Middlesbrough – Everton **16.00** Fulham – WBA **18.00** Innlit/útlit (e)

**19.00** **Fólk – með Sirrý (e)** Sirrý tekur á móti gestum í sjónvarpssal og slær á létta jafnt sem dramatíska strengi í umfjöllunum sínum um það sem hæst ber hverju sinni.

**20.00** **Bingó** Skjár einn býður áhorfendum í Bingó í vetur. Á sunnudagskvöldum sýnir Skjár einn bingóþátt fyrir alla fjölskylduna í umsjón hins geðþekka Vilhelms Antons Jónssonar, sem betur er þekktur sem Villi Naglbítur. Áhorfendum gefst kostur á að fara á netið www.s1.is og prenta endurgjaldslaust út eins mörg bingóspjöld og þeir treysta sér til að hafa augu.

**20.35** **According to Jim** Jim Belushi fer með hlutverk hins nánast óþolandi Jims.

**21.00** **Law & Order: SVU**

**21.50** **The Long Firm** Þættir gerðir eftir samnefndri skáldsögu rithöfundarins Jake Arnott. Þættirnir fjalla um svindlarann Harry Stark og sögusviðið er London á sjöunda áratug síðustu aldar.

**22.40** **Helena af Tróju (e)** Gríska þokkagyðjan Helena varð ástfangin af hinum fagra Paris sem nam hana á brott með sér til Tróju. Eiginmaður Helenu varð ekki hrifinn og virkjaði flota Grikkja til að endurheimta frúna. Flotanum varð lítið ágengt en þegar Ódysseifur kynnti snilldaráætlun sína um Trójuhestinn komst hreyfing á hlutina.

**23.30** The Handler (e) **0.15** Óstöðvandi tónlist

## ERLENDAR STÖÐVAR

### SKY NEWS

**8.00** Sunrise **10.00** Sunday with Adam Boulton **11.00** News on the Hour **17.00** Live at Five **19.00** News on the Hour **22.00** SKY News at Ten **22.30** SKY News **23.00** News on the Hour **0.30** CBS News **1.00** News on the Hour **2.00** Sunday with Adam Boulton **3.00** News on the Hour **5.30** CBS News

### CNN

**8.00** World News **8.30** Diplomatic License **9.00** Larry King **10.00** World News **10.30** World Sport **11.00** World News **11.30** The Daily Show With Jon Stewart: Global Edition **12.00** World News **12.30** People In The News **13.00** World News **13.30** World Report **14.00** World News **14.30** Diplomatic License **15.00** World News **15.30** World Sport **16.00** World News **16.30** Diplomatic License **17.00** Late Edition **19.00** World News **19.30** Design 360 **20.00** World News **20.30** MainSail **21.00** Global Challenges **21.30** World Sport **22.00** World News **22.30** The Daily Show with Jon Stewart: Global Edition **23.00** CNN Today **23.30** World Sport **0.00** CNN Today **2.00** Larry King Weekend **3.00** World News **3.30** Diplomatic License **4.00** World News **4.30** World Report

### EUROSPORT

**7.30** Rally: Rally Raid Dakar **8.00** Ski Jumping: World Cup Kulm / Bad Mitterndorf Austria **8.45** Alpine Skiing: World Cup Wengen Switzerland **9.45** Alpine Skiing: World Cup Cortina d'ampezzo Italy **11.00** Biathlon: World Cup Ruhpolding Germany **11.45** Alpine Skiing: World Cup Wengen Switzerland **12.30** Cross-country Skiing: World Cup Nove Mesto Czech Republic **13.00** Biathlon: World Cup Ruhpolding Germany **13.45** Football: EFES Pilsen Cup **15.15** Cross-country Skiing: World Cup Nove Mesto Czech Republic **16.00** Ski Jumping: World Cup Kulm / Bad Mitterndorf Austria **17.30** Fight Sport: Fight Club **19.00** Football: EFES Pilsen Cup **21.00** All sports: WATTS **21.30** Rally: Rally Raid Dakar **22.15** Tennis: Tennis Stories **22.30** News: Eurosportnews Report **22.45** Tennis: Tennis Stories **23.00** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open

### BBC PRIME

**7.30** To Buy or Not to Buy **8.00** Cash in the Attic **8.30** Ready Steady Cook **9.15** Antiques Roadshow **9.45** Bargain Hunt **10.15** Flog It! **11.00** Classic EastEnders **11.30** Classic EastEnders **12.00** EastEnders Omnibus **12.30** EastEnders Omnibus **13.00** EastEnders Omnibus **13.30** EastEnders Omnibus **14.00** Teletubbies **14.25** Tweenies **14.45** Bits & Bobs **15.00** Zingalong **15.15** Tikkabilla **15.35** Stitch Up **16.00** Sahara **17.00** Keeping up Appearances **17.30** Yes Minister **18.00** Changing Rooms **18.30** Location, Location, Location **19.00** Born and Bred **19.50** No Going Back **20.50** Safe as Houses **21.50** Top Gear Xtra **22.50** Hollywood Inc **23.40** A Little Later **0.00** Landscape Mysteries **0.30** Castles of Horror **1.00** Rebels and Redcoats: The American Revolutionary War **2.00** Japanese Language and People **2.30** Spain On a Plate **3.00** The Money Programme **3.30** The Money Programme **4.00** Follow Me **4.15** Follow Me **4.30** Kids English Zone

### NATIONAL GEOGRAPHIC

**15.00** Hostile Waters **17.00** Submarines, Secrets and Spies **18.00** Shark Business **19.00** The Volcano That Blew the World Away **20.00** Frontlines of Construction: Top Ten **21.00** Air Crash Investigation: Flying On Empty **22.00** Interpol Investigates: Lethal Obsession **23.00** Seconds from Disaster: Flood At Stava Dam **0.00** Return to Titanic **1.00** Tomasz Tomaszewski

### ANIMAL PLANET

**16.00** Mad Mike and Mark **17.00** Keepers **17.30** Keepers **18.00** Profiles of Nature **19.00** Animals A-Z **19.30** Animals A-Z **20.00** Animals A-Z **20.30** Animals A-Z **21.00** Killer Bees – Taming the Swarm **22.00** Pet Powers **22.30** Pet Powers **23.00** Untamed Earth **0.00** Gorilla, Gorilla **1.00** Animals A-Z **1.30** Animals A-Z **2.00** Animals A-Z **2.30** Animals A-Z **3.00** O'Shea's Big Adventure **4.00** Mad Mike and Mark

### DISCOVERY

**16.00** Industrial Revelations – The European Story **16.30** Industrial Revelations – The European Story **17.00** Walking With Dinosaurs **18.00** Blueprint for Disaster **19.00** American Chopper **20.00** Manapouri – The Toughest Tunnel **21.00** Point of No Return **22.00** Extreme Engineering **23.00** American Casino **0.00** True Horror **1.00** Incredible Medical Mysteries **2.00** Hooked on Fishing **2.30** Rex Hunt Fishing Adventures **3.00** Globe Trekker **4.00** Nature's Invisible Killer

### MTV

**8.00** European Top 20 **9.00** Top 10 at Ten **10.00** MTV Jammed **10.30** American Rock **11.00** Linkin Park VS Jay Z **11.30** MTV Live **12.00** American Rock **12.30** Greenday Makes A Video **13.00** Making the Video **13.30** Lenny Kravitz Opening Night **14.00** American Rock **14.30** MTV Jammed **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Punk'd **17.00** So '90s **18.00** World Chart Express **19.00** Dance Floor Chart **20.00** MTV Making the Movie **20.30** Wild Boyz **21.00** Top 10 at Ten **22.00** MTV Live **23.00** Just See MTV

### VH1

**9.00** Then & Now **9.30** VH1 Classic **10.00** Disco Classics Top 10 **11.00** Smells Like the 90s **11.30** MTV at the Movies **12.00** Fabulous Life Of **12.30** Fabulous Life Of **13.00** Fabulous Life Of **13.30** Fabulous Life Of **14.00** Fabulous Life Of **14.30** Fabulous Life Of **15.00** Fabulous Life Of **15.30** Fabulous Life Of **16.00** Fabulous Life Of **16.30** Fabulous Life Of **17.00** Fabulous Life Of **17.30** Fabulous Life Of **18.00** Fabulous Life Of **18.30** Fabulous Life Of **19.00** Fabulous Life Of **19.30** Fabulous Life Of **20.00** Fabulous Life Of **20.30** Fabulous Life Of **21.00** Fabulous Life Of **21.30** Fabulous Life Of **22.00** MTV at the Movies **22.30** Exit

### CARTOON NETWORK

**7.30** Ed's 60 **8.20** Codename: Kids Next Door **8.45** The Grim Adventures of Billy & Mandy **9.10** The Powerpuff Girls **9.35** Spaced Out **10.00** Dexter's Laboratory **10.25** Courage the Cowardly Dog **10.50** Time Squad **11.15** Sheep in the Big City **11.40** Evil Con Carne **12.05** Top

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## SILFUR EGILS

*Stöð 2* **kl. 12.00**

***Hægt er að nálgast Silfur Egils á veftíví á visir.is.***

### *Viðburðarík vika*

Meðal gesta í Silfri Egils á sunnudag eru umdeildasti stjórnmálamaður Íslands um þessar mundir, Alfreð Þorsteinsson, Hjörleifur Guttormsson, sem vann sigur á stórvirkjanavaldinu í vikunni, og listamaðurinn Þórður Ben Sveinsson, sem hefur stórmerkilegar hugmyndir um framtíð Reykjavíkur. Aðrir gestir eru til dæmis Stefán Jón Hafstein borgarfulltrúi og Páll Vilhjálmsson blaðamaður. Meðal þess sem væntanlega ber á góma eru hræringar í fjölmiðlaheiminum, deilur um Kárahnjúkavirkjun og Reyðarál, órói innan Framsóknarflokksins, væntanlegt leiðtogakjör í Samfylkingu, ýmsar merkar yfirlýsingar Davíðs Oddssonar frá því um síðustu helgi, listi staðfastra þjóða, ESB, breytingar á stjórnarskrá og Íslendingar og fræga fólkið. Umsjónarmaður er Egill Helgason að vanda.



Egill fær góða gesti í heimsókn til sín í hádeginu í dag.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Conrad. Let's have a great Christmas. Let's have... a great year. Let's have the best year of our whole lives. We can, you know... this could be the best one ever."**

**Svar:** Karen úr kvikmyndinni Ordinary People frá árinu 1980.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**8.07** Morgunandakt **8.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **9.03** Lóðrétt eða lárétt **10.13** Fornsagnaslóðir **11.00** Guðsþjónusta í Neskirkju

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Útvarpsleikhúsið: Sesselja Agnes **14.00** Stofutónlist á sunnudegi **15.00** Silfurplötur Iðunnar **16.10** Helgarvaktin

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Seiður og hélog **19.00** Íslensk tónskáld **19.40** Íslenskt mál **19.50** Óskastundin **20.35** Sagnaslóð **21.15** Laufskálinn **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Af minnisstæðu fólki **23.00** Úr Gráskinnu **23.10** Silungurinn

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.00** Fréttir **7.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Sunnudagskaffi **14.00** Helgarútgáfan **16.08** Rokkland

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **20.00** Sunnudagskaffi **22.10** Hljómalind **0.10** Ljúfir næturtónar

**2.03** Auðlindin **2.10** Næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Reykjavík Síðdegis - Það Besta Úr Vikunni **9.00** Sunnudagsmorgunn á Bylgjunni

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** N á tali hjá Hemma Gunn

**18.30** Kvöldfréttir **19.00** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**11.03** Rósa Ingólfsdóttir - endurflutningur.

**13.00** Menningaþátturinn endurfl. **15.00** LÓLA RÓS (framhaldssaga)

**16.00** Endurflutningur frá liðnum degi.



**15.55 & 21.50**

*Íþróttir*

**Ameríski fótboltinn. Allir stórleikir í NFL deildinni eru í beinni á Sýn en í leikjum dagsins mætast fjögur af bestu liðunum.**

## SÝN

**10.45** US PGA Tour 2004 **11.40** Spænski boltinn

**13.20** NFL-tilþrif **13.50** Ítalski boltinn. Bein útsending frá ítalska boltanum. **15.55** Ameríski fótboltinn. Bein útsending frá úrslitakeppni NFL. **18.20** World Series of Poker

**19.50 Spænski boltinn** (La Liga)Bein útsending frá spænska boltanum en um helgina mætast eftirtalin félög: Albacete – Racing, Bilbao – Espanyol, Barcelona – Sociedad, Betis – Mallorca, Deportivo – Numancia, Real Madrid – Zaragoza, Getafe – Atl. Madrid, Levante – Villarreal, Osasuna – Valencia og Malaga – Sevilla.

**21.50 Ameríski fótboltinn** (NFL 04/05) Bein útsending frá úrslitakeppni NFL.

Cat **12.30** Looney Tunes **12.55** Tom and Jerry **13.20** The Flintstones **13.45** Scooby-Doo **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** The Powerpuff Girls **15.00** Codename: Kids Next Door **15.25** Dexter's Laboratory **15.50** The Powerpuff Girls **16.15** Courage the Cowardly Dog **16.40** The Grim Adventures of Billy & Mandy **17.05** Scooby-Doo **17.30** Looney Tunes **17.55** Tom and Jerry **18.20** The Flintstones **18.45** Wacky Races

### FOX KIDS

**7.15** Digimon II **7.40** Pokémon **8.05** Spider-Man **8.30** Medabots **8.55** NASCAR Racers **9.20** Eerie, Indiana **9.45** Black Hole High **10.10** So Little Time **10.35** Princess Sissi **11.05** Braceface **11.30** Lizzie Mcguire **11.55** Totally Spies **12.20** Digimon I **12.45** Inspector Gadget **13.10** Iznogoud **13.35** Life With Louie **14.00** Three Friends and Jerry II **14.15** Hamtaro **14.40** Ubos **15.05** Goosebumps **15.30** Goosebumps

### MGM

**7.40** Boy, Did i Get a Wrong Number **9.20** The Hills Run Red **10.50** Something Wild **12.45** Thrashin' **14.15** Death Rides a Horse **16.10** Report to the Commissioner **18.00** Till There Was You **19.30** Who Was Geli Bendl? **21.00** Convicts **22.35** Ring of the Musketeers **0.00** Pork Chop Hill **1.40** Eureka

### TCM

**20.00** Mutiny on the Bounty **22.55** White Heat **0.45** Hotel Paradiso **2.25** Dark of the Sun **4.05** Ride Him, Cowboy

### HALLMARK

**8.00** Barbara Taylor Bradford: To Be the Best **9.45** The Wishing Tree **11.30** McLeod's Daughters **12.15** Tidal Wave: No Escape **13.45** Trail To Hope Rose **15.15** Barbara Taylor Bradford: To Be the Best **17.00** The Wishing Tree **18.45** McLeod's Daughters **19.30** A Place Called Home **22.45** Scarlett




## HRÓSIÐ



... *fá allir þeir sem lögðu hönd á plóginn og létu gott af sér leiða með söfnunarátakinu Neyðarhjálp úr norðri.*

## HIN HLIÐIN

HIN HLIÐIN Á JÓNI SÆMUNDI AUÐARSYNI MYNDLISTARMANNI

# Komst að því að lífið væri ekki endalaust

**Hvernig ertu núna?** Nývaknaður.
**Augnlitur:** Brúnn en fer dofnandi með árunum.
**Starf:** Myndlistarmaður.
**Stjörnumerki:** Tvíburi og api.
**Hjúskaparstaða:** Í sambúð.
**Hvaðan ertu?** Ég er ættaður úr Fljótunum, Snæfellsnesinu, Danmörku og Þýskalandi.
**Helsta afrek:** Tvíburastrákarnir mínir.
**Helstu veikleikar:** Nöldur.
**Helstu kostir:** Fljótur að fyrirgefa.
**Uppáhaldssjónvarpsþáttur:** Survivor.
**Uppáhaldsútvarpsþáttur:** Víðsjá.
**Uppáhaldsmatur:** Íslenskt lamb.
**Uppáhaldsveitingastaður:** Hótel mamma.
**Uppáhaldsborg:** New York og Reykjavík.
**Mestu vonbrigði lífsins:** Þegar ég komst að því að lífið væri ekki endalaust.
**Áhugamál:** Dead.
**Viltu vinna milljón?** Já, já.
**Jeppi eða sportbíll?:** Bæði.
**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?** Dýralæknir og myndlistarmaður.
**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Það er konan mín.
**Hver er kynþokkafyllst(ur)?** Hafsteinn Michael, myndlistarmaður.
**Trúir þú á drauga?** Já, já.
**Hvaða dýr vildirðu helst vera?** Fiðrildi.
**Hvaða dýr vildirðu ekki vera?** Krókódíll.
**Áttu gæludýr?** Já, tvo ketti.
**Besta kvikmynd í heimi:** Fyrsta kvikmyndin.
**Besta bók í heimi:** Síðasta bókin.
**Næst á dagskrá:** Dáið lamb.




ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA
20-50%
Hjörtur Nielsen




**ÞÓRARINN HELGASON AÐ STÖRFUM VIÐ HVALFJARÐARGÖNG** Alls hafa átta fyrrverandi starfsmenn Akraborgarinnar heilsað ferðalöngum úr lúgunni í gjaldskýlinu við göngin, en nú starfa þau þar þrjú; tveir karlar og ein kona. Þórarinn segir Akraborgina hafa verið besta vinnustaðinn í lífi sínu.

**ÞÓRARINN HELGASON:** VÖRÐUR Í GJALDSKÝLINU VIÐ HVALFJARÐARGÖNG

# Kunnuglegt andlit úr Akraborginni

Andlit Þórarins Helgasonar gjaldvarðar í gjaldskýlinu við Hvalfjarðargöng er mörgum kunnugt sem átt hafa leið upp á Skaga eða vestur um land. Þórarinn starfaði í fimmtán ár sem háseti á Akraborginni áður en ferðum hennar var hætt.

„Akraborgin var besti vinnustaður sem ég hef unnið á. Ég hafði áður verið til sjós til margra ára, bæði á fiski- og millilandaskipum, en nú er ég orðinn sáttur við að vinna í landi,“ segir Þórarinn og bætir við að þótt langan tíma hafi tekið að jafna sig á Akraborginni séu menn komnir yfir það núna.

„Stjórn Skallagríms, sem gerði út Akraborgina, fór fram á það við Spöl að starfsmenn fengju vinnu hjá fyrirtækinu, en Spölur gerði kröfu um að ferðir Akraborgarinnar legðust niður þegar Hvalfjarðargöngin voru opnuð 1998,“ segir Þórarinn, en alls hafa átta starfsmenn af Akraborginni unnið í gjaldskýlinu frá upphafi; fimm þegar flest var og nú eru þau þrjú.

„Munurinn á starfinu er gríðarlegur; bæði launalega og svo öll vinnubrögð og umhverfi,“ segir Þórarinn, sem hjólaði þessa tíu kílómetra niður í gjaldskýlið fyrsta sumarið, en kennir sposkur eilífri norðanáttinni um að hjólreiðatúrarnir lögðust af.

„Það er aldrei tími til að spjalla nema umferð sé hæg. Menn heilsast og kveðjast, maður sér ný og gömul andlit, en ferðalöngum þykir gott að sjá kunnuglegt andlit í glugganum. Á ferðalögum um landið er líka kastað á mann kveðju, sem þá eru gamlir viðskiptavinir úr Akraborginni eða héðan úr lúgunni.“

Hvalfjarðargöngin eru 5,7 kílómetra löng og þótt ekki taki nema fimm mínútur að keyra þau lenda margir í vandræðum á hafsbotni. „Við förum mikið niður í göngin að greiða úr vandræðum ökumanna. Togum menn upp þegar bílarnir bila, verða bensínlausir, á þeim springa dekk eða þeir lenda utan í berginu, en hér hafa aldrei orðið slys á fólki og sárafá meiriháttar tjón, miðað við mikla umferð,“ segir Þórarinn, sem vinnur sex vaktir á fimm dögum og fær svo fimm daga frí.

„Um helgar og á nóttunni kemur alltaf fyrir að menn ættu alls ekki að sitja undir stýri og þá lætur maður auðvitað vita af því strax. Svo er alltaf eitthvað um að menn keyri ótrauðir í gegn, en hér er allt í upptökum og bílnúmerið í myndavél, sem svo endar með sekt.“

Og þótt lúgur séu á gjaldskýlinu eru engar sjoppuveitingar seldar þaðan. „En það er oft spurt og börnin suða svolítið þegar bílinn stoppar við lúgu. Við tökum með okkur nesti og höfum hérna afdrep með kaffivél og örbylgjuofni. Maður er sem betur fer hérna alveg niðri í flæðarmáli og með fallegt útsýni til Reykjavíkur og getur rekið nefið út um gluggann, en yfirleitt er enginn tími til að standa upp og fara út,“ segir Þórarinn og teygir úr sér. Tími kominn á góðan molasopa.

thordis@frettabladid.is

# Spjallað við kvikmyndaleikstjóra

Sjónvarpsþátturinn Taka tvö hefur göngu sína í Ríkissjónvarpinu á morgun. Stjórnandi þáttanna er Ásgrímur Sverrisson kvikmyndagerðarmaður og fær hann til sín einn leikstjóra í hverjum þætti. „Þetta eru tíu þættir og í hverjum þætti ræði ég við einn íslenskan kvikmyndaleikstjóra. Við tölum um hugmyndirnar á bak við verkin þeirra, förum í ítarlegt spjall um myndirnar og ræðum fram og til baka um hvernig gekk að koma hugmyndunum á tjaldið. Við ræðum um upphaflega hugmynd og lokaútkomuna,“ segir Ásgrímur.

Ásgrímur velur svo myndskeið frá hverjum og einum leikstjóra sem sýnd verða í þættinum. „Fyrsti leikstjórinn sem ég ræði við er Þráinn Bertelsson.“ Þráinn hefur leikstýrt ófáum kvikmyndum og má þar helst nefna fyrstu mynd hans; Jón Odd og Jón Bjarna. Einnig eru þekktar Dalalíf, Nýtt líf, Einkalíf, Sigla himinfley og fleiri.

„Þetta eru í rauninni spjallþættir með ýmsum myndskeiðum, pælingum og vangaveltum. Ég vona bara að fólk hafi gaman af. Ég er sjálfur á því að skemmtilegt sé að hlusta á listamenn ræða hugmyndir sínar.“ Aðrir leikstjórar sem rætt er við í þáttunum eru Hilmar Oddsson, Hrafn Gunnlaugsson, Guðný Halldórsdóttir, Friðrik Þór Friðriksson, Gísli Snær Erlingsson, Kristín Jóhannesdóttir, Þorsteinn Jónsson, Ágúst Guðmundsson og Óskar Jónasson. Dagskrárgerð annast Jón Egill Bergþórsson. ■



**ÁSGRÍMUR SVERRISSON** Stjórnar þættinum Taka tvö sem hefur göngu sína á morgun. Þar ræðir hann við ýmsa leikstjóra um kvikmyndir sínar.

allt - sem þig vantar
Smáauglýsingasíminn er 550 5000
auglysingar@frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ



Líkamsrækt

Gleðilegt ár

# Þinn tími er kominn!

Dansrækt JSB er staður fyrir konur á öllum aldri.
Fjölbreyttir tímar eru í boði:

**JSB 1**:
Alhliða líkamsþjálfun. Jöfn áhersla á þol-, styrktar- og liðleikaþjálfun.

**JSB 2**:
Alhliða líkamsþjálfun. Fyrir vanar konur.

**JSB 3**:
Pallatími. Áhersla á þolþjálfun.

**JSB 4**:
Styrktarþjálfun. Unnið með þyngd s.s. lóð, stangir og teygjur.

**JSB 5**:
Liðleikaþjálfun.

**Hatha Yoga**:
Opnir yogatímar.

**Suðræn sveifla**:
Salsa og suðræn stemning, sjóðheitir tímar!

Sjá nánari upplýsingar á www.jsb.is

**Janúartilboð:**
**30% afsláttur af 3ja mánaða kortum**

***Vertu velkomin í okkar hóp!***

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

www.jsb.is

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732*

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun JSB 800-05

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**Dreifing:** 515 7520 **Auglýsinga- og markaðsdeild:** 550 5010 – fax 550 2727, auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000









BAKÞANKAR

ÞORBJARGAR S. GUNNLAUGSDÓTTUR

## Ofmönnuð hjónasæng

Díana prinsessa heitin komst einhverju sinni svo að orði að ástæða þess að hjónaband hennar og Karls fór út um þúfur hefði verið sú að í hjónabandinu voru þrír aðilar. Camillu Parker–Bowles var að hennar mati ofaukið. Með tímanum hefur heimurinn þó orðið þess áskynja að ekki var rúm fyrir Díönu í Buckingham.

**REYKJAVÍKURLISTINN** glímir við sama vanda. Hjónasængin er ofmönnuð. Þrír aðilar í parasambandi kann ekki góðri lukku að stýra. Í hjúskaparsáttmála Reykjavíkurlista er að auki gert fyrir óháðum fulltrúa. Bastarði sem enginn á. Og enn eykst flækjan þegar fjórði aðilinn smeygir sér undir sængina, eins og virðist raunin með Hvítasunnusöfnuðinn. Vandamálin hafa stigmagnast eftir að húsfreyjan var rekin að heiman. Jafnvel þó að nýrri húsfreyju hafi fljótlega verið teflt fram vissu allir hver hennar staða var. Þórólfur var í hlutverki seinni maka. Huggulegur og frísklegur en augljós staðgengill. Bóla sem springur. Nú reynir svo á nýju stjúpmömmuna.

**ÞAÐ ÞARF EKKI** ýkja frjótt ímyndunarafl til að sjá tengsl Reykjavíkurlista og Windsorættar. Í báðum fjölskyldum eru furðulegir fjölskyldumeðlimir sem eyða langt um efni fram á kostnað annarra. Menn sem reisa rándýrar hallir án sýnilegs tilgangs. Þrír jarlar fyrirfinnast að auki í ráðhúsinu. Enginn veit hvað svoleiðis menn gera. Þeir bara eru þarna. Oft í vafasömum rekstri.

**ÞEIR ERU TIL** sem segja að Reykjavíkurlistinn hafi runnið sitt skeið á enda og að fjölskyldumeðlimir eigi að spreyta sig sjálfir. Því hefur líka verið haldið fram um konungsfjölskylduna. Hún stendur þó slíkt tal af sér. Það sama gildir um Reykjavíkurlistann. Borgarmálin verða aldrei leiðinleg á meðan fjölskyldan Reykjavík er við völd. Borgarbúar geta þá dundað sér við að lesa um svik og pretti í dagblöðunum, hver tekur framhjá hverjum og um það hver ætlar að heiman og hver ekki. Rétt eins og þegar Díana og Karl skildu. Þrátt fyrir að allir vissu að hjónabandinu væri lokið hélt sagan endalausa áfram. ■





